

SVONA ER HARPA
tónlistarhús 48




Beint lýðræði
stjórnsmál 26



spottið 16



Margt smátt ...
fylgir Fréttablaðinu í dag!



Hjálparstarf
kirkjunnar

FRÉTTABLAÐIÐ

Helgarblað

30. apríl 2011
99. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

REST LESNA
DAGLAÐ & ISLANDI*
10
ÁRA
2001 - 2011

*Sambærnt sammiðlaðarinn. Censored Collar sjólar - mars 2011



Alltaf gaman í vinnunni

Jón Stefánsson var sautján ára þegar hann hóf störf í Langholtskirkju.

fólk 24



Tímalausar sögur

Þýddar teiknimyndasögur frá Sigluffjarðarprenti lifa enn með þjóðinni.

teiknimyndasögur 34

Borðar vel fyrir æfingar

Hreimur og félagar í Vinum Sjonna fljúga til Þýskalands á morgun.

krakkasíðan 56

3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu
Heimili&hönnun | Allt | Allt atvinna



KONUNGLEGUR KOSS Vilhjálmur Bretaprins og Kate Middleton gengu í hjónaband að viðstöddu fjölmenni í Westminster Abbey í gær og verða nú þekkt sem hertoginn og hertogaynjan af Cambridge. „Þú ert gullfalleg,” hvíslaði Vilhjálmur að brúði sinni þegar hann leit hana augum. Sjá síður 30 til 32

NORDICPHOTOS/AFP

Undirbúa verkfall seint í maí

Forseti ASÍ segir ekki koma til greina að semja til þriggja ára þrátt fyrir útspil SA. Yfirlýsing um aðgerðir stjórnvalda er háð því að semjist til þriggja ára. Lofa sjávarútvegsfyrirtækjum góðum rekstrarskilyrðum.

KJARAMÁL Ekki kemur lengur til greina að gera kjarasamning til þriggja ára, segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ. Hann segir verkalyðshreyfinguna nú undirbúa allsherjarverkfall í maí.

Samtök atvinnulífsins (SA) lýstu í gær vilja sínum til að semja til þriggja ára. ASÍ og SA voru mjög nærri því að ná þriggja ára samningi um miðjan mánuðinn. Þá slitnaði upp úr viðræðum þar sem SA töldu stjórnvöld ekki hafa mótað nægilega skýra framtíðarstefnu um fiskveiðistjórnunarkerfið og fyrirhugaðar stórfamkvæmdir.

Gylfi segir ekki koma til greina að taka aftur upp viðræður frá því sem frá var horfið. Nú vilji verkalyðshreyfingin semja til eins árs og fá kjarabætur strax.

„Verkalyðshreyfingin er farin að hefja undirbúning að því að fara í allsherjaraðgerðir seinni hlutann í maí. Við látum ekki bjóða okkur þá kyrrstöðu sem hefur verið í þessu máli,” segir Gylfi.

Tilboð SA um að semja til þriggja ára er háð því að breytingar á lögum um stjórnun fiskveiða tryggi sjávarútvegsfyrir-

Við látum ekki bjóða okkur þá kyrrstöðu sem hefur verið í þessu máli.

GYLFI ARNBJÖRNSSON
FORSETI ASÍ

tækjum góð rekstrarskilyrði. Þess vegna vilja SA semja þannig að samningurinn taki ekki gildi fyrr en 15. júní, þegar Alþingi fer í frí.

Ríkisstjórnin sendi SA og ASÍ drög að yfirlýsingu á miðvikudagskvöld. Þar eru tíundaðar þær

aðgerðir sem stjórnvöld ætla að fara í til að liðka fyrir kjarasamningum til þriggja ára.

Þar segir meðal annars að niðurstaða um vegaframkvæmdir á Suðvesturlandi eigi að líta dagsins ljós um mánaðamótin maí-júní. Sömuleiðis eigi að leita leiða til að ná sátt um útfærslu stjórnvalda á breytingum á fiskveiðistjórnunarkerfinu innan sama tímafrests.

Í drögunum kemur skýrt fram að náist ekki samningar til þriggja ára séu stjórnvöld óbundin af yfirlýsingunni. - bj / sjá síðu 6

MEISTARANÁM
Í LÖGFRÆÐI

Nemendur með háskólapróf úr öðrum greinum en lögfræði geta lokið meistaraþrófi frá lagadeild HR.

Umsóknarfrestur er til og með 30. apríl.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

www.hr.is

SUMARTILBOÐ

45.000.kr

Android 2.2

2b.is

Erum á móti IKEA í Gallery Art2b
Kaupún 3 - Garðabær - S. 5800800 - www.2b.is

VINNAN
FYLGR
FRÉTTABLAÐINU
Í DAG





Dofri, er ekki tóm skitalykt af þessu máli?

„Nei, þetta eru góðar málalyktir fyrir umhverfi og neytendur í svínslega háu bensínverði.“

Dofri Hermannsson er framkvæmdastjóri Metanorku sem hyggst selja landsmönnum eldsneyti sem unnið er úr svínaúrgangi frá Stjómubúi.

Umsókn auðmannanna tíu: Fá ekki ríkisborgarréttinn

MANNRÉTTINDI Auðmennirnir tíu sem sóttu um ríkisborgarrétt frá Alþingi fá hann ekki á yfirstandandi þingi. Bandarískur milligöngumaður telur málinu lokið. RÚV greindi frá þessu í gær. Fólkið hefur sóst eftir ríkisborgarrétti og lýst áhuga á fjárfestingum hérlendis.

Mál fólksins kom til kasta allsherjarnefndar Alþingis.

David Lesperance, bandarískur milligöngumaður auðmannanna tíu, segist lítil svör hafa fengið frá íslenskum yfirvöldum, þar til fyrir skemmstu. Þá hafi honum verið sagt að innan skamms væri væntanlegt bréf frá allsherjarnefnd um að ekki yrði orðið við beiðni fólksins.

- shá



FORSETI Á HAMFARASVÆÐI Obama heitir aðstoð til uppbyggingar.

NORDICPHOTOS/AFP

Hamfarir í Bandaríkjunum:

Barack Obama heitir stuðningi

BANDARÍKIN Bandaríkjaforseti sagði eftir heimsókn á hamfarasvæðin í Suðausturríkjunum að hann hafi aldrei séð aðra eins eyðileggingu.

Barack Obama hélt ræðu í Tuscaloosa í Alabama, sem hefur orðið afar illa úti, þar sem hann hét stuðningi við uppbygginguna sem fram undan er. Neyðarástandi hefur verið lýst yfir í sjö ríkjum þar sem fjöldi skýstróka skilja eftir sig slóð eyðileggingar. Á fjórða hundrað manns hafi látið lífið, þar af yfir 200 í Alabama.

- shá

Borgin setur 150 milljónir í átaksverkefni fyrir atvinnulausa:

Tvö þúsund störf fyrir ungt fólk

ATVINNUMÁL Reykjavíkurborg mun í sumar bjóða upp á 1.900 störf fyrir fólk á aldrinum 17 til 25 ára og námsfólk sem annars á rétt á fjárhagsaðstoð. Borgarráð hefur samþykkt að leggja 78 milljón króna aukafjármagn í verkefnið.

Árið 2010 voru 1.524 störf í boði og voru þau meðal annars fjármögnuð með aukafjárveitingu borgarráðs upp á ríflega 55 milljónir króna. Nú á að fjölga sumarstörfum um 376 miðað við síðastliðið ár en þá voru 360 namar atvinnulausir og fengu fjárhagsaðstoð frá borginni. Reykjavíkurborg vill með



í **ATVINNULEIT** Borgin ætlar í stóratök til að létta á vanda atvinnulausra í sumar. Myndin tengist fréttinni ekki beint.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

þessu móti nýta starfskrafta ungs fólks og koma í veg fyrir aðgerðaleyfi, segir í tilkynningu.

Áhersla verður lögð á að ráða

atvinnulausa námsmenn til starfa sem og ungt fólk sem var án atvinnu síðastliðið sumar.

Borgarráð hefur enn fremur samþykkt að verja 150 milljónum króna til átaksverkefna í atvinnumálum 2011. Sérstaklega verður horft til þess hóps einstaklinga sem hefur verið án atvinnu lengi og fólks sem þegið hefur fjárhagsaðstoð. Sérstakt átak verður gert í því að virkja fólk á aldrinum 25-35 ára en fjölmennasti hópur atvinnulausra er á þeim aldri. Einnig verða í boði verkefni fyrir fólk með takmarkaða starfsgetu.

- shá

Sjö skip að veiða úthafskarfa:

Veiðipjófar staðnir að verki

LANDHELGISGÆSLAN Við eftirlitsflug Sifjar, flugvélar Landhelgisgæslunnar, í gær var komið að sex rússneskum og einum spænskum togara að úthafskarfaveiðum á Reykjaneshrygg. Veiðarnar mega ekki hefjast fyrr en 10. maí.

Með greiningarþúnaði Sifjar sást greinilega að togarnir voru allir með veiðarfæri í sjó.

Fjölpjóðlegt samkomulag um veiðar úthafskarfa á Reykjaneshrygg gildir út árið 2014.

- shá

Höfnin kostar Eyjar hundruð milljóna

Landeyjahöfn hefur nú verið lokuð í 15 vikur. Bæjarstjórn Vestmannaeyja segir samfélagið hafa tapað hundruð milljóna, jafnvel milljörðum vegna hafnarinnar. Bæjarfulltrúi segir afturför hafa orðið í samgöngum síðastliðinn vetur.

VESTMANNAEYJAR Landeyjahöfn hefur nú verið lokuð síðan 14. janúar, í um fimmtán vikur. Á fundi bæjarstjórnar Vestmannaeyja í fyrradag var lýst yfir þungum áhyggjum af stöðu mála. Í fundargerð segir að lokun hafnarinnar í vetur hafi valdið samfélaginu í Vestmannaeyjum og víðar á Suðurlandi gríðarlegum búsjfjum og fjárhagslegt tjón samfélagsins nemi hundruðum milljóna og jafnvel milljörðum.

„Öllum má ljóst vera að jafnvel þótt höfnin verði opnuð á næstu dögum þá hefur þar með eingöngu verið sett undir lekann. Verði ekki gripid til ráðstafana mun höfnin lokast á ný næsta haust,“ segir í fundargerð. Stjórnin krefur samgönguyfirvöld um aðgerðir.

Ellíði Vignisson, bæjarstjóri Vestmannaeyja, segir margs konar útreikninga liggja að baki því fjárhagslega tjóni sem samfélagið hefur orðið fyrir sökum lokunar hafnarinnar.

„Við létum sérfræðinga til að mynda reikna út hvað þúsund manna íþróttamót muni skila bænum og þar er um að ræða 45 til 50 milljónir,“ segir Ellíði. „Ferðabjónusta í Eyjum stendur og fell-



HERJÓLFUR VIÐ LANDEYJAHÖFN Landeyjahöfn hefur nú verið lokuð í fimmtán vikur, en dýpkun hófst á ný þar í gær.

Þessi vetur hefur verið afturför í samgöngum til Vestmannaeyja

PÁLL SCHEVING INGVARSSON
BÆJARFULLTRÚI Í VESTMANNAEYJUM

ur með þessum samgöngum og þá eigum við allt annað eftir ótalið, til að mynda þann óbeina skaða sem hlýst af þeirri vantrú sem komin er gagnvart Landeyjahöfn.“

Páll Scheving Ingvarsson, formaður þjóðhátíðarnefndar í Vestmannaeyjum og bæjarfulltrúi Vinstri grænna í bæjarstjórn, segir ástandið óásættanlegt.

„Þenna vetur hefur verið afturför í samgöngum til Vestmannaeyja,“ segir Páll. „Þær aðgerðir sem farið hefur verið af stað með hafa hreinlega brugðist.“ Páll

segir að þegar aðgerðin hafi fyrst verið kynnt af hálfu Siglingastofnunar áttu frávikin að vera á milli 3 til 7 prósent, líkt og verið hefur í Þorlákshöfn.

„Spurningin er hvort hönnunin á mannvirkinu sé einfaldlega rétt. Hún var harðlega gagnrýnd upphaflega en Siglingastofnun sló á þá gagnrýni. En nú er þetta staðreynd og þetta er niðurstaðan,“ segir hann.

Samkvæmt upplýsingum frá Siglingastofnun er kostnaður við dýpkunarframkvæmdir við Landeyjahöfn að nálgast 300 milljónir. Heildarkostnaður við framkvæmdirnar er kominn upp í 3,9 milljarða, en upphafleg kostnaðaráætlun gerði ráð fyrir um 4,7 milljörðum króna. Það mun liggja fyrir á mánudag hvenær Landeyjahöfn opnar að nýju. sunna@frettabladid.is



SEÐLABANKI ÍSLANDS Þegar nema dagsektirnar um fjórtán milljónum króna.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Samkeppniseftirlitið:

Dagsektir lagðar á Seðlabankann

FJÁRMÁL Samkeppniseftirlitið hefur komist að þeirri niðurstöðu að Seðlabanka Íslands beri að greiða eftirlitinu dagsektir. Ástæðan er sú að bankinn hefur hafnað því að gefa upplýsingar um útlán einstakra banka og sparisjóða. Með neituninni hefur Seðlabankinn brotið samkeppnislög að mati eftirlitsins, eins og kemur fram á heimasíðu þess.

Seðlabankinn hafnaði beiðninni með þeim rökum að þagnarskylda bankans væri afar rík. Samkeppniseftirlitið telur hins vegar að bankinn hafi vanrækt ótvíræða lagaskyldu um afhendingu gagna og upplýsinga.

- shá

Vandi Spánverja eykst enn:

Atvinnuleysið í nýjum hæðum

SPÁNN Atvinnuleysi á Spáni, sem er það mesta í öllu Evrópusambandinu, er nú meira en það hefur verið í fjórtán ár. Um 4,9 milljónir Spánverja eru án atvinnu.

Hlutfall atvinnulausra af vinnufæru fólki er nú 21,3 prósent og hefur hækkað úr 20,3 prósentum frá síðasta ársfjórðungi.

Efnahagur landsins er afar laskaður og landið eitt það skuldsettasta í Evrópu. Ríkisstjórn Spánverja segist ekki búast við að ný störf verði til í landinu fyrr en í fyrsta lagi undir lok ársins.

- shá

Rýmingarsala á málverkum



Gallery Art 2b

Kauptún 3 - Garðabær - s: 533 22 00 - www.art2b.is

Nýr samgöngumáti í Bolungarvík og Súðavík með samnýtingu ökutækja:

Koma upp skilti fyrir puttalinga

SAMGÖNGUR Ný tegund þjónustuskilta hefur skotið upp kollinum skammt utan Bolungarvíkur og Súðavíkur, þar sem umferð fer hjá til Ísafjarðar. Skiltið er ætlað gangandi vegfarendum sem óska sér ferðar með bílum sem eiga leið fram hjá. Með því að standa við skiltið gefur fólk til kynna að það óski eftir fari.

Það eru samtökin Leið ehf. sem standa fyrir verkefninu. Jónas Guðmundsson formaður segist vonast til þess að Vegagerðin fái skiltið löggilt sem þjónustumerki svo hægt sé að koma þeim fyrir víðar um landið þar sem þörf er á.

„Hér eru engar almenningssamgöngur um helgar og eru menn þá algjörlega upp á eigin bíl komnir,“ segir Jónas. „Skilti sem þessi eru hreinlega öryggisatriði. Menn eiga þá frekar möguleika á því að komast leiðar sinnar án þess að þurfa að treysta á aðra.“

Tilraunin er gerð meðal annars vegna þess að kostnaður við rekstur bifreiða færast sífellt í aukana og talsverður fjárhagslegur ávinningur sé að því að samnýta ferðir. Þá sé einnig mikilvægt að huga að umhverfissjónarmiðum.



BÍLFAR Með því að standa við skiltið er gefið til kynna að viðkomandi vanti bílfar. Hversu mikið skal borga í bensínkostnaði er gefið upp á skiltinu.

MYND/LEIÐ EHF.

Gert er ráð fyrir því að sá sem þiggur far taki þátt í bensínkostnaði við aksturinn og miðað við er að farþegi sé orðinn 16 ára.

- sv

TAX FREE!

AF GRILLUM!

Gildir líka 1. maí
í Skútuvogi og
Garfarholti!

Afnemum
virðisaukaskatt
AF GRILLUM
aðeins um helgina

GILDIR EKKI AF VÖRUM
MERKTUM LÆGSTA LÁGA
VERÐ HÚSASMÍÐJUNNARI!

LÆGSTA
LÁGA
VERÐ
HÚSASMÍÐJUNNAR



SÉRFRÆÐINGAR Í PALLAEFNI

VIÐ KLÁRUM PALLINN MEÐ ÞÉR Á LÆGRA VERÐI.

FÁÐU TILBOÐ Í PALLINN HJÁ OKKUR!

Það borgar sig!
Við tökum vel á móti þér.

Látum
verkin tala!

Opið sunnudaginn 1. maí:

Skútuvogi 10:00-19:00

Garfarholti 11:00-18:00



GENGIÐ 29.04.2011

GJALDMÍDLAR	KAUP SALA	
Bandaríkjadalur	110,60	111,12
Sterlingspund	184,21	185,11
Evra	164,35	165,27
Dönsk króna	22,036	22,164
Norsk króna	21,080	21,204
Sænsk króna	18,406	18,514
Japanskt jen	1,3589	1,3669

SDR 179,34 180,40

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 218,1875

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Gangast við brotum:

Níðingahjónin játuðu sekt sína

BANDARÍKIN, AP Phillip Garrido og Nancy kona hans hafa játað að hafa rænt Jaycee Dugard þegar hún var 11 ára og haldið henni fanginni í 18 ár.

Dugard slapp úr þrjúundinni árið 2009, en þá hafði Garrido getið henni tvær dætur sem nú eru 13 og 16 ára. Garrido-hjónin biða nú dóms en verða að öllum líkindum í fangelsi til æviloka. Þau játuðu, að eigin sögn, til að hlífa Dugard og dætrum hennar fyrir því að þurfa að bera vitni fyrir dómi.



ENDEAVOUR BÍÐUR Á SKOTPALLINUM Tæknilegir örðugleikar fresta geimskotinu. NORDICPHOTOS/AFP

Geimskutlan Endeavour:

Geimskoti var frestað í gær

BANDARÍKIN Bandaríska geimvísindastofnunin ákvað í gær að fresta fyrirhuguðu geimskoti geimferjunnar Endeavour vegna tæknilegra örðugleika. Stefnt er að því að reyna að nýju á morgun.

Geimferðin verður lokakafllinn í sögu Endeavour en til stendur að leggja geimferjum NASA eftir ferð ferjunnar Atlantis í sumar. Löggluyfirvöld í Flórída áttu von á að 750 þúsund manns kæmu til að fylgjast með geimskotinu, og var Barack Obama Bandaríkjaforseti meðal þeirra.

Tveir ungir menn keyptu ítrekað maríjúana og seldu Akureyringum:

Ákærðir fyrir fíkniefnasölu

DÓMSMÁL Lögreglustjórinn á Akureyri hefur ákært tvo menn fyrir fíkniefnakaup og -sölu.

Mennirnir eru báðir rúmlega tvítugir. Öðrum þeirra er gefið að sök að hafa í lok ágúst eða byrjun september 2010 keypt um 25 grömm af maríjúana í Reykjavík og flutt það til Akureyrar, þar sem hann seldi hluta þess til einstaklinga.

Þá eru mennirnir ákærðir fyrir að hafa í sameiningu í nóvembermánuði 2010 keypt um 150 grömm af maríjúana af óþekktum einstaklingum á Akureyri og selt um 120

grömm af þeim efnun til fólks í bænum, sem ekki er vitað um deili á.

Loks eru báðir mennirnir ákærðir fyrir að hafa í sameiningu 1. desember 2010, keypt og fengið afhent rúmlega 100 grömm af maríjúana og verið búnir að selja um 20 til 30 grömm af efninu, þegar lögreglan gerði húsleit hjá þeim á dvalarstað þeirra á Akureyri, þann sama dag. Lögreglan lagði hald á afganginn, 90,39 grömm af maríjúana og 1,71 grömm af tóbaksblönduðu kannabisefni.



AKUREYRI Aðalathafnasvæði fíkniefnasalanna var á Akureyri.

Eftirlýstur af Interpol:

Óskar hefur gefið sig fram

LÖGREGLUMÁL Chigozie Óskar Anoruo, íslenskur ríkisborgari sem var eftirlýstur af Interpol, hefur gefið sig fram og hóf afplánun í fyrradag. Óskar er vistaður í Hegningarhúsinu, eins og venjan er um karlkyns fanga í upphafi afplánunar.

Ástæða þess að hann var eftirlýstur er sú að fangelsismálayfirvöld höfðu upplýsingar um að Óskar væri erlendis. Hann var hins vegar kominn aftur til landsins og gaf sig fram eftir að lýst var eftir honum.



VILJA FREKARI ÚTTEKT Sveitarstjórnarfolk á Suðurnesjum og þingmenn Suðurlkjördæmis vilja frekari úttekt á hagkvæmni hugsanlegs flutnings Landhelgisgæslunnar til Reykjanesbæjar.

Vilja frekari úttekt á flutningi Gæslunnar

Sveitarstjórnarfolk og þingmaður segja hagkvæmnimat á flutningi Landhelgisgæslunnar ekki nógu heildstætt. Vilja að málið verði skoðað frá öllum hliðum.

STJÓRNSÝSLA Sveitarstjórnarfolk á Suðurnesjum vill að lagst verði í frekari úttekt á hagkvæmni þess að starfsemi Landhelgisgæslunnar verði flutt til Reykjanesbæjar. Þingmaður Suðurlkjördæmis tekur undir það. Þau telja ýmsa annmarka á hagkvæmnismatinu sem innanríkisráðuneytið lét vinna.

Í ályktun Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum segir að matskýrslan taki ekki á „þeim framtíðarkostnaði er Landhelgisgæslan mun verða fyrir ef hún er áfram á þeim stað sem hún er í dag“ og er vísað í skýrsluna sem segir að núverandi aðstöðu Gæslunnar þurfi að bæta til lengri tíma lítið.

Hefur sambandið því óskað eftir því að myndaður verði „samstarfsþingur stjórnvalda og sveitarfélaga á Suðurnesjum til að halda áfram þessari hagkvæmnisgreiningu svo allar hliðar málsins liggi ljós-

ar fyrir áður en ákvörðun verður tekin“.

Ragnheiður Elín Árnadóttir, þingmaður Suðurlkjördæmis, tekur undir þessa ályktun og segir í samtali við Fréttablaðið að matskýrslan beri saman ólíka hluti.

„Það sem slær mig í þessu mati er að þar er verið að bera saman hvornig Gæslan er rekin núna, með útkalls- og bakvaktarfyrikomulagi, og hins vegar hvornig hún yrði rekin í Keflavík með aukinni og stórefldri starfsemi.“

Ragnheiður bætir því við að óvissuþættirnir sem skýrslan tiltekur séu miklir og ekki sé hægt að taka framtíðarákvörðun byggða á henni. Þá átelur hún að ekkert sé minnst á hugsanlega yfirfærslu verkefna Varnarmálastofnunar til Landhelgisgæslunnar, en það gæti breytt niðurstöðu hagkvæmnismats. Hún þvertækur fyrir að kjör-

dæmapot ráði för í afstöðu þingmanna kjördæmisins.

„Auðvitað horfum við á málið með hagsmunum skattborgara að sjónarmiði en við viljum skoða hlutina ítarlega frá öllum hliðum því að við teljum að flutningur Gæslunnar sé til hagsbóta fyrir skattborgarana til frambúðar.“

Ögmundur Jónsson innanríkisráðherra segir í samtali við Fréttablaðið að hann sé tilbúinn til að skoða málið áfram.

„Það er sjálfsgagt að halda þessari vinnu áfram og horfa þá til langs tíma. Við munum taka það til skoðunar.“ Í matinu kemur fram að til lengri tíma lítið sé núverandi aðstaða ófullnægjandi og úrbóta sé þörf. Talsmaður Landhelgisgæslunnar segir hins vegar við Fréttablaðið að ekki sé hægt að segja til um hvenær nauðsyn muni krefjast þess.

thorgils@frettabladid.is

Óttast samdrátt úti á landi:

Taka undir kröfur um lægri álögur

IBNAÐUR Samtök ferðaþjónustunnar (SAF) taka undir áskorun FÍB, Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands til stjórnvalda um að lækka álögur hins opinbera á eldsneyti.

Í tilkynningu SAF kemur fram að Vegagerðin spái verulegum samdrætti í umferð fram undan og sagt ljóst að það muni koma fram í fækkun ferðamanna úti á landsbyggðinni.

„Ferðaþjónustan er ein af mikilvægustu atvinnugreinum landsins í bæði gjaldeyris- og atvinnusköpun og getur það því haft alvarlegar afleiðingar ef samdráttur í ferðum um landið verður mikill,“ segir á vef SAF.

- óka

Smit þrátt fyrir sóttkvi:

Nýr sjúkdómur á minkabúum

LANDBÚNAÐUR Sjúkdómurinn smitandi fótasár (pododermatitis) virðist hafa stungið sér niður í sex minkabúum hér á landi. Ekki er um mörg sjúk dýr að ræða en gripið hefur verið til nauðsynlegra aðgerða vegna þessa.

Matvælastofnun segir í frétt á heimasíðu að sjúkdómurinn sé þekktur erlendis en lítið sé vitað um orsakir hans. Sjúkdóms-einkenni eru bólgnar og sárar loppur dýrana en lóga verður öllum dýrum verði sjúkdómsins vart eða meðhöndla dýrin sérstaklega.

Dýralæknir loðdýrasjúkdóma hjá Matvælastofnun hefur sent öllum minkabændum og starfandi dýralæknum upplýsingar og tillögur að sérstakri aðgerða-áætlun vegna sjúkdómsins.

- shá

Fyrir þinn innri mann

Dagleg neysla ab-drykkjar stuðlar að bættu heilsufari og vellíðan.




VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður
SUMARIÐ Á LEIÐINI? Vor í lofti víðast hvar um helgina og jafnvel sumarveður norðaustanlands. Hitinn gæti náð allt að 17 stigum norðaustan til í björtu veðri í dag. Vætusamt vestanlands en þar léttir til um tíma á morgun.

Á MORGUN 3-8 m/s.
MÁNUDAGUR 8-13 m/s suðvestast, annars hægar.



HEIMURINN	°C
Alicante	18°
Basel	19°
Berlín	19°
Billund	14°
Frankfurt	22°
Friedrichshafen	19°
Gautaborg	13°
Kaupmannahöfn	13°
Las Palmas	21°
London	20°
Mallorca	20°
New York	20°
Orlando	31°
Ósló	17°
París	22°
San Francisco	17°
Stokkhólmur	10°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Við berum þér kveðjur á baráttudegi,
bjartsýn við göngum framtíðarvegi.
Því hvert sem okkar leiðir liggja
að lífsins gæðum þarf að hyggja.
- Okkar hlutverk er að tryggja.



PILO/SIA

KJÖRKASSINN

PlayStation 2



Spilar þú tölvuleiki?

JÁ	41,6%
NEI	58,4%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Horfðir þú á konunglega brúðkaupið í beinni útsendingu?

Segðu skoðun þína á vísir.is

vísir

Kjörstjórn Þjóðkirkjunnar segir af sér eftir að kosningar til vígslubiskups voru kærðar:

Kosið verður á ný í byrjun júlí

ÞJÓÐKIRKJAN Kosið verður að nýju til vígslubiskups í Skálholti í byrjun júlímánaðar þessa árs. Sú kosning sem fór fram fyrr í mánuðinum hefur verið ógilt eftir að séra Agnes M. Sigurðardóttir, sóknarprestur í Bolungarvík og prófastur Vestfjarðaprófastsdæmis, kærði úrslitin.

Agnes lenti í þriðja sæti í fyrri umferð kosninganna, og munaði þar einu atkvæði á henni og séra Jóni Dalbú Hróbjartssyni. Ástæða kærunnar var sú að kjörnefnd tók gild tvö atkvæði sem pósthögðu voru þremur dögum eftir að frestur



SKÁLHOLT Tveir vígslubiskupar starfa á Íslandi, annar í Skálholti og hinn á Hólum í Hjaltadal. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

rann út. Kjörstjórn Þjóðkirkjunnar sagði af sér í kjölfarið. Skipa þarf nýja kjörstjórn til að hafa yfirumsjón með kosningunum í júlí.

Séra Sigrún Óskarsdóttir, prest-

ur í Árbæjarkirkju, varð hlutskörpust í kosningunum.

Ákveðið hefur verið að leggja fram nýja kjörskrá sem tekur gildi 1. maí 2011. 149 prestar eru á kjörskrá, en tveir þeirra presta sem voru á kjörskrá 1. febrúar síðastliðinn hafa ekki lengur kosningarétt þar sem þeir hafa látið af störfum.

Á Íslandi eru tveir vígslubiskupar. Sítur annar á Hólum í Hjaltadal og hinn í Skálholti í Biskupstungum. Vígslubiskupsembættið gengur næst biskupsembættinu.

- sv

Tölur Landlæknisembættisins:

Fimmta hverju fóstri er eytt

HEILBRIGÐISMÁL Næstum fimmta hverju fóstri á Íslandi er eytt, samkvæmt tölum sem birtust í Talnabrunni Landlæknis í gær. Samanborið við Norðurlönd eru fóstureyðingar þó tiltölulega fáar.

Tölurnar byggja á gögnum frá 2009. Það ár voru tæplega 81 þúsund fóstureyðingar gerðar á Norðurlöndum. Hlutfallslega flestar í Svíþjóð, eða 335 á hverja 1000 lifandi fædda, en færstar í Finnlandi. Á Íslandi voru gerðar 193 fóstureyðingar á móti hverjum 1000 sem fæddust lifandi. - jhh

1. maí

fundur Samfylkingarfélagsins

Samfylkingarfélagið í Reykjavík býður borgarbum til baráttufundar í lðno við Tjörnina sunnudaginn 1. maí.

Eftir útifund verkalýðsfélaganna liggur leiðin í lðno þar sem reykvískir jafnaðarmenn bjóða upp á kaffi og kleinur.



Ræður flytja

Jóhanna Sigurðardóttir, formaður Samfylkingarinnar
Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins
Hrafnhildur Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri Ungra jafnaðarmanna



Trúbadorinn og baráttusöngvarinn
Hörður Torfason flytur nokkur lög.

Oddný Sturludóttir, borgarfulltrúi, stjórnar fjöldasöng.



Allir velkomnir

Stjórn Samfylkingarfélagsins í Reykjavík

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísir eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: vísir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...

SA rétta fram sáttahönd til stjórnvalda

Samtök atvinnulífsins eru tilbúin til að semja til þriggja ára eftir nýtt útspil stjórnvalda. Stjórnvöld ætla að tryggja sjávarútvegsfyrirtækjum góð rekstrarskilyrði. Ákvörðun um samningstíma frestað þar til lög um fiskveiðar verða

KJARAMÁL Samtök atvinnulífsins (SA) segjast tilbúin að gera kjarasamning til þriggja ára eftir að ríkisstjórnin lýsti því yfir á fimmtudagskvöld að sjávarútvegsfyrirtækjum yrðu tryggð góð rekstrarskilyrði.

Ekki er þó útséð með að samið verði til þriggja ára. SA vilja gera svokallaðan aðfarasamning til 15. júní. Þann sama dag hefst sumarleyfi Alþingis, en stefnt er að því að samþykkja lög um stjórn fiskveiða og komast að niðurstöðu um uppbyggingu samgöngumannvirkja fyrir sumarleyfi.

„Í raun erum við að tala um að þau fyrirheit sem gefin eru í yfirlýsingunni verði efnd,“ sagði Vilundur Jósefsson, formaður SA, á fundi með fjölmiðlafólki í gær.

Það lokatilboð sem ríkisstjórnin gerði SA á fimmtudagskvöld er langt frá því að vera nægjanlegt, sagði Vilundur. Þá sagði hann samtökin hafa slæma reynslu af loforðum ríkisstjórnarinnar, og vísaði þar til stöðugleikasáttmálans. Þrátt fyrir þetta ákvað framkvæmdastjórn SA að freista þess að ljúka gerð þriggja ára kjarasamnings.

„Við höfum ekki mikið í hendi annað en þau loforð að sjávarútvegsfyrirtækjum verði sköpuð góð rekstrarskilyrði. Það hlýtur að fylla mann mikilli bjartsýni,“ sagði Vilundur.

„Vonir okkar standa til þess að við náum samningum við verkalýðshreyfinguna. Það er allra hagur að auka hagvöxt í landinu og vinna okkur út úr þessum vanda. Við vinnum okkur ekki út úr neinum vanda með verkföllum,“ sagði Helgi Magnússon, formaður Samtaka iðnaðarins, sem sæti á í framkvæmdastjórn SA.

brjann@frettabladid.is



ÚTSPIÐ Hluti framkvæmdastjórnar Samtaka atvinnulífsins kynnti tillögu sína um samning til þriggja ára á fundi með fjölmiðlafólki í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Niðurstaða um deilumál fljótlega

Ríkisstjórnin sendi Samtökum atvinnulífsins drög að ýtarlegri yfirlýsingu á miðvikudagskvöld þar sem farið er yfir þær aðgerðir stjórnvalda sem líkjað gætu fyrir gerð kjarasamninga til þriggja ára.

Í drögum, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, er farið yfir þær opinberu framkvæmdir sem til stendur að ríkið fari í, til dæmis byggingu nýs Landspítala, hjúkrunarheimila og framkvæmdir á vegum ofanflóðasjóðs.

Til viðbótar er talað um að skilgreina verði hvaða aðrar framkvæmdir ríkissjóður geti greitt fyrir. Þar er meðal annars vísað til samgönguframkvæmda á Suðvesturlandi sem fjármagnaðar verði með „sérstökum hætti“. Niðurstaða um þær framkvæmdir á að koma fyrir lok maí.

Í sérstakri bókun við drög að yfirlýsingu stjórnvalda er fjallað um sjávarútvegs málin, sem hafa verið ásteytingarsteinn í viðræðum SA og ríkisins. Þar kemur fram að hagsmunaaðilum verði kynnt frumvarp um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða.

Eftir hagfræðilega greiningu á frumvarpinu tilnefni SA og ASÍ hvort sinn fulltrúinn í nefnd stjórnvalda sem fara á yfir niðurstöður greiningarinnar. Þetta ætla stjórnvöld að gera til að „leita leiða til að ná frekari sátt um útfærslur sem tryggja sjávarútveginum góð rekstrarskilyrði“, segir í drögum. Niðurstöður þeirrar yfirferðar eiga að liggja fyrir um mánaðamótin maí og júní.

Í drögum er kveðið skýrt á um að þau miðist við að samningar til þriggja ára náist. Verði samið til skemmri tíma falli yfirlýsingin úr gildi.

Segir verkalýðshreyfinguna ekki jójó SA

ASÍ hafnaði í gær tilboði Samtaka atvinnulífsins um að semja til þriggja ára. Verkalýðshreyfingin vill gera kjarasamning sem gildir frá síðustu áramótum fram í febrúar á næsta ári, með launahækkunum fyrir launamenn.

„Verkalýðshreyfingin er farið að hefja undirbúning að því að fara í allsherjaraðgerðir seinni hlutann í maí. Við látum ekki bjóða okkur þá kyrrstöðu sem hefur verið í þessu máli,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ.

„Ef þeir vilja koma aftur að borðinu geta menn ekki látið eins og ekkert hafi gerst. Verkalýðshreyfingin er ekki jójó í höndum atvinnurekenda sem þeir geta hent til og frá eftir því sem þeim hentar hverju sinni,“ segir Gylfi.

Kjarasamningur til þriggja ára var svo gott sem tilbúinn 15. apríl síðastliðinn, þegar slitnaði upp úr viðræðum. Gylfi segir ekki hægt að snúa klukkunni til baka, SA hafi misst af þeim strætisvagni.

Í millitíðinni hafi náðst samningar við Elkem um verulegar kjarabætur fyrir starfsmenn. Ýmis atriði í þeim samningi séu vissulega ekki fordæmisgefandi, enda Elkem að láta starfsmenn njóta góðs gengis fyrirtækisins. Önnur atriði gefi klárlega fordæmi, til dæmis almennar launahækkunir og afturvirkni.

„Ég held að SA hafi gengið þannig fram af nánast öllum landsmönnum að það er lítil stemming fyrir því að horfa til þess að gera þriggja ára samning,“ segir Gylfi.



UNDIRBÚA VERK FALL Gylfi Arnbjörnsson segir ekki hægt að snúa klukkunni aftur til miðs mánaðar. Vinnuveitendur hafi misst af þeim strætisvagni.

GRILL HAMBORGARAR FABRIKKUNNAR

Fabrickubogarinn er stolt
Hamborgarafabrickunnar

Hann er 120 gr. úr 100% fyrsta
flokks ungnautakjöti

Í pakkanum eru tveir Fabrickubogarar,
tvö ferhyrnd Fabrickubrauð, Fabrickusósa,
salt og pipar

HAMBORGARAFABRIKKAN
ER KOMIN Í HAGKAUP!



GOTT VERÐ
1.698 kr/kg.



GOTT VERÐ
1.698 kr/kg.



GOTT VERÐ
3.598 kr/kg.
Merkt verð 3.998.-



GOTT VERÐ
1.398 kr/kg.

Nautagúllas
Nautaaf

Nautasnitsef
Nautaaf

Nautalundur innfluttar
frosnar

Svínalundur innfluttar
frosnar

**KOKTEILSÓSA
FABRIKKUNNAR**

Kokteilsósa Fabrickunnar er
engin venjuleg kokteilsósa.
Hún er betri.



**FABRIKKU
SÓSAN**

Fabrickusósan er hamborgarasósa
Fabrickunnar. Hún hentar vel
með öllum mat.



**BARBÍKJÚSÓSA
FABRIKKUNAR**

Barbíkjúsósa Fabrickunar
er ómótstæðileg.
Nýtt viðmið í Barbíkjúsósum.



**BERNAISESÓSA
FABRIKKUNNAR**

Lifið er einfaldlega of stutt
fyrir vonða Bernaisesósu.



ÍSLENSKA
**HAMB
ORGARA
FABRIK
KAN**
2010



NÝTT

HELLO KITTY
FROSTPINNAR
279 kr/pk



TILBOÐ

PEKANBAKA
599 kr/stk



NÝBAKAD

TILBOÐ

FJALLABRAUÐ
259 kr/stk



GOTT VERÐ

NICKY ELITE
12 WC-RÚLLUR
799 kr/pk



NÝTT

2 HÆÐA
SÚKKULADIKAKA
899 kr/stk

20% AFSLÁTTUR AF
FÆÐUBÓTAREFNUM
UM HELGINA

TILBOÐ
20%
afsláttur við kassa



GEL MATARLITIR
Gefa sterkan og
góðan lit.

KÖKUSKRAUT
Hentar vel til að
skreyta cupcakes
og eftirrétti

**Cupcake
vörur**

Úrval af vörum í cupcake baksturinn

-fæst í Kringlu, Skeifu, Smáralind, Akureyri, Garðabæ og Holtagörðum



OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 1. maí á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

VEISTU SVARIÐ?



- 1 Hvaða skóli sigraði í úrslita-keppni Skólahreysti í fyrrakvöld?
- 2 Hvaða sautján ára Íslendingur á tvo afa sem hafa farið í konunglegt brúðkaup í Bretlandi?
- 3 Hver semur Þjóðhátíðarlagið í ár?

SVÖR

1. Hólasvíli í Reykjanesbæ 2. Óðinn Páll Ríkharðsson 3. Páll Óskar Hjálmyrsson

8

Dótturfélag Arion banka hefur ákveðið að selja 23 verslanir:

10-11 verslanirnar í opið sölufurli

VIÐSKIPTI Eignabjarg, dótturfélag Arion banka, auglýsti í fyrrdag að verslanakeðjan 10-11 væri til sölu.

Verslanakeðjan tilheyrði áður Högum en var skilin frá henni í kjölfar tilmæla Samkeppniseftirlitsins haustið 2009 eftir að Arion banki tók rekstur Haga yfir. Samkvæmt tilmælunum var mælt til þess að allir möguleikar yrðu skoðaðir til að selja Haga í fleiri en einum hluta í því skyni að örva samkeppni. Eignabjarg tók við Högum í fyrra.

Í samkomulagi Arion banka við Jóhannes Jónsson, stofnanda

Bónuss, felst að honum og fjölskyldu hans er meinuð samkeppni við Haga á matvörumarkaði næsta árið. Fréttablaðið greindi frá því í fyrra að af þeim sökum væri ólíklegt að fjölskyldan keypti reksturinn þótt engin klásúla í samningum beinlínis bannaði það.

Verslanir 10-11 eru 23 talsins á höfuðborgarsvæðinu, í Reykjanesbæ og á Akureyri og nam velta þeirra sjö prósentum af heildarveltu Haga á sínum tíma.

Í auglýsingu frá Eignabjarg kemur fram að til standi að selja verslunina í heilu lagi.

-jab



EIN VERSLANA 10-11 Til stendur að selja rekstur matvörukeðjunnar í einu lagi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Greiði hálf milljón í bætur:

Tilefnislaus og ruddaleg árás

DÓMSMÁL Karlmaður hefur verið dæmdur í Héraðsdómi Suðurlands fyrir að ráðast á annan mann á veitingastaðnum Lundanum í Vestmannaeyjum.

Maðurinn hrinti fórnarlambinu harkalega sem við það féll í gólfíð og fékk áverka. Árásarmaðurinn jataði sök fyrir dómi. Jafnframt viðurkenndi hann bótakröfu fórnarlambins upp á tæplega hálf milljón króna. Maðurinn á minni háttar sakaferil að baki en dómurinn sagði árásina tilefnislausu og ruddalega.

-jss



1. MAÍ KAFFI

Fagfélagið og FIT bjóða félagsmönnum í 1. maí kaffi í Kiwanissalnum Engjateigi 11 að loknum útifundi á Austurvelli.

Félagar fjölmennum í hátíðarhöld dagsins.



Ný nálgun við mataraðstoð

Hjálparstarf kirkjunnar ætlar að hverfa frá matargjöfum í poka og veita í staðinn barnafólki mataraðstoð með inneignarkortum í verslunum.

Einnig er hægt að hringja í söfnunarsímann 907 2002, gefa framlag á framlag.is, gjofsemgefur.is eða á söfnunarreikning 0334-26-886, kt. 450670-0499.



www.help.is

Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík, Sími 528 4400



MÓTMÆLI Í KAMISHLI Myndin er tekin af íbúa borgarinnar, enda fá erlendir fjölmiðlar ekki að koma nálægt neinum mótmælum.

Þúsundir mótmæla ógnarstjórn Assads

Stjórnarherinn í Sýrlandi gerist æ stórtækari í árásum sínum á mótmælendum, sem í sex vikur hafa krafist afsagnar Assads forseta. Þúsundir manna héldu samt út á götur helstu borga landsins í gær og hrópuðu: Við erum ekki hrædd.

SÝRLAND, AP Þúsundir mótmælenda héldu út á götur helstu borga Sýrlands í gær og lýstu yfir stuðningi við íbúa borgarinnar Daraa, sem hefur síðan á mánudag verið undir umsátri hersins. Margir hrópuðu: „Við erum ekki hrædd!“

Öryggissveitir skutu á mótmælendum í höfuðborginni Damaskus og Latakia, en í Daraa, sem hefur verið miðpunktur mótmælanna, þorir fólk varla lengur út á götur. Sumir þorðu ekki einu sinni að fara til föstudagsbæna í moskum borgarinnar í gær.

Mótmælendurnir hafa nú í sex vikur krafist afsagnar Bashars Assad forseta og viðtækra umbóta á stjórnarháttum landsins. Assad lét að nokkru undan kröfum mótmælenda og fékk stjórn sína til þess að afnema neyðarlög, sem hafa verið í gildi í landinu áratugum saman.

Ekkert bolar þó á afnámi þeirra í reynd. Þvert á móti hefur Assad, sem er menntaður í Bretlandi, í auknum mæli gripið til þess ráðs að beita hersveitum sínum af fullri hörku gegn mótmælendum, jafnvel þótt mótmælin hafi verið friðsamleg.

Herliðið í Daraa hefur sér til stuðnings bæði leyniskyttur og skriðdreka. Aðgerðir hersins hafa kostað hundruð manna lífið og hafa þær orðið æ harkalegri.

Aðgerðir Assads vekja upp minningar Sýrlandinga um hörku föður hans, Hafez al Assad, sem barði niður uppreisn súnni-múslima árið 1982 með því að siga hersveitum sínum á bæinn Hama. Þar voru að minnsta kosti tíu þúsund manns myrtir.

Assad hefur bannað starfsemi

erlendra fjölmiðla í landinu nær algerlega og takmarkað mjög aðgang að þeim stöðum landsins þar sem óróa hefur gætt. Af þessum sökum er nánast ómögulegt að fá öruggar fréttir af því sem er að gerast.

Á myndbandi sem birt var á vefsíðunni Youtube mátti þó sjá mótmælendum í Damaskus hrópa: „Ó, mikli her Sýrlands! Léttu umsátrinu af Daraa!“

Einnig mátti sjá þúsundir mótmælenda fyrir utan borgina Homs hrópa: „Bless, bless, Bashar! Við sjáumst í Haag!“ Mótmælendum hafa sagt að draga eigi Bashar Assad forseta fyrir Alþjóðlega sakadómstólinn í Haag, þar sem stríðsglæpir og glæpir gegn mannkyni eru teknir til umfjöllunar.

gudsteinn@frettabladid.is

Heiðursvísindamaður 2011:

Einar Stefánsson heiðraður af LSH

VÍSINDI Heiðursvísindamaður ársins 2011 á Landspítala er Einar



EINAR STEFÁNSSON

Stefánsson augnlæknir. Tilkynnt var um þetta á Vísindum á vordögum á Landspítala sem hófust í gær. Einar er mikilvirkur vísindamaður og hefur beitt sérstaklega í nýsköpun og stöfnun sprotafyrirtækja sem byggja á vísindalegum grunni. Vísindastörf Einars og samstarfsmanna hafa leitt til fjölmargra merkra uppgötvana og nýsköpunar, segir í tilkynningu frá LSH. Ritryndar greinar Einars eru yfir 200 talsins, auk fjölda bóka-kafla, einkaleyfa og mörg hundruð ágrípa á ráðstefnum. Hann hefur verið heiðraður víða um heim fyrir vísindastörf.

-shá

Borðum úti í sumar



SUMMER. Kolagrill. H70, Ø45 cm. Verð 14.900,-

ILVA Korputorgi, Blíkastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík, sími 522 4500 www.ilva.is mánudaga - föstudaga 11-18:30 laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18

Alicante í maí með VITA

Beint flug með Icelandair

Skemmtileg vikuförð í sólina á Spáni með Heilsborg og Sírý þar sem fléttað er saman hreyfingu, gleði, dekri og fræðslu. Heilsukokkur matreiðir kræsingar fyrir hópinn. Hentar fyrir einstaklinga og hópa, konur og karla á öllum aldri. Gist er á litlu, fallegu hóteli sem er eingöngu fyrir Heilsborgarhópinn.

Komdu léttari heim

Orihuela Costa Resort

12. – 19. maí

Verð frá 159.900 kr.*

og 15.000 Vildarpunktur

á mann m.v. 2 í tvíbýli

Innifalið: Flug til Alicante, flugvallaskattar, akstur til og frá flugvelli, gisting með hálfu fæði og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 169.900 kr.



Sírý og Anna Borg sjúkra- og einkaþjálfari sjá um fararstjórn og námskeið á Spáni.

Einstakt verð!

Síðustu sætin í maí á tilboði

5., 12. og 19. maí

Verð frá 69.900 kr.

Innifalið: Flug fram og tilbaka og skattar.

Anna og Sírý kynna ferðina á skrifstofu VITA mánudaginn 2. maí frá kl. 16 - 18.

Þú getur notað Vildarpunktana hjá okkur

Hjá VITA getur þú lækkað verðið á ferðinni þinni um allt að 10.000 kr. með 15.000 Vildarpunktum. Auk þess eru veittir 2.500 Vildarpunktur fyrir allar keyptar ferðir í leiguflogi með VITA. Þannig öðlast þú stöðugt fleiri tækifæri til þess að njóta lífsins.

 **Vildarklúbbur**


VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR
GROUP 

VITA er lífið



VITA | Skútvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is





ÖRN Í ÚTRÝMINGARHÆTTU Binay nefnist þessi örn á Filippseyjum. Hann er af filippseyskri arnartegund sem nú er í útrýmingarhættu. Einungis 500 pör eru úti í náttúrunni. NORDICPHOTOS/AFP

Pósthúsið og 365 óska eftir upplýsingum um skemmdarvarga í Kópavogi:

Dreifðu Fréttablöðum um götur

SKEMMDARVERK Óprúttir skemmdarvargar rifu upp fjölda pakkninga með Fréttablöðum, ætluðum blaðberum, í Kópavogi í nótt. Blöðunum dreifðu þeir um götur bæjarins, síðu fyrir síðu, svo úr varð mikill óþrifnaður.

Lögregla lét Pósthúsið, sem sér um dreifinguna, vita um klukkan fimm í gærmorgun og sendi Pósthúsið rakleiðis menn og bíla á staðinn til að þrifa upp blöðin. Þriffin tóku á fjórðu klukkustund.

Blöðin voru úr fimm hverfum, alls um fimm hundruð blöð.

Pósthúsið og 365, útgáfufélag Fréttablaðsins, líta málið alvarlegum

augum og verður málið væntanlega kært til lögreglu.

Fréttablaðið óskar eftir ábendingum frá hverjum þeim sem kunna að hafa orðið varir við skemmdarverkin í nótt. Eru þeir sem telja sig hugsanlega geta varpað einhverju ljósi á málið beðnir að hafa samband við Pósthúsið, í síma 585 8300.



FRÉTTABLAÐIÐ Fimm hundruð eintök af blaðinu lágu á við og dreif um götur Kópavogs.

Íslensku menntaverðlaunin: Forseti Íslands skipar í nefnd

MENNING Forseti Íslands skipaði í gær nýja dómnefnd fyrir Íslensku menntaverðlaunin.

Í dómnefnd sem fjallar um kennara koma ný Guðrún Geirsdóttir lektor, Gísli Jafetsson aðstoðarfrankvæmdastjóri og Anita Sigurbergsdóttir leiðtogafræðingur. Í dómnefnd sem fjallar um skóla og námsefni koma ný Lilja Jónsdóttir lektor, dr. Guðfinna S. Bjarnadóttir frankvæmdastjóri og Kári Arnórsson fv. skólustjóri Fossvogsskóla.

- óká



Laugardagur til *lista*

Í dag milli kl. 12.00 – 17.00 eru verk eftir Hörð Ágústsson, listmálara og fræðimann til sýnis í höfuðstöðvum Arion banka, Borgartúni 19. Upptökur af fyrirlestrum Péturs Ármannssonar og Ólafs Gíslasonar um listamanninn verða sýndar í ráðstefnusal bankans.

Verið velkomin.

 Arion banki



ISMAIL HANIYA Leiðtogi Hamas-samtakanna á Gasasvæðinu hélt blaðamannafund að loknum föstudagsbænum múslima í gær, tveimur dögum eftir að samkomulag tókst við Fatah.

NORDICPHOTOS/AFP

Hamas og Fatah undirrita samning í Kaíró eftir helgi: Bráðabirgðastjórn á herteknu svæðunum

PALESTÍNA, AP Leiðtogar tveggja helstu fylkinga Palestínnumanna, Fatah og Hamas, stefna á að hittast í Kaíró á þriðjudaginn í næstu viku til að undirrita og staðfesta sögulegan samning þeirra, sem kynntur var á miðvikudaginn.

Samningurinn felur í sér samstarf Hamas og Fatah um bráðabirgðastjórn á herteknu svæðunum, bæði Vesturbakkanum og Gaza. Þá er stefnt að kosningum innan árs.

Samkvæmt samkomulaginu verður Mahmoud Abbas, leiðtogi Fatah, áfram forseti Palestínustjórnar fram að kosningum.

Palestínnumenn virðast ekki gera sér neinar vonir um friðarsamkomulag við Ísrael á næstunni og stefna að því að óska næsta haust viðurkenningar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna á sjálfstæðu Palestínuríki.

Abbas sagðist þó í gær koma strax til að ræða við Ísraela, þjóði þeir honum til viðræðna, en þó með því skilyrði að framkvæmdir

tengdar ísraelskum landtökumönnum verði stöðvaðar.

Ísraelskum stjórnvöldum líst hins vegar ekkert á blikuna og segja að Abbas hafi nú gengið til liðs við hryðjuverkamenn, vegna þess að Hamas hafi það enn á stefnuskrá sinni að eyða Ísraelsríki.

Sveinn Rúnar Hauksson, formaður Félagsins Ísland-Palestína, segir að Hamas-samtökin hafi þó í reynd viðurkennt tilverurétt Ísraelsríkis.

„Palestínska þjóðin og öll stjórn málaöfl hennar, þar með talin Hamas, hafa lýst yfir vilja til að stofna sjálfstætt ríki innan landamæra frá 1967,“ segir Sveinn Rúnar. „Í því felst söguleg eftirgjöf á 78 prósentum lands Palestínu undir Ísraelsríki.“

Sveinn Rúnar segir að í þessu felist að sjálfsögðu viðurkenning á Ísraelsríki, „þótt áróðursmeistarar þess virðist trú á aðferðir Göbbels, að fólk trúí því á endanum sem er endurtekið nógu oft“.

- gb



Jökull Snær Þórðarson

Tíð

30. apríl – 15. maí
Opnun kl. 15 • allir velkomnir

LISTUNASALA
fold

Rauðararstígur 14, sími 551 0400 · www.myndlist.is



uppbodis

Vefuppboð nr. 3

30. apríl – 9. maí

Öll verkin eru til sýnis í Gallerí Fold



Verðmatsdagur í Gallerí Fold myndlist – antík

Næsta uppboð verður 16. maí

Af því tilefni bjóðum við þér uppá ókeypis verðmat sunnudaginn 1. maí, kl. 13–16

Sérfræðingar frá Antikbúðinni munu meta antik, hönnun, silfur, postulín og skartgrip

Antikbúðin
KAUPUM OG SELJUM

Opið virka daga 10–18, laugardaga kl. 11–16 og sunnudaga kl. 13–16

Svona gerum við gegn mosa.
Notum mosaeyði eða:

1. Tætum, rökum eða klórum mosann í grasflötinni.
2. Berum grasáburð á grasflötina.
3. Berum kalkáburð á grasflötina.
4. Sáum grasfræi í sárin.
5. Gott að blanda grasfræi saman við úrvals gróurmold áður en sáð er.
6. Græn og falleg grasflöt eftir 2-3 vikur.

Vinnan í garðinum
vnr.11494000
999 kr

Vinnan í garðinum



Laufhrífur
TILBOÐ
1.290



Grasfræ 1kg
garðablenda
1.699



Turbokalk
12.5 kg
TILBOÐ
1.895



Garðakalk
12.5 kg
TILBOÐ
1.795

Illgresiseyðir
Casoron 1kg.
3.499



Mosaeyðir
5 kg fata
TILBOÐ
3.395



Frábært verð, 10 kg.

Garðablámi
1.995 kr



Alhliða garðáburður

SUMARTILBOÐ

Nú er rétti tíminn

Tilboð
allt að 100sm
Sýpris

999 kr



Kryddplöntur
Mikið úrval
stórar og
flottar plöntur



Kryddplöntur:
Thymian, Oregano, Melissa,
Lavender og Rósmarín

Blómvendur
á betra verði!

Aðeins
1190 kr

Liljur og
blandaðir vendur



Blómportíð
alla föstudaga og laugardaga

Vorlaukar
40%
afsláttur



ÍS á **10** kr.
í Skútuvogi alla helgina



OPIÐ
1. maí
Grafarholti og
Skútuvogi

Tet a tet
Tilboð

99 kr



Hægt að planta
beint út í garð.
Meðan
birgðir endast

Aðeins brot af úrvalinu

Frostþolnir
útipottar

11441587-88-89
11441593-94-95

18 cm á hæð **1.490**kr
24 cm á hæð **1.990**kr
31 cm á hæð **2.990**kr



blómaval
heillandi heimur

Skútuvegur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær - Dalvík



REYKINGABANN Í KÍNA Kínversk stjórnvöld hafa sett bann við reykingum á svæðum innandyra sem ætluð eru almenningi, en þessi maður er á ferli utandyra í Peking og því í fullum rétti. NORDICPHOTOS/AFP

Dönsk hjón handtekin fyrir hrottafengin níðingsverk og vanrækslu:

Óhugnanlegt níð gegn níu börnum

DANMÖRK Réttarhöld yfir dönskum hjónum sem misþyrmdu til og vanræktu níu börn sín standa nú yfir. Hjónin bjuggu síðast með börn sín í niðurníddu húsi í bænum Brønderslev á Norður-Jótlandi. Þau eru sökuð um að hafa misþyrmt börnum sínum kynferðislega, þá helst elstu dótturinni sem er 21 árs gömul, og látið börnin búa við algjörlega óviðunandi aðstæður. Elsta dóttirin tilkynnti málið til yfirvalda á síðasta ári. Hjónin neita bæði sök.

Málið er talið hið alvarlegasta sinnar tegundar sem upp hefur komið í Danmörku, en mikið hefur verið fjallað um réttarhöldin í dönskum fjölmiðlum.

Börnin níu höfðu verið látin ganga um berfætt og þeim misþyrmt gróflega með bareflum.



HROTTAFENGID MÁL Danska lögreglan fékk fyrstu tilkynninguna um fjölskylduna árið 2006. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Lögreglumenn sem komu á vettvang hafa lýst þeim hræðilegu aðstæðum sem börnin voru látin búa við og sögðu að heimilið hefði angað

af saur og hlandi. Hvergi hefði verið pláss fyrir börnin til að leika sér og eldhúsið hefði verið uppfyllt af rusli og óhreindum. Heimilishundur hefði gert þarfir sínar innandyra og hvergi hefði verið að sjá fóður eða vatn handa honum.

Fimm dauðir hestar fundust við húsið og höfðu hræin verið étin af rottum og músum. Tveir hestar til viðbótar fundust á lífi, en voru afar hætt komnir sökum vannæringar og vanrækslu. Lögreglan fékk fyrstu tilkynningarnar um fjölskylduna árið 2006. Hjónin höfðu þá flust á milli bæjarfélaga til að forðast inngríp frá yfirvöldum. Þau voru þó ekki handtekin fyrr en á síðasta ári. Búist er við því að aðalmeðferð gegn hjónunum standi fram í næstu viku.

- 5V

Styrkir til rannsókna og verkefna í verkfræði, jarðefnafræði, byggingariðnaði, arkitektúr, tæknifræði og til skipasmíða

Styrkir úr Menningar- og framfarasjóði Ludvigs Storr

Stjórn Menningar- og framfarasjóðs Ludvigs Storr hefur ákveðið að veita styrki, samtals allt að 15 milljónum króna, í tilfni af 30 ára afmæli sjóðsins og 100 ára afmæli Háskóla Íslands.

Tilgangur sjóðsins er samkvæmt skipulagsskrá að stuðla að framförum á sviði jarðefnafræða, byggingariðnaðar og skipasmíða með því að styrkja vísindamenn á sviði jarðefnafræða, verkfræðinga, arkitekta, tæknifræðinga og iðnaðarmenn til framhaldsnáms, svo og að veita styrki til rannsókna á hagnýtum úrlausnarefnum í þessum greinum.

Umsóknarfrestur er til 1. júní 2011.

Umsóknareyðublöð og frekari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu Háskóla Íslands, www.hi.is, heimasíðu sjóðsins á sjóðavef Háskóla Íslands, www.sjodir.hi.is og vefslóðinni www.ludvigstorr.is.

Umsóknir skulu sendar í ábyrgðarpósti til Menningar- og framfarasjóðs Ludvigs Storr, Laugavegi 15, 101 Reykjavík.

Fyrirhugað er að úthlutun styrkja fari fram á haustmánuðum 2011.

Allar nánari upplýsingar veitir Sigurður P. Gíslason í síma 861 3173, hagvis@centrum.is.



HÁSKÓLI ÍSLANDS
1911-2011

Sæmdarrétt þarf að skýra í lögum

Fræðimenn telja sæmdarrétt listamanna óskýran í lögum. Sýningarstjóri umdeildrar listsýningar segir sæmdarrétt á Íslandi vera merkingarlaust hugtak.

MENNING Hugtakið um sæmdarrétt listamanna þarf að skýra í lögum og jafnvel endurhugsa frá grunni. Það er mat tveggja ungra fræðimanna, sem voru frum-mælendur á vel sóttu málþingi Reykjavíkarakademíunnar í gær, sem bar yfirskriftina: „Er sæmdarréttur tímaskekkja“.

Málefnið er ofarlega á baugi í menningarheiminum vegna deilu um notkun listamanna á bókinni Flora Islandica við gerð listaverksins „Fallegasta bók í heimi“, sem var hluti af sýningunni Koddur.

Útgefandi bókarinnar var ósáttur við meðferð listamannanna á bókinni, sem var ötuð út í matarleifum, og töldu að brotið væri á sæmdarrétti höfunda hennar. Egill Viðarsson, meistaranemi í þjóðfræði, sagði í fyrirlestri sínum að sæmdarréttur listamanna væri ekki órjúfanlegur hluti af höfundarrétti. Málið sé að hluta til af siðferðislegum og tilfinningalegum toga.

Hann bætti við í samtali við Fréttablaðið að í sæmdarrétti væri líka falinn tvískinnungur. „Þetta á stundum við og stundum ekki og er orðið eins konar valdatæki til að skelfa listamenn og heftir tjáningarfrelsi.“

Egill sagðist álíta að nú til dags afsöluðu listamenn hluta af siðferðislegum rétti sínum strax við útgáfu og erfitt væri að framfylgja lögum um sæmdarrétt þegar stafræn tækni stendur öllum til boða.

Teitur Skúlason sérhæfir sig í hugverkarétti og fjallaði um málið frá lagalegu sjónarmiði. Hann sagði í samtali við Fréttablaðið að afar erfitt væri að skilgreina brot á sæmdarrétti.

„Túlkun og beiting laganna um sæmdarrétt er óskýr og það þarf að bæta úr því. Skýring laganna



UMDEILD LISTSKÖPUN Verkið „Fallegasta bók í heimi“ hefur vakið upp líflega umræðu um rétt listamanna yfir verkum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

og frekari lagasetning gæti hins vegar reynst erfið, vegna þess að fagurfræði og mat listamanna er afar óheppilegur grunnur að lagasetningu.“

Hannes Lárusson, einn sýningarstjóra Koddur, segir þeirrar skoðunar að sæmdarrétturinn í íslensku listaumhverfi sé í raun merkingarlaust hugtak.

„Menn vita ekki hvar mörkin liggja í þessu.“

thorgils@frettabladid.is

Eurovisionleikur Íslandsbanka

Vinir Sjonna taka lagið á Blómatorginu í Kringlunni í dag kl. 15.00.

Á sama tíma verður þremur heppnum sigurvegurum í Eurovisionleik Íslandsbanka afhent risa gjafakort í verðlaun.



islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki

Nýr framkvæmdastjóri: Kristján ráðinn til Innovit

ATVINNUMÁL Kristján Freyr Kristjánsson var ráðinn nýr framkvæmdastjóri Innovit, nýsköpunar- og frumkvöðlasets. Ákvörðunin var tekin á stjórnarfundum fyrirtækisins í vikunni. Kristján tekur við stöðu Andra Heiðars Kristinssonar frá og með 1. júlí næstkmandi, en Andri hefur stýrt Innovit frá stofnun þess. Hann flyst nú til Bandaríkjanna í framhaldsnám.

Á fundinum kynnti Kristján meðal annars tillögur sínar að enn frekari eflingu nýsköpunarumhverfisins á Íslandi í samstarfi við þær fjölmörgu stofnanir sem starfað hafa með Innovit.

FORSETI ÍSLANDS

Fundað um uppbyggingu Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, fundaði í gær með forstjóra álsviðs Río Tinto og yfirmanni Evrópuveildar þess ásamt stjórnendum álversins í Straumsvík. Á vef embættisins kemur fram að rætt hafi verið um uppbyggingu og endurnýjun í Straumsvík, en verja á um 60 milljörðum króna til framkvæmdanna.

- 5V

GÖNGUM TIL KJARASAMNINGA – AF FULLRI ALVÖRU!

1. maíkaffi

RAFIDNAÐARSAMBANDS ÍSLANDS OG MATVÍSS

Munið árlegt 1. maí kaffi
Rafiðnaðarsambandsins og MATVÍSS
að Stórhöfða 27, Grafarvogsmegin,
í nýju húsnæði Rafiðnaðarskólans,
að lokinni kröfugöngu og útifundi.



**MATVÆLA- OG VEITINGAFÉLAG
ÍSLANDS**



**RAFIDNAÐARSAMBAND
ÍSLANDS**



BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

Tökum helgina snemma ! Lokað 1.maí í öll



ÍSLANDSNAUT **FERSK UNGNAUTAPIPARSTEIK**
2298 KR.KG



FERSK UNGNAUTA-MÍNÚTUSTEIK
20% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ: 3498 KR.KG
2798 KR.KG



ÍSLANDSNAUT **FORKRYDDAÐUR GRILL NAUTAVÖÐVI**
2298 KR.KG



LAMBHAGASALAT Í POTTI
275 KR.STK
LAMBHAGASALAT
VISTVÆN ÍSLENSK
FRAMLEIÐSLA



BAGUETTE BRAUÐ
129 KR.STK



100g LAMBHAGASPÍNAT Í BOXI
298 KR. 100g
LAMBHAGASALAT
VISTVÆN ÍSLENSK
FRAMLEIÐSLA



GÆÐABAKSTUR MALTBRUÐ 230g
159 KR. 230g



ROOKEE NÚÐLUR 85g 4 TEGUNDIR
AÐEINS 35 KR PAKKINN



NÝBAKAÐAR MJÚKAR KRINGLUR
198 KR. 4 stk.



695 KR. KIPPAN

PEPSI & PEPSI MAX
4 FL. X 2 LTR.



98 KR. POKINN

EUROSHOPPER SNAKK 200G
KARTÖFLUFLÖGUR


AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARD: 10-18

BONUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

um verzlunum Bónus á frídegi verkafólks



Sérskorið ferskt Bónus lambalæri þar sem efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið er skorið frá og því er meira kjöt og minna bein á lærinu!



1359 KR.KG

BÓNUS SÉRSKORIÐ FERSKT LAMBALÆRI



BÓNUS
KALDAR GRILLSÓSUR



198 KR. 270ml.

Sérskorið kryddað lambalæri þar sem efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið er skorið frá og því er meira kjöt og minna bein á lærinu!



1498 KR.KG

ÍSLANDSLAMB SÉRSKORIÐ FERSKT KRYDDAÐ LAMBALÆRI



798 KR.KG

KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA FROSINN LAMBABÓGUR



EUROSHOPPER FROSINAR
KJÚKLINGABRINGUR 900g
Kjúklingafille
1398 KR.POKINN



1298 KR.KG

KS FROSIÐ LAMBALÆRI Í SNEIÐUM



Ali

ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR
698 KR.KG



Caj-P.
GRILLOLÍA 500ml
ÓMISSANDI
Á GRILLKJÖTIÐ
398 KR.



Ali

ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR
998 KR.KG



ÞÝSKAR FROSINAR GRÍSA LUNDIR
1398 KR.KG



Hunt's

Hunt's grillsósur
Honey Mustard
Original BBQ sósá
612 ml flaska
225 KR.



ÞÝSKAR FROSINAR NAUTALUNDIR
3598 KR.KG



FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
679 KR.KG.

**FERSKUR
KJÚKLINGUR
FRÁ KJÖRFUGLI
GOTT VERÐ
Í BÓNUS**



FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1959 KR.KG.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veitutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARD: 10-18

Nú skulu sköpuð störf en þurfir þú eina milljón í evrum áttu það undir vilja embættismanna.

Ríkisstjórnin ræður örlögum sínum

Að virtri beiðni umbjóðanda yðar, þ.m.t. tilgangi hennar, þeirrar fjárhæðar sem um er að ræða, þeim hagsmunum sem eru í húfi, þeim gögnum sem beiðninni fylgdu og þeim sjónarmiðum sem lögð eru til grundvallar af hálfu bankans við mat á henni, sbr. 2. mgr. 7. gr. laga um gjaldeyrismál, er það niðurstaða Seðlabankans að fallast á beiðnina og er félögunum saman veitt heimild til úttektar af gjaldeyrisreikningi að fjárhæð 7.270 evrur og 150 sterlingspund.

SKOÐUN

Björn Þór Sigbjörnsson
bjorn@frettabladid.is



Ofangreint er hvorki frá þeim tíma þegar amma var ung né frá Norður-Kóreu. Þetta var skrifað í Seðlabanka Íslands í fyrradag og undirritað af aðstoðarseðlabankastjóranum og staðgengli forstöðumanns gjaldeyriseftirlits bankans.

Samherji má sem sagt taka út sem svarar til rúmlega einnar milljónar króna svo starfsmenn fyrirtækisins geti sótt sjávarútvegssýninguna í Brussel í næstu viku.

Það er ekki síst út af svona rugli sem álit fólks á ríkisstjórninni er lítið. Ekki þarf forsögu Þorsteins Más forstjóra, um að þrettán manns hafi komið að málinu og eytt í það fimmtán klukkutímum, til að hneykslast.

Í óskapnaðinum sem regluverkið um gjaldeyrishöftin er birtist – óvart líklega – afstaða stjórnvalda til atvinnulífsins. Fyrirtækjum eru settar skorður um hvernig þau mega ráðstafa eigin peningum og á þessu dæmi Samherja sést glögglega að þær skorður eru fátalgar.

Forkólfar atvinnurekenda hafa því nokkuð til síns máls þegar þeir segja ríkisstjórnina standa sig illa gagnvart atvinnulífinu, með tilheyrandi skaða fyrir fyrirtækin og um leið fólkið í landinu. Auk gjaldeyrishaftanna koma þar til skattastefnan, afstaðan til virkjana og stóriðju og fleira.

Í gær birti hins vegar til í samskiptum ríkisstjórnarinnar og atvinnulífsins. Eftir mánaðabaráttu særðu Samtök atvinnulífsins út yfirlýsingu úr Stjórnarráðinu um ýmsar verklegar framkvæmdir sem ráðast á í. Þrátt fyrir að samtökin – og aðrir – hafi ömurlega reynslu af yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við stöðugleikasáttmálann 2009 ætla þau að treysta því að nú fylgi efnir orðum.

Mikið er í húfi fyrir samfélagið. Störfum þarf að fjölga og almenn hagsæld að aukast. Þetta vita ráðherrarnir og hafa svosem vitað lengi en lítið aðhafst til að rétta stöðuna við. Ráðherrarnir vita líka að það er mikið í húfi fyrir ríkisstjórnina. Standi hún ekki við yfirlýsingar sínar nú eru dagar hennar einfaldlega taldir.

En ekki er allt unnið með fleiri störfum og auknum umsvifum í atvinnulífinu. Það þarf að hætta svona bulli eins og Samherjamennt þurftu að standa í til að komast til Brussel.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

1. maí kaffi

Samfylkingin í Kópavogi býður í kaffi **1. maí** í Hamraborg 11, 3. Hæð kl:15:00

Ræðumenn:

Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, **Kristín Á. Guðmundsdóttir**, formaður Sjúkrliðafélags Íslands og **Guðríður Arnardóttir**, oddviti Samfylkingarinnar í Kópavogi.

Tónlist og fjöldasöngur

Stjórnin

Hlökkum til að sjá ykkur

Samfylkingin
í Kópavogi



AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Skollaeyrum skellt við aðvörun

Þegar síðasta vaxtaákvörðun var kynnt fylgdi alvarleg viðvörun frá hagfræðingum Seðlabankans vegna þeirra kauphækkunar tilboða sem þá höfðu verið kynnt. Sérfræðingar bankans töldu að launabreytingar gætu farið yfir þau mörk sem stöðugleikinn þolir.

Í ljósi alls þess sem á undan er gengið í þjóðarbúskapnum vekja viðbrögðin við þessari aðvörun athygli. Ríkisstjórnin hefur ekki tekið afstöðu til hennar. Forystumenn ASÍ og SA hafa ekki veitt andsvör. Enginn hefur tekið málið upp á Alþingi. Fjölmíðlar láta aðvörunina eins og vind um eyru þjóta.



ÞORSTEINN PÁLSSON

Gríðarleg framför hefur orðið við gerð kjarasamninga síðustu þrjá áratugi. Samningamönnum beggja megin borðsins er ljóst að lífskjör verða því aðeins bætt að raunveruleg verðmætasköpun liggja að baki. Eigi að síður er það svo að fjölmiðlaumræðan um kjarasamninga ræðst fremur af tilfinningum en köldum staðreyndum þjóðhagsreikninga. Ugglaut er það þessi gamli tilfinningurinn um orkunýtingu og það hvort sjávarútvegssstefnan eigi að ráðast af félagslegum sjónarmiðum eða kröfum um hagkvæmni. Þegar gera á kjarasamninga um sýndan hagvöxt en ekki gefinn skiptir þessi ágreiningur vitaskuld máli. Ef draga á úr hagkvæmni í rekstri höfuðatvinnugreinarinnar þrengir það eðlilega svigrúm til launahækkana.

Samkeppnisstaðan

Forystumenn launafólks og atvinnufyrirtækja voru sammála um að fara svokallaða atvinnuleið. Hún var um flest reist á skynsamlegum rökum. Gallinn var sá að hún byggði á óörðnum hagvexti sem ekki var unnt að reikna með að óbreyttri stjórnarstefnu. Meiri aðgæsla hefði falið í því að miða við þá verðmætasköpun sem menn hafa í hendi. Þá hefði heldur ekki reynt á spurninguna hverjir stjórnðu landinu.

Verkurinn er sá að forystumenn atvinnulífsins voru tilbúnir að teygja sig lengra til að mæta viðsemjendum sínum og efla fyrirtækin. Þá reka menn sig á vegg. Það er

ágreiningurinn um orkunýtingu og það hvort sjávarútvegssstefnan eigi að ráðast af félagslegum sjónarmiðum eða kröfum um hagkvæmni. Þegar gera á kjarasamninga um sýndan hagvöxt en ekki gefinn skiptir þessi ágreiningur vitaskuld máli. Ef draga á úr hagkvæmni í rekstri höfuðatvinnugreinarinnar þrengir það eðlilega svigrúm til launahækkana.

Nú liggur fyrir að ríkisstjórnin er ófús til samninga um stefnu sína á þessum sviðum. Deila má um hversu skynsamlegt það er. Hitt er ótækt að snúa því upp í átök um hver eigi að stjórna landinu. Oft hafa ríkisstjórnir verið fúsar til samstarfs

ingrundvöllur kjaraviðræðna sem ráðið hefur mestu um að menn hafa skellt skollaeyrum við þeim aðvörunarorðum sem komu úr Seðlabankanum á dögnum.

Kjaraviðræður sem fóru af stað með það sameiginlega markmið launafólks og stjórnenda atvinnufyrirtækjanna að bæta kjörin með aukinni verðmætasköpun snerust upp í deilu um hver eigi að stjórna landinu. Verkalýðsfélög hafa oft verið sökuð um að nota vald sitt til að stjórna þjóðfélaginu. Nú er það LIÚ. Einu gildir hver á í hlut. Reynslan sýnir að hvorki launafólk né atvinnufyrirtæki hafa hag af átökum á þeim forsendum.

jafnvel við auðveldari aðstæður en nú eru. Sé sá vilji hins vegar ekki fyrir hendi er tömt mál að lemja höfðinu við steininn. Ríkisstjórnin hefur valdið.

Að því gefnu að ríkisstjórnin vilji ekki samstarf út fyrir veggja þingflokka sinna um orkunýtingu og sjávarútveg verða atvinnufyrirtækin að semja út frá samkeppnisstöðunni eins og ætla má að hún verði þegar sjávarútvegssstefnunni hefur verið kollvarpað. Þær þjóðir í Evrópu sem best standa um þessar mundir hafa látið samkeppnis-sjónarmið þjóðarbúsins ráða kjaraákvörðunum. Höfum við efni á öðru?

Verðbólguleiðin er nú opin

Hættan sem við stöndum andspænis er sú að tilbúið um atvinnuleiðina hafi þegar vakið eftirvæntingu um hagvöxt sem óvíst er að verði. Að því leyti er skiljanlegt að SA hafi ríghaldið í vonina. Forystumennirnir vita sem er að erfitt er að ná niðurstöðu í samningum um lægri tölur en gefnar hafa verið til kynna.

Verði hagvaxtarleiðin ekki farin er lítil von til þess að innstæða verði fyrir þeim launahækkunum

sem nefndar hafa verið. Kjarni málsins er sá að frámar óskir um atvinnuleið og raunhæfar kjara-bætur geta þannig endað í gamaldags verðbólguleið. Hagfræðingar Seðlabankans töluðu einfaldlega ekki út í bláinn þó að þeir hafi enn sem komið er talað upp í vindinn.

Stjórnskipulegum rétti ríkisstjórnarinnar til að stjórna landinu fylgir að sama skapi pólitísk ábyrgð. Nú reynir á þá ábyrgð. Hún felst fyrst og fremst í því að hafa forystu fyrir umræðu og

ráðstöfunum sem komið geta í veg fyrir að kjarasamningar leiði til aukinnar verðbólgu.

Ríkisstjórnin hefur hafnað því að ræða leið Samtaka atvinnulífsins. Þá þarf hún að gera aðrar ráðstafanir sem tryggja sambærilega samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækjanna eða draga ella niður þær væntingar um launahækkunir sem búið er að skapa. Skjóti ríkisstjórnin sér undan þessari ábyrgð blasir við opið hlið verðbólguleiðarinnar.

1. MAÍ ALPJÓÐLEGUR BARÁTTUDAGUR LAUNAFÓLKS

Fjölmennum
í kröfugöngur
og sýnum í verki
að við krefjumst
bættra kjara



STÉTTARFÉLAG
Í ALMANNAPJÓNUSTU



TRYGGT STUDNINGSNET

BÆTT KJÖR

BJARTARI FRAMTÍÐ FYRIR LAUNAFÓLK

STERKT VELFERÐARKERFI

AUKIN ATVINNA

SAMSTÆÐA

JÖFNUÐUR

AUKINN KAUPMÁTTUR

Fyrsti maí – dagur samstöðu

Verkalýðsmál

Elín Björg Jónsdóttir
formaður BSRB



Fyrsti maí – alþjóðlegur baráttudagur verkalýðsins. Í raun þarf ekki að segja mikið meira um þennan dag en bara þetta; mikilvægi hans og hlutverk liggur í þessum orðum. Um þennan dag liggur órofa þráður allt frá frönsku byltingunni til launafólks nútímans. Það var á hundrað ára afmæli byltingarinnar, árið 1889, þegar ákveðið var að þessi dagur skyldi helgaður baráttu verkalýðs um allan heim. Hingað barst hefðin árið 1923 þegar fyrsta kröfugangan var farin. Og á morgun göngum við enn.

Við göngum til að minnst unninna sigra, til að minnst genginna kynslóða og áunninna réttinda. Við göngum til að heiðra forgöngumenn og konur sem börðust fyrir réttindum sem við teljum í dag sjálfsgöð. Sem börðust fyrir átta stunda vinnudegi, betri vinnuaðstöðu, bættum kjörum, öfluglu velferðarkerfi og mannsæmandi húsnæði. Börðust og höfðu sigur. Þeirra minnumst við nú.

En fyrsti maí er ekki bara minningarhátið, öðru nær. Um leið og við lítum til fortíðar er nauðsynlegt að horfa einnig fram á veg. Horfa til þess sem er óunnið og þar er af nógu að taka.

Undanfarin ár hafa verið okkur erfið og endurreisn

íslensks samfélags hefur kostað okkur miklar fórnir. Launafólk hefur þurft að taka á sig kjaraskerðingu og ótal margir hafa misst vinnuna. Langtíma-atvinnuleysi er orðið vandamál í íslensku samfélagi. Skorið hefur verið niður og nú er svo komið að sjálfu velferðarkerfinu, fjöreggi þjóðarinnar, er hættu búin. Þar verður einfaldlega ekki skorið meira niður eigi að viðhalda því öryggisneti sem velferðarkerfið er og forfeður okkar komu á fót, oftast en ekki við mjög erfiðar aðstæður.

Það er fráleit staða að ríkisvaldið og sveitarfélögin hafi ekki getu og kjark til að ganga frá samningum við sína starfsmenn, heldur láti lítinn hluta atvinnurekenda ráða för í kjarasamningum. Slíkt ber ekki vott um virðingu fyrir starfsmönnum.

Fyrsti maí á að brýna okkur til góðra verka. Hann á að efla samstöðu okkar, hvetja okkur til að taka höndum saman og byggja upp réttlátt þjóðfélag. Öll hljótum við að vilja réttlátt þjóðfélag og ef viljinn er til staðar er annað einungis úrlausnarefni. Vissulega flókið, en með samstöðu okkar allra tekst okkur ætlunarverkið.

BSRB hefur margoft lýst sig reiðubúið til viðræðna um breytta samfélagsgerð, um uppbyggingu þjóðfélagsins. Slíkar viðræður eiga hins vegar að

vera ótengdar kjarasamningum. Það er sorgleg staðreynd að fyrsti maí renni nú upp og enn sé ósamið eftir að kjarasamningar hafa verið lausir í hálf ár. Það er fráleit staða að ríkisvaldið og sveitarfélögin hafi ekki getu og kjark til að ganga frá samningum við sína starfsmenn, heldur láti lítinn hluta atvinnurekenda ráða för í kjarasamningum. Slíkt ber ekki vott um virðingu fyrir starfsmönnum.

Stjórn BSRB hefur samþykkt ályktun þar sem fjármálaráðherra, Samband íslenskra

Kvótamálið og launafólkið

Fiskveiðistjórnun

Matthías Kristinsson

fyrirverandi skólastjóri



Það er ólífandi að Samtök atvinnulífsins skuli stilla almennu launafólki upp við vegg og halda því í gíslingu vegna fiskveiðikvótamáls sem er svo stórgallað að brýn þörf er á að breyta því.

Af þeim sökum vil ég koma með innlegg í umræðuna og set það fram sem tillögu til lausnar á kvótakerfinu sem nánast ekkert gott hefur látið af sér leiða.

Tillagan byggir á eftirfarandi atriðum:

1. Auðlindin er og verður alla tíð þjóðareign og skulu veiðiheimildir aðeins leigðar út af íslenska ríkinu samkv. ákv. reglum.
2. Núverandi kvótahafar skulu þó halda kvótaveiðiheimildum sínum án veiðigjalds næstu fjögur árin

en allur viðbótarkvóti skal leigður út af ríkinu.

3. Þeir sem sannanlega hafa keypt kvóta skulu halda honum, að frádregnum þeim kvóta sem þeir hafa selt, án veiðigjalds næstu 10-15 árin.

4. Kvótaveiðiheimildin erfist ekki og skal hún hvorki vera framseljanleg né leigð öðrum.

5. Sé kvótaveiðiheimildin ekki nýtt að neinu marki í tvö ár samfellt fellur kvótaveiðiheimildin niður. Þó má sama útgerð flytja kvótaveiðiheimild á milli skipa í eigin eigu.

6. Allan aflu skal koma með að landi og verði handhafi kvótaveiðiheimildar uppvís að aflabrottkasti getur það orðið til þess að kvótaveiðiheimild hans falli úr gildi. Sama getur átt við ef handhafi kvótaveiðiheimildar verður uppvís að stórfelldum skattsvikum.

Það er von mín að þessi ofangreindu atriði, ásamt öðrum, geti orðið til að lausn finnist á þessu leiðinda máli og að sátt verði í framtíðinni um sjávarútvegsmál, kaup og kjör vinnandi fólks og lífskjör öryrkja og aldraðra í landinu.



Sé kvótaveiðiheimildin ekki nýtt að neinu marki í tvö ár samfellt fellur kvótaveiðiheimildin niður. Þó má sama útgerð flytja kvótaveiðiheimild á milli skipa í eigin eigu.

Rýmingarsala



Carl A. Bergmann

Laugavegi 55



**40 – 70% afsláttur af úrum, klukkum, skartgripum ofl.
Opið verður frá 10-22 alla daga til 8. maí 2011**

**Verzlunin hættir, allt á að seljast!
Þökkum kærlega fyrir traust viðskipti í tæp 70 ár.**

Vinsamlega sækið viðgerð úr og klukkur



BSRB félagar

Sýnum samstöðu og fjölmennum á baráttufundi 1. maí

Tökum höndum saman og reisum íslenskt samfélag við á ný.
Verjum velferðarkerfið og byggjum upp réttlátt þjóðfélag.

Munið 1. maí kaffi BSRB að Grettisgötu 89
að loknum baráttufundi á Austurvelli.

**Höldum sameinuð
fram á veg!**





ÍTR slátrað!

Borgarmál

Geir Sveinsson

varaborgarfulltrúi
Sjálfstæðisflokksins



Í síðustu viku á fundi borgarstjórnar var samþykkt að slíta í sundur starfsemi Íþrótt- og tómstundasviðs Reykjavíkur, ÍTR. Ástæðan er fyrirhugaður flutningur á starfsemi tómstunda í nýtt sameinað ráð skóla- og frístundamála. Ekki ætla ég að mæla gegn breytingum á stjórnkerfinu sem einfalda hugsanlega rekstur þess og stjórnsýslu, svo ég tali nú ekki um ef um skynsamlegar breytingar er að ræða. En þegar breytingarnar eru gerðar með þeim hætti sem hér um ræðir get ég ekki orða bundist. Hlutirnir keyrðir í gegn án nokkurrar faglegrar umræðu og á einungis fjórum sólarhringum eftir að tillagan um að kljúfa ÍTR í herðar niður hafði verið kynnt í fyrsta skipti var búið að samþykkja tillöguna í borgarráði og daginn eftir í borgarstjórn.

Eftir sitja um 1.100 starfsmenn sviðsins sem vita í raun ekkert hvað til stendur og þurfa að bíða í óvissu þangað til meirihlutinn hefur áttáð sig sjálfur á þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru. Hvað fylgir hverju, hvað á að vera hvar og hverjir fara hvert.

Ekki ein einasta umræða eða fagleg vinna átti sér stað í ÍTR að frumkvæði meirihlutans um fyrirhugaðar breytingar og ekki minnsti vottur af einhverjum áhuga á að eiga eitthvert samráð, samræður eða yfir höfuð gefa minnihlutunum færi á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Ekkert.

Minnihlutinn óskaði eftir aukafundi til að ræða þessar fyrirhuguðu breytingar og fengum við fund einungis klukkustund áður en afgreiða átti tillöguna í borgarráði. Á þessum aukafundi var okkur tjáð að málið væri allt á umræðustigi og ekki stæði til að keyra breytingarnar í gegn í borgarráði.

En viti menn, tæpum tveimur tímum síðar var búið að afgreiða málið í borgarráði. Meirihlutinn í ÍTR hafði ekki einu sinni haft kjark til að koma fram af hrein-skilni gagnvart minnihlutunum í þessu máli og ræða stöðuna eins og hún var og hvað til stæði.

Besti flokkurinn og Samfylking keyrðu því þessar breytingar í gegn án allrar umræðu. Þetta fólk sem sagði okkur fyrir síðustu kosningar að það væri riddarar nýrra og bættra vinnubragða í stjórnmalum. Þetta hlýtur bara að hafa verið partur af öllu gríninu. Því óumlegri vinnubrögðum hef ég ekki kynnst á mínum ferli.

Ef einhver skemmdaverk hafa verið framin þá eru það þær breytingar sem meirihlutinn fyrirhugaði á ÍTR. Það er verið að kljúfa í herðar niður flaggskip Reykjavíkurborgar, ÍTR, það svið sem í hugum almennings skorar hæst í öllum könnunum og er að skila frábæru starfi og þjónustu til borgabúa. Vörumerkið, ÍTR, sem er eitt sterkasta „brand“ borgarinnar, á að leggja niður og ástæðan er óljós.

Þetta er sorgleg málsmeðferð. En sorglegust er auðvitað frammi-staða fulltrúa Besta flokks og Samfylkingar í ÍTR sem ekki einu sinni lyftu litla fingri til að verja hið góða starf sem starfsfólk ÍTR hefur verið að vinna og er nú komið í uppnám. ÍTR var einfaldlega slátrað í skjóli nætur.

FRÉTTIR

VIÐSKIPTI

ÍÞRÓTTIR

LÍFIÐ

UMRÆÐAN

FÁÐU BEITTUSTU BRANDARANA Í SÍMANN

Skopmyndir Halldórs Baldurssonar eru á Vísi



Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.



Meiri Vísi.

m.visir.is
Fáðu Vísi í símann!

visir

AUKUM ATVINNU - BÆTUM KJÖRIN

Göngum saman 1. maí

1. maí gangan í Reykjavík

- Söfnumst saman á horni Snorrabrautar og Laugavegar kl. 13.
- Upphitun með vel völdum lögum lúðrasveitanna.
- Lagt af stað niður Laugaveg kl. 13:30.
- Örræður fluttar meðan á göngunni stendur.
- Lúðrasveit verkalýðsins og Lúðrasveitin Svanur leiða gönguna niður á Austurvöll.
- Útifundur á Austurvelli kl. 14:10 - 15:00.

Dagskrá útifundar á Austurvelli

Ávarp fundarstjóra: **Ingvar Vigur Halldórsson**, stjórnarmaður í Eflingu

Ræða: **Signý Jóhannesdóttir**, varaforseti ASÍ

Hljómsveitin Dikta

Ræða: **Garðar Hilmarsson**, 2. varaformaður BSRB

Hljómsveitin Dikta

Ávarp: **Heiða Karen Sæbergisdóttir**, formaður Sambands íslenskra framhaldsskólanema

Í lok fundar syngjum við saman **Internationalen við undirleik Lúðrasveitar verkalýðsins og Lúðrasveitarinnar Svanur.**

Samtök launafólks
á almennum og
opinberum markaði





Við styðjum Félag heyrnarlausra í baráttu fyrir viðurkenningu tákn málsins

Stjórn og starfsfólk Eflingar-stéttarfélags styður þá kröfu Félags heyrnarlausra sem hefur barist fyrir því í þrjá áratugi að tákn málið hljóti opinbera viðurkenningu. Þetta eru grundvallar mannréttindi sem heyrnarlausir hafa farið fram á. Við hvetjum Alþingi Íslendinga til að viðurkenna tákn málið sem er grunnur að öðrum réttindum þessa hóps svo sem til túlkunar, aukinna tækifæra í menntun og tryggara umhverfi fyrir nýfædd heyrnarlaus börn.

Stjórn Eflingar-stéttarfélags



Stendur með þér!



Við opnu nýja verslun í Smáralind

(Við hlið Debenhams)





um í dag

Í tilefni dagsins

þjóðum við öllum sem koma til okkar
í Smáralind upp á kaffi og Svala drykk,
nýbakaðar kleinur og ilmandi kanilsnúða.

Börnin fá líka blöðrur.

Verið þið velkomin!

(Opið í Smáralind 1. maí).



TIGER

Villidýr á verði • tiger.is



KÓRASTARF FYRIR BÖRN FRÁ FJÖGURRA ÁRA ALDRI

Söngstarfið í Langholtskirkju hefst við ungan aldur. Söngelskir krakkar geta mætt í krúttakórinn svonefnda sem tekur við börnum frá fjögurra ára aldri. „Það má segja að kórastarf í skólum hafi hrúnið í kjölfar misheppnaðra samninga við tónmenntakennara um 1990. Kirkjan sá sér þá leik á borði að efla kórastarf og ég var spurður hvort ég væri til í að setja á lagginn barnakór í Langholtskirkju. Ég sagðist vera til ef ég fengi að ráða ferðinni og frá upphafi ákváðum við að setja á fót kórskóla fyrir börn þar sem aldurstakmarkið væri sjö ár. Nokkrum árum síðar kom krúttakórinn til sögunnar.“ Barna- og unglingastarfið hefur svo haldið áfram að þróast og nú eru starfandi krúttakórinn, Gradualekórinn og Graduale futuri. Eftir átján ára aldur er möguleiki fyrir 24 góðar söngkonur að komast inn í Graduale nobili sem Jón handvelur inn í. „Það er mjög gefandi að fylgjast með stelpunum frá unga aldri,“ segir Jón.



Alltaf gaman að mæta í vinnuna

Eldhuginn **Jón Stefánsson** hefur verið lífið og sálin í öflugum tónlistarstarfi Langholtskirkju frá unga aldri. *Sigríður Björg Tómasdóttir* hitti Jón á heimavelli í Langholtskirkju og ræddi um tónlist og ástríðuna fyrir að miðla henni en Jón hlaut nýverið Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins í flokknum frá kynslóð til kynslóðar fyrir tónlistarstarf sitt með börnum og unglingum.

Jón Stefánsson organisti, kórstjóri og tónlistarfrömuður er sannarlega á heimavelli í Langholtskirkju. Hann tekur á móti blaðamanni inni á hlýlegri skrifstofu með mörgum skjalastöflum og býður upp á kaffi. Spurður hvenær hann hóf störf í kirkjunni svarar hann því til að hann þori varla að segja frá því: „Það var árið 1964, ég var sautján ára,“ hljóðar svo svarið. Mynd á vegg skrifstofunnar af fyrstu jólatónleikum Langholtskirkjukórsins undir stjórn Jóns sýnir glögg hversu strákslegur Jón var þegar hann hóf að stjórna kórnum og starfa við tónlist. En byrjum á byrjuninni, hvernig kviknaði tónlistaráhuginn?

„Ég er alinn upp í Mývatnssveit, afi minn var organisti og það var auk þess sem Jón átti ólokið grunn-skóla og sótti líka tíma í Hagskóla. „Ég er alinn upp í sveit, var í sveitaskóla sem stóð í nokkra mánuði á veturna þannig að ég var ekki búinn með grunnskóla. Það varð til þess að fyrsta veturinn minn í Reykjavík var ég 62 tíma í skóla á viku, fyrir utan að æfa mig nokkra tíma á dag á orgelið. Ætli það megi ekki segja að maður hafi lært að skipuleggja tímann sinn,“ segir hann. Starf organista var ekki fullt starf og fljótlega fór Jón að kenna, byrjaði í Vogaskóla en færði sig síðar yfir í Árbæjarskóla. „Ég var lítið eldri en elstu nemendurnir þegar ég byrjaði að kenna í Vogaskóla. Það gerðist til að mynda eitt sinn þegar ég sat á kennarastofunni og var að reykja pípu, að virðuleg eldri kennslukona hreytti í mig að það væri ekki

og bætir við að stór hluti kórfélaga hafi „alist upp“ í Langholtskirkju, vaxið og dafnað í barnakórum kirkjunnar. Þess má geta að eftir að hafa lokið einleikaraprófi í orgelleik hefur Jón tvisvar nýtt tækifæri til frekari menntunar, eitt ár var hann í framhaldsnámi í kórstjórn og orgelleik í München og svo nam hann í Vínarborg eftir tíu ára vinnu við kennslu.

En eins og áður sagði starfaði Jón lengi sem kennari meðfram vinnu sinni í Langholtskirkju. Hann segir það hafa verið afar gefandi. „Ég fann mig alltaf mjög vel í að vinna með ungu fólki og það gekk vel. Tónmenntatímarnir eins og það hét voru með vinsælustu greinum í Árbæjarskóla þó ég segi sjálfur frá. Ég sá alltaf rosalega eftir því að hætta í Árbæjarskóla sem ég gerði þegar ég fékk



Ég byrja alla morgna á því að moka skít, er með hesthús í Garðabæ. Og ég er svo mikill sveitamaður í mér að ef ég kemst ekki út úr bænum í viku þá finnst mér ég vera að kafna.

alltaf mikil tónlist á heimilinu. Frá unga aldri var tónlist hluti af lífinu, það voru kóræfingar heima og ég stóð stundum við hlið pabba og þóttist vera að syngja bassann. Svo gerðist það man ég að ein frænka mín lærði að spila Gamla Nóa. Þá fékk ég svo mikla minnimáttarkennd, langaði líka til að kunna lagið og fór að fíkra mig áfram. Svo var afi allt í einu farinn að kenna mér á orgel.“

Námið gekk vel og raunar var Jón aðeins þrettán ára þegar hann leysti afa sinn fyrst af yfir jól. „Svo var ég sendur suður í það sem þá hét Söngskóli þjóðkirkjunnar, í raun til að ég yrði betur fær um að taka við af afa,“ segir Jón og rifjar upp hvernig örlögin leiddu hann annað en aftur norður í land.

Jafnaldri nemanna

„Fyrsta vorið mitt hér í Reykjavík gerist það að þáverandi organisti í Langholtskirkju fékk hjartaáfall. Þá var hringt í Dr. Róbert [A. Ottósson þáverandi söngmálastjóra þjóðkirkjunnar] og hann beðinn um að benda á einhvern sem gæti leyst hann af. Hann benti á mig og ég hljóp í skarðið. Um haustið var mér boðin fastráðning og maður var nógu ungur og vitlaus til að taka því, en þá var ég orðinn átján ára.“

Jón hafði sannarlega í nógu að snúast á þessum tíma, námi í orgelleik í Söngskóla þjóðkirkjunnar fylgdi nám í tónmenntakennslu

til síðs að nemendur sætu hér inni og reyktu,“ segir Jón og bætir við að það hafi verið alveg ómögulegt að vera nemandi dr. Róberts án þess að byrja að reykja pípu. „Eins og allir miklir leiðtogar þá hafði hann mikil áhrif,“ segir Jón og hlær.

Í Vogaskóla kynntist Jón einnig konu sinni Ólöfu Kolbrúnu Harðardóttur söngkonu. „Hún byrjaði í kórnum fjórum mánuðum á undan mér, svo kenndi ég henni í Vogaskóla, hún var þá sextán og ég átján.“

Kennslan skemmtileg

Jón segist strax hafa fundið sig mjög vel í kennslu og kórstjórn. „Ég byrjaði strax aðeins að túska kórinn þegar ég tók við honum. Kórinn var eins og hann gerðist þá, mikið af eldra fólki. Þá tíðkædist að fólk fékk greitt fyrir að vera í kirkjukór, eina upphæð á ári. Vegna þess að upphæðin var föst þá var andstaða við að stækka kórana. En svo fengum við fleira fólk inn og yngri stjórn og það var ákveðið að verja upphæðinni til þess að styrkja starf kórsins.“ Það tókst vel sem kunnugt er enda hefur Langholtskirkjukór um árabil verið meðal fremstu tónleikakóra landsins. „Nú er það meira að segja orðin hálfgerð stefna kórsins að einsöngvarar komi úr kórnum. Sú verður til dæmis raunin á vortónleikum kórsins í maí,“ segir Jón

fullt starf hér í kirkjunni,“ segir Jón sem kenndi í Árbæjarskóla til ársins 1982.

Æfir fyrir Bjarkartónleika

Síðan þá hefur hann verið lífið og sálin í öflugum tónlistarstarfi í Langholtskirkju. Frá árinu 1990 hafa barnakórar og kórskóli bæst við kirkjukórinn og var síðasta viðbótin Graduale nobili, kór fyrir stúlkur sem vaxnar eru upp úr Graduali futuri kórnum. Jón handvelur í kórinn sem sinnir metnaðarfullum verkefnum og ekki öllum jafn fyrirjáanlegum. „Tónlistin tekur oft óvæntan snúning. Ég fékk símtal frá Björk síðasta sumar þegar ég var nýkomin með þær heim úr kórakeppni í Wales. Björk hafði heyrt af því í útvarpinu og hringdi í mig og falaðist eftir samstarfi. Ég sagði bara já, og svo voru æfingar með Björk á haustmánuðum. Þetta hefur reyndar verið mikil vinna, tónlist Bjarkar er mjög krefjandi, þessar stelpur sem eru mjög vanar hafa alveg þurft að setja í lága drifið,“ segir Jón og bætir við að mánaðarferð til Manchester með Björk sé fram undan. „Við komum fram á sex tónleikum með henni þar og einum í London, þetta er mikið ævintýri.“

Jón á sér ýmis önnur hugðarefni en tónlist. „Ég byrja alla morgna á því að moka skít, er með hesthús í Garðabæ. Og ég er svo mikill

JÓN Í LANGHOLTSKIRKJU Tók við starfi organista árið 1964.



sveitamaður í mér að ef ég kemst ekki út úr bænum í viku þá finnst mér ég vera að kafna,“ segir Jón sem fer á rjúpu á veturna og veidir í vötnum sumar sem vetur. „Ég á yfirleitt tugi kílóa af reyktum silungi eftir sumarið. Svo förum við

mikið norður, fjölskyldan á enn Voga í Mývatnssveit, æskuheimili mitt.“

Tónlistin skipar þó fyrsta sætið. „Einhvern veginn hef ég verið teymdur áfram hingað, af örlögum eða hverju sem það kallast. Og



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ég hef verið heppinn. Hugsaðu þér fólkið sem bíður allan daginn eftir því að komast úr vinnunni? Ég býð alla nóttina eftir því að komast í vinnunna, og fæ að vinna við það sem mér finnst skemmtilegast af öllu.“



Látum framtíðina ganga fyrir

Sýnum samstöðu og göngum saman sunnudaginn 1. maí!
Um leið og við óskum félagsmönnum til hamingju með daginn, hvetjum við félagsmenn til að sýna samstöðu og mæta í kröfugönguna. Safnast verður saman á **Hlemmi kl. 13:00** og gengið

niður Laugaveg sem leið liggur á Austurvöll þar sem útifundur hefst kl. 14:00. Flutt verða ávörp og skemmtiatriði í tilefni dagsins. Einnig minnum við á 1. maí kaffið á Broadway kl. 15:00 þar sem boðið verður upp á veitingar. **Hlökkum til að sjá ykkur!**

Kaliforníutilraun með lýðræðið

Íbúar í Kaliforníu eru afar duglegir við að efna til þjóðaratkvæðagreiðslna. Guðsteinn Bjarnason kynnti sér **umfjöllun tímaritsins The Economist**, sem fyrir fimmtán árum fór í herferð í þágu beins lýðræðis en telur nú að tilraunin í Kaliforníu hafi misheppnast.

Í lok ársins 1996 birtist í tímaritinu The Economist ítarleg úttekt á beinu lýðræði, þar sem hvatt var til róttækra breytinga á framkvæmd lýðræðis í nútímaríkjum.

Höfundar úttektarinnar og leiðarhöfundar tímaritsins töldu augljóst að beint lýðræði myndi fá auknið vægi þegar kæmi fram á 21. öldina en vægi fulltrúalýðræðis myndi að sama skapi minnka. Þeir hvöttu til þess að fjölga mjög þjóðaratkvæðagreiðslum, svo almenningur í lýðræðisríkjum gæti í auknum mæli tekið ákvörðunarvaldið í sínar hendur. Völd og áhrif atvinnustjórnmalamanna myndu jafnframt dvína.

Í síðustu viku birtist svo í sama tímariti önnur úttekt á beinu lýðræði, ekki síður ítarleg en sú fyrri, en í þetta sinn virðast höfundarnir komnir með bakþanka: Beina lýðræðið virkar ekki alltaf sem skyldi.

Leiðir af sér glundroða

Bakþankarnir stafa einkum af reynslunni frá Kaliforníu, þar sem beint lýðræði hefur verið stundað í ríkið mæli síðan 1978, en þá var svonefnd „Til-laga 13“ borin undir íbúa ríkisins. Hún snerist um lækkun eignaskatts, og var samþykkt með 57 prósentum atkvæða þrátt fyrir andstöðu beggja stóru stjórnmalaflokkanna. Síðan þá hafa Kaliforníubúar verið einstaklega duglegir við að efna til þjóðaratkvæðagreiðslna um alls kyns málefni, stór sem smá.

Höfundar úttektarinnar í The Economist segja þessa tilraun með beint lýðræði í Kaliforníu augljóslega hafa mistekist.

„Löggjöf almennings hefur leitt af sér glundroða. Margar tillögurnar hafa annaðhvort lækkað skatta eða auknið útgjöld, og þar með gert mönnum enn erfiðara að koma jafnvægi á ríkisfjármálin. Sumar eru svo vanhagsaðar að afraksturinn er andstaða þess sem lagt var upp með.“

Ofvaðinn skuldavandi

Þrátt fyrir náttúrufergurð, fjölbreytt mannlíf og ólgandi frumkvöðlastarf, bæði í kvikmyndageiranum og tölvugeiranum, er Kalifornía að sligast undan skuldum. Atvinnuleysi er tólf prósent, sem er meira en í langflestum ríkjum Bandaríkjanna.

Í Kaliforníu búa nærri 40 milljónir manna. Þetta er fjölmennasta ríki Bandaríkjanna og framleiðslan þar er 13 prósent af þjóðarframleiðslu Bandaríkjanna. Fjárhagsvandráði Kaliforníu hafa því veruleg áhrif á efnahagslífi allra Bandaríkjanna.

Ástæðu skuldavandans og þar með meginástæðu fjárhagsvanda Kaliforníu má, að sögn Economist, að miklu leyti rekja til mislukkaðra ákvarðana sem teknar hafa verið í þjóðaratkvæðagreiðslum.

Lamað þing

Tíðar þjóðaratkvæðagreiðslur eru sömuleiðis sagðar ástæða þess að framkvæmdarvaldið er veikburða og löggjafarvaldið nánast lamað. „Hver vill sitja á þingi þar sem 70-90 prósentum fjárlaganna hefur fyrirfram verið úthlutað?“ spyr The Economist. „Þeir malbikuðu paradís og settu upp kjörklefa.“

Í tímaritinu er vitnað í James Madison, einn svonefndra „landsfeðra Bandaríkjanna“ og helsta höfund bandarísku stjórnarskrárinnar, sem á sínum tíma skrifaði: „Almenn-

ingsstjórn án almennra upplýsinga eða möguleikanna til þess að verða sér úti um þær er ekkert annað en forleikur að skrípaleik eða harmleik, nema hvort tveggja sé.“

Samt við bjargandi

Þeir hjá Economist eru þó engan veginn á því að gefa beint lýðræði upp á bátinn, þrátt fyrir vandkvæðin á framkvæmd þess sem reynslan frá Kaliforníu hefur dregið fram í dagsljósið.

Þvert á móti telja þeir vel mögulegt að standa þannig að verki, að beint lýðræði verði til góðs frekar en ills. Ýmsa hnökra verði að sníða af útfærslunni, eins og hún hefur verið í Kaliforníu, og þá geti allt gengið eins og í sögu.

„Almennilegt lýðræði er miklu meira en stöðugt kosningaferli,“ skrifar leiðarhöfundurinn hjá Economist. „Það verður að fela í sér ígrundun, þróaðar stofnanir og aðhaldskerfi á borð við það sem innbygggt er í bandarísku stjórnarskrána.“

Geðþóttavald þjóðar

Þótt meginhugmyndin með lýðræði sé sú að þjóðir eigi sjálfar að taka ákvarðanir í eigin málum, oftast með milligöngu kjörinna fulltrúa þjóðarinnar, þá hefur lýðræðisfyrirkomulag nútímaþjóðfélaga einnig verið byggt á þeirri grundvallarhugmynd að skipta ríkisvaldinu í löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómvald. Tilgangurinn með þeirri þrískiptingu er sá, að þessar þrjár greinar ríkisvaldsins hafi eftirlit og aðhald hver með annari.

Með þessu gagnkvæma aðhaldi er komið í veg fyrir það geðþóttavald, sem einvaldskonungar og aðalsstéttir höfðu áður. Aðhaldslaut geðþóttavald þjóðarinnar getur varla verið það, sem talsmenn beins lýðræðis eru að biðja um, enda eru þjóðir ekki síður misvitrar en einvaldskonungar.

Hugsandi þjóðþing

Þessu virðast þeir, sem starfa hjá The Economist, hafa gert sér fulla grein fyrir strax árið 1996, þegar þeir hófu herferð sína í þágu beins lýðræðis. Þeir settu strax þá ýmsa fyrirvara og vísuðu meðal annars til langrar reynslu Svisslendinga af þjóðaratkvæðagreiðslum.

„Fyrsti lærdómurinn af reynslu Svisslendinga er sá, að beint lýðræði er erfiðisvinna,“ skrifuðu þeir árið 1996. „Annar er sá, að þótt það dragi úr mikilvægi stjórnmalamanna þá hefur það ekki í för með sér að vel hugsandi þjóðþing verði óþarft.“

Vanda þarf til verka

Lykilatriðið, að mati Economist, er að beint lýðræði megi ekki vera ráðandi afl eða drifkraftur stjórnmalábrúunarinnar. Þess í stað þarf það að fá aftur það hlutverk að vera öryggisventill þegar fulltrúalýðræðið fer út af sporinu, eins og hugmyndin var upphaflega þegar beinu lýðræði var komið á í Kaliforníu fyrir um hundruð árum.

Gera þarf ýmsar breytingar á fyrirkomulagi þjóðaratkvæðagreiðslna, hvernig til þeirra er stofnað og hvernig að þeim er staðið.

„Það þarf að verða miklu erfiðara að koma með tillögur. Þær þurfa að vera styttri og einfaldari, þannig að kjósendur geti raunverulega skilið þær. Í texta þeirra þarf að taka fram hver kostnaðurinn við þær verður, og hvaðan það fé á að koma. Og nái þær fram að ganga, þá þarf löggjafarþing- ið að geta gert á þeim breytingar.“



KOSIÐ Á BÍLASÖLU Þegar kosið er í í Kaliforníu eru kjörstaðir settir upp á ólíklegustu stöðum, þar á meðal á þessari bílasölu í Beverly Hills.

NORDICPHOTOS/AFP



HITAMÁL Andstæðingar þess að múslimar fengju að reisa bænarnar háðu harða baráttu þegar málið var borið undir kjósendur í Sviss árið 2009.

NORDICPHOTOS/AFP

BEINT LÝÐRÆÐI Í SVISS

Beint lýðræði í formi þjóðaratkvæðagreiðslna hefur tíðkast öldum saman í Sviss og ræður miklu um framvindu stjórn-mála þar í landi. Þjóðaratkvæðagreiðslur eru algengar og snúast ýmist um stærri mál eða smærri. Þátttaka í þeim er góð og umræður í samfélaginu oftast miklar.

Reglurnar eru þær að allar stjórnarskrár-breytingar þarf að bera undir þjóðina en um önnur lög þarf að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu ef 50 þúsund manns, nálægt 1,2 prósentum landsmanna, krefjast þess.

Þá geta 100 þúsund manns, eða um 2,5 prósent þjóðarinnar, krafist breytingar á stjórnarskrá, og ber þjóðþinginu þá að taka afstöðu til þess.

Niðurstöðuna, hvort sem þingið er fylgjandi breytingunni eða ekki, þarf að leggja í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Ekki er mögulegt að bera neitt sem tengist fjárlögum ríkisins undir þjóðina, en mál sem varða fjárlög einstakra kantóna er þó hægt að bera undir atkvæði íbúa viðkomandi kantónu. Reglur um slíkt eru þó mismunandi eftir kantónum.

BEINT LÝÐRÆÐI Í KALIFORNÍU

Íbúar Kaliforníu hafa, samkvæmt stjórnarskrá ríkisins, víótækan rétt til að taka ákvarðanir um stjórn ríkisins með því að kalla eftir íbúakosningu.

Íbúarnir geta krafist kosninga um öll lög, sem ríkisþingið hefur samþykkt. Þingið getur einnig borið lög undir kjósendur. Kjósendur geta einnig lagt sjálfir fram tillögur að lögum, og greiða þá sjálfir atkvæði um þau án aðkomu þingsins. Þeir geta einnig lagt fram tillögur að stjórnarskrárbreytingum, og greiða þá sömuleiðis atkvæði um þær án aðkomu þingsins.

Miðað er við að hverju sinni þurfi fimm prósent þess kjósendafjölda, sem tók þátt í síðustu ríkisstjórakosningum, til að knýja fram kosningu um lagafrumvarp, en átta prósent til að knýja fram kosningu um stjórnarskrár-breytingu.

Loks geta íbúar Kaliforníu krafist kosninga um hvort víkja eigi kjörnum embættismanni úr starfi.

Síðan 1912 hafa hundruð slíkra þjóðaratkvæðagreiðslna verið haldnar í Kaliforníu, flestar þó á síðustu áratugum.

Tilboðsdagar á **SAMSUNG** sjónvörpum

Hér býðst einstakt tækifæri að eignast hágæða SAMSUNG sjónvarp á frábæru verði.

ATH!! 20.000–50.000 kr. afsláttur á tækið!

SJÁ EINNIG NÁNAR Á:

www.samsungsetrid.is

Verðslanir og umboðsmenn um land allt

SAMSUNG SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800



ELM OUTLET

Lagersala ELM

að Laugavegi 97

verður opin út maí

Opið mánudaga - föstudaga frá kl. 12-18

Laugardaga frá kl. 12-16



SETJUM HNEFANN Í BORDIÐ!

Kæru verkalyðsleiðtogar, um leið og ég óska ykkur og íslenskum verkalyð til hamingju með daginn, vil ég vekja athygli á eftirfarandi:

Á sama tíma og ellilífeyrir er lækkaður, safna lífeyrissjóðirnir milljörðum á milljarða ofan. Tekjur þeirra af iðgjöldum og fjárfestingum voru allt að fimmfaldar á við útgreiðslu lífeyris, eins og dæmin hér til hliðar sýna. Hvaða þýðingu hefur það að safna í digra sjóði meðan eldri borgarar þessa lands svelta? Hér er á ferðinni alvarleg hugsanaskekkja. Ég hvet ykkur til að berjast fyrir leiðréttingu á þessu, íslenskum verkalyð til heilla.

Helgi Vilhjálmsson

Helgi Vilhjálmsson, íslenskur eldri borgari





LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Greidd iðgjöld í Lífeyrissjóð verzlunarmanna, annan af tveimur stærstu lífeyrissjóðum landsins árið 2010, voru tæpir 16 milljarðar. Fjárfestingartekjurnar voru rúmir 18 milljarðar. Alls voru tekjurnar því um 34 milljarðar en útgreiddur lífeyrir var hins vegar aðeins rúmir 6,8 milljarðar. Aðeins um einn fimmti af tekjunum var því greiddur út. Hrein eign Lífeyrissjóðs verzlunarmanna um áramót var um 310 milljarðar. Sú upphæð ein, og án vaxta, myndi duga til útgreiðslu lífeyris í 45 ár og 3 mánuði.

2010	MILLJÓNIR
IÐGJÖLD	15.946
FJÁRFESTINGARTEKJUR	18.124
SAMTALS TEKJUR 2010	34.070
ÚTGREIDDUR LÍFEYRIR	-6.839
EFTIR AF TEKJUM ÁRSINS	27.231
HREIN EIGN TIL GREIÐSLU Í LOK 2010	309.932
HREIN EIGN Í LOK ÁRS ENDIST Í	45 ÁR OG 3 MÁN.

Upplýsingar teknar úr ársreikningi Lífeyrissjóðs verzlunarmanna.

LÍFEYRISSJÓÐURINN GILDI

Greidd iðgjöld í Gildi, annan af tveimur stærstu lífeyrissjóðum landsins árið 2010, voru rúmir 11,2 milljarðar. Fjárfestingartekjurnar voru rúmir 9,7 milljarðar. Alls voru tekjurnar því um 21 milljarðar en útgreiddur lífeyrir var hins vegar aðeins tæpir 7,8 milljarðar. Tveir þriðju af tekjunum urðu því eftir í sjóðnum. Hrein eign Gildis um áramót var um 241 milljarðar. Sú upphæð ein, og án vaxta, myndi duga til útgreiðslu lífeyris í 30 ár og 11 mánuði.

2010	MILLJÓNIR
IÐGJÖLD	11.226
FJÁRFESTINGARTEKJUR	9.754
SAMTALS TEKJUR 2010	20.980
ÚTGREIDDUR LÍFEYRIR	-7.785
EFTIR AF TEKJUM ÁRSINS	13.195
HREIN EIGN TIL GREIÐSLU Í LOK 2010	241.043
HREIN EIGN Í LOK ÁRS ENDIST Í	30 ÁR OG 11 MÁN.

Upplýsingar teknar úr ársreikningi Gildis.

Væri því ekki nær að HÆKKA lífeyrinn frekar en lækka?



DEMANTAEYRNA-LOKKAR Hannaðir af Robinson Pelham og í laginu eins og eikarlauf.

KJÓLASVIPUR

Brúðarkjól Katrínar þykir svipa mjög til brúðarkjól Grace Kelly, sem hún klæddist er hún gekk að eiga Rainier Mónakóprins árið 1956. Í þá daga vakti brúðarkjól Kelly mikla athygli og þótti nútímalegur enda varð leikkonan mikil tískufyrirmynd í kjölfarið.

Báðir kjólarnir eru með blúndu í berustykkinu og ermum. Einnig var slórið, með blúndubryddingunum neðst, í svipuðum stíl hjá prinsessunum. Kjól Kelly var hannaður af verðlaunafatahönnuðinum Helen Rose og lögðu 30 saumakonur nótt við dag í sex vikur við saumaskapinn.

KJÓLLINN Hannaður af Söruh Burton og teymi hennar hjá Alexander McQueen-tískuhúsinu. Hefðbundið breskt handverk í saumskapnum í bland við nútímalegt snið.

BRÚÐARVÖNDURINN Vandlega samansettur úr liljum, sem tákna lukku, híasintum (eillíf ást) og bergfléttu – fyrir vináttuna og kærleikann.



KÓRÓNAN - hún er gerð af Cartier árið 1936. Elísabet drottning fékk hana í 18 ára afmælisgjöf.

SLÖRIÐ Gert úr silkitjulli með ísaumuðum blómakanti.



LANGUR OG FAGUR Um leið og prinsessan tilvonandi steig út úr bílnum tóku áhorfendur andköf enda brúðurin stórglæsileg. Systir brúðarinnar og brúðarmeyjan, Pippa Middleton, stóð síðan í ströngu við að halda slóðanum í skefjum á meðan hertogaynjarn veifaði fólkinu. **NYGIFT** Brúðhjónin gengu út úr kirkjunni lukkuleg á svipinn en þau hafa nú fengið nöfnin Vilhjálmur hertogi og Katrín hertogaynja af Cambrigde. Vilhjálmur var klæddur fagurrauðum heidursbúningi breska flughersins. **SÆTAR MEYJAR** Litlu brúðarmeyjarnar og uppáklæddu drengirnir voru ógnarspennt er þau gengu inn í kirkjuna.

NORDICPHOTOS/AFP

Katrín hin fagra af Cambridge

Heimsbyggðin fylgdist spennnt með er Vilhjálmur Bretaprins gekk að eiga Kate Middleton, sem nú hefur fengið nafnið Katrín hertogaynja af Cambridge. *Álfrún Pálsdóttir* fylgdist af athygli með konunglega brúðkaupinu í Bretlandi.

Pú ert gullfalleg,“ hvíslaði Vilhjálmur prins að tilvonandi brúði sinni um leið og hann leit hana augum í Westminster Abbey í Lundúnum í gær. Þetta staðfesti varalesari fréttastofunnar Reuters.

Brúðhjónin ungu þóttu standa sig vel á þessum hátíðlega degi en það var einna helst falletur brúðarkjól og geislandi fegurð prinsessunnar sem vakti athygli.

Kjöllinn er merktur yfirhönnuði Alexander McQueen tískuhússins, Söruh Burton, og í samráði við

brúðina hannaði hún kjól sem sam-einar hefðbundið breskt handbragð og nútímalega hönnun. Rómantískt efra stykkið, þakið blúndum, fór vel við sítt og fallandi pilsíð. Látlaust slör með litlum saumuðum blómum neðst var punkturinn yfir i-ið.

„Mér fannst kjöllinn æðislegur,

látlaus og fór henni einstaklega vel, en það var líka gaman að sjá að hún ákvað að fara sína eigin leið og ekki herma eftir Diónu prinsessu,“ segir Karl Berndsen útlitssérfræðingur. „Mér fannst samt að hún hefði getað verið með meiri greiðslu í þessu mikla hári sínu. Bæði hárið og

förðunin voru einum of hversdagsleg fyrir minn smekk.“ Bætur hann við. Þúsundir Breta flyktust svo að Buckinghamhöll til að fylgjast með brúðhjónunum kyssast á svölunum á þessum hátíðardegi.

FRAMHALD Á SÍÐU 32

Ráðgjafar
veita góð ráð
um viðhald
og pallasmíði

**Gerðu
ráðstafanir
í tíma!**



Björn Jóhannsson
landslagsarkitekt

**Björn verður til
ráðgjafar í verslunum
BYKO á laugardag:**

- BYKO Granda kl. 12 – 14
- BYKO Kaupúni kl. 15 – 17

Einnig veita ráðgjafar BYKO
góð ráð um viðhald og pallasmíði.

Auðvelt að átta sig!

Allar tillögur eru gerðar í þrívídd og
viðskiptavinurinn fær teikningarnar
sendar á netfang eða með pósti
innan viku frá ráðgjöf.



**Vaxtalaust
lán í BYKO!**

0%

VAXTALAUS LÁN

3% lántökugjald og 250 kr.
greiðslugjald á hverja borgun.
Sjá nánar á www.BYKO.is



**Pallafjör
í BYKO!**

Gildir alla helgina!

20%
afsláttur

- Af öllu pallaefni og girðingareiningum
- Af allri pallaolíu, pallahreinsi, burstum og penslum
- Af öllum verkfærum og festingum til pallasmíði

FRAMHALD AF SÍÐU 30



Yngri systirin sem stal senunni

Systir brúðarinnar og elsta brúðarmærin, Pippa Middleton, vakti mikla athygli er hún sinni hlutverki sínu af alúð. Hún var, líkt og brúðurinn, klædd í kjól úr smiðju Söruh Burton.

Pippa er 27 ára gömul og yngri systir Katrínar hertogaynju af Cambridge. Hún tilheyrir hinni svokölluðu ungu elítu í Bretlandi. Hún hefur af breskum slúðurbliðum verið útnefnd einn eftirsóttasti kvenkostur landsins og er víst ólík systur sinni að því leyti að hún er mikið partiljón og hefur einstaklega gaman af sviðsljósinu. Í breskum fjölmiðlum hefur sú skoðun verið viðruð að Pippa sé í raun betur sett en systir hennar. Hún fái öll fríðindin sem fylgi því að vera í konungsfjölskyldunni án þess þó að þurfa að sinna skyldunum.



BRESKU PRINCESSURNAR Eugénie og Beatrice, prinsessurnar af York, klæddust sumarlegum kjólum og skrautlegum höfuðbúnaði í anda breskrar tísku.



SUMARLEG Viktória prinsessa var smekkleg í ferskjuvitunum kjól með kvenlegu sniði og vitaskuld með hatt í stíl.



BRESK ELÍTUDAMA Tara Palmer-Tomkinson er þekkt í Bretlandi, meðal annars fyrir að stjórna sjónvarpsþætti. Hún ákvað að klæðast hinum konunglega bláa lit frá toppi til tár og hatturinn var í frumlegri kantinum.



HÁSTÉTTARDAMA Sophie Winkelman, lafði Friðrik Windsor, var með klassískan breskan brúðkaupshatt á höfði.



BLÓMASKRAUT Miriam Gonzalez, kona Nicks Glegg, varaforsetisráðherra Bretlands, vakti athygli með stórt blóm í hári.



HOLLYWOOD-BRAGUR David og Victoria Beckham voru meðal gesta en hún klæddist kjól úr eigin smiðju og litlum hatt sem sat á enninu. Einnig vakti skóbúnaður frá Beckham athygli, en hún var á sextán sentimetrar hælum þrátt fyrir að vera komin langt á leið með fjórða barn þeirra hjóna.

Söfnunarsjóður
lífeyrisréttinda

Ársfundur 2011

Ársfundur Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda verður haldinn þriðjudaginn 17. maí 2011 kl. 16.00, að Borgartúni 29, 4. hæð.

Dagskrá

1. Flutt skýrsla stjórnar
2. Gerð grein fyrir ársreikningi
3. Tryggingafræðileg úttekt
4. Fjárfestingarstefna sjóðsins kynnt
5. Önnur mál

Allir sjóðfélagar, jafnt greiðandi sem lífeyrisþegar, eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum. Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta á fundinn.

Reykjavík 19. 04. 2011

Stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda

Hattadýrð brúðkaupsgesta

Það var mikil eftirvænting í loftinu þegar prúðbúnir gestir tóku að streyma að Westminster Abbey í gærmorgun. 1900 manns var boðið í brúðkaupið, bæði konungbornum og

háttsettum breskum þegnum auk vina og vandamanna brúðhjónanna. Gestir á borð við Margréti Danadrottningu, Viktóríu Svíaprinsessu og Beckham-hjónin vöktu athygli fjölmiðla sem einnig gerðu

sér mat úr skrautlegum höttum og hárskrauti kvenpeningsins. Hefð er fyrir því í Bretlandi að konur beri hatta í brúðkaupum. Margar lögðu því mikinn metnað í vali sínu á höfuðbúnaði í tilefni dagsins.



Gúrkusamlokur og Buck's fizz

Vinkonurnar Þóra Björk Ólafsdóttir, Hallveig Rúnarsdóttir og Valdís Arnardóttir voru í hópi þeirra sem hittust í gærmorgun til að fylgjast með útsendingu frá brúðkaupinu. „Við byrjuðum á því að baka skonsur og hella upp á te,“ segir Þóra Björk enda fátt breskara en skonsur. Nema ef vera skyldi gúrkusamlokur en Valdís mætti einmitt með þær í boðið. „Við skáluðum svo á viðeigandi stöðum í appelsínusafa og freyðivíni, en þann drykk ákváðum við að kalla Buck's fizz í tilefni dagsins.“ Þóra Björk segir þær hafa verið afar ánægðar með athöfnina, kjólinn og svalastund hjónanna Vilhjálms og Katrínar. „Við klæddum okkur í blómakjóra í tilefni dagsins og settum upp hárskraut.“ Þóra Björk segir þetta allt í gamni gert, en viðurkennir þó að hafa laumulegan áhuga á konungsfjölskyldum. „Ég spái hjónabandinu langlífi,“ segir hún að lokum.

VERÐHRUN!

ALLT
Á AÐ
SELJAST!

VOR HREIN GERNING ÚTGEFENDA

OPIÐ
ALLA DAGA
KL. 11-18

Allir sem
versla fá bók
að gjöf!

BORGARTÚNI 29

ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR!



~~28.900,-~~ 9.900,-



~~7.900,-~~ 4.900,-



SPIL Á
HLÆGILEGU
VERDI!

~~5.990,-~~ 2.490,-



~~3.990,-~~ 990,-

FJÖLDI TITLA Á
UNDIR
1.000 KR!



~~4.980,-~~ 990,-



~~5.280,-~~ 990,-



~~2.480,-~~ 1.490,-



~~3.990,-~~ 1.490,-



~~2.290,-~~ 1.790,-



~~2.490,-~~ 1.690,-



~~2.690,-~~ 1.990,-



~~2.790,-~~ 1.990,-



Tímalausar teiknimyndasögur

Siglufjarðarprentsmiðja gaf út **þýddar myndasögur** í meira en tíu ár. *Porgils Jónsson* kynnti sér söguna á bak við útgáfuna á þessum merkilegu blöðum sem glöddu börn og ungmenni um allt land og lifa enn með þjóðinni, tuttugu árum síðar.

Myndasögur og hasarblöð hafa fyrirfundist hér á landi allt frá því að bandarískir hermenn dvöldu hér á árunum um og eftir seinni heimsstyrjöld og hetjur myndasagnanna hafa verið stór hluti af menningarlegu uppeldi íslenskra barna.

Sól þeirra fór hins vegar að rísa verulega þegar Siglufjarðarprentsmiðja hóf útgáfu á blöðum um Tarzan árið 1979, en í rúman áratug þar á eftir sá Sigurjón Sæmundsson prentsmiðjustjóri landanum fyrir íslenskuðum útgáfum af uppátækjum Tomma og Jenna og ævintýrum Tarzans auk helstu ofurhetja heims, svo sem og Superman og Spiderman.

Blöðin nutu mikilla vinsælda og má segja að þetta framtak hafi verið einstakt, því Sigurjón og fjölskylda hans sáu um rekstur útgáfunnar. Þau dreifðu þúsundum eintaka um allt land og skemmtu yngstu kynslóðinni og kynntu fyrir þessum blöðum sem erfitt hefði verið að nálgast eftir öðrum leiðum.

Myndasöguútgáfa Siglufjarðarprents leið undir lok árið 1992 þegar Sigurjón stóð á áttæðu, en hann hafði rekið Siglufjarðarprent-

smiðju alt frá árinu 1935. Sigurjón lést árið 2005.

Tarzan markaði upphafið

Sonur Sigurjóns, Jón Sæmundur, vann lengi vel með föður sínum og aðstoðaði meðal annars við dreifingu. Hann segir í samtali við blaðamann að upphafið að myndasöguútgáfunni megi rekja til þess að ládeyða hafi verið í atvinnulífi á Siglufirði og faðir hans, sem var einnig bæjarstjóri um árabil, hafi verið að velta fyrir sér góðum viðskiptahugmyndum.

„Við sáum að Andrésar Andar blöðin höfðu gengið vel og þar gætu verið tækifæri. Svo hafði Siglufjarðarprentsmiðja gefið út Tarzanbækur allt frá því fyrir 1940 og við vorum í góðu sambandi við Edgar Rice Burroughs útgáfuna vestanhafs, þannig að það lá beinast við að athuga hvort einhver myndrit væru til um Tarzan og hans ævintýri. Svo reyndist vera, þannig að við byrjuðum á blöðunum um Tarzan og Kórák, son Tarzans.“

Jón Sæmundur segir að sögurnar um Tarzan hafi strax gengið vel og innan tíðar hafi útgáfa hafist á blöðum um Tomma og Jenna sem slógu strax í gegn. Í kjölfarið hafi fleiri titlar bæst við, til dæmis Superman, Batman, Spiderman og Gög&Gokke.

Minnisstaðar þýðingar

Sigurjón sá sjálfur um allar þýðingar á blöðunum og sat langtímu saman við tölvu þar sem hann prentaði textann á strimla sem hann límdi inn á síðurnar og sendi út til fjölprentunar í Finnlandi eða Ungverjalandi.

Þýðingarnar vöktu stundum athygli þar sem frasar sem þar birtust þóttu oft sérkennilegir og tekur Jón Sæmundur undir það.

„Það má sjá á blöðunum þegar faðir minn var orðinn þreyttur eftir að hafa setið lengi við tölvuna því að þá fóru þýðingarnar að verða æði skrautlegar. Þá var hann kominn á áttæðisaldur en hélt sig við þetta því að hann vildi ekki hætta starfsemi. Hann var hins vegar mjög ern alveg fram undir það allra síðasta. Þegar hann var óþreyttur komu síðan alls konar hugdettur og húmor sem engan hafði óráð fyrir. Í einhverri sögunni kom til dæmis við sögu tannlæknir sem hét Wilson, eða eitthvað í þá áttina, en það fannst föður mínum ekki koma til greina því að tannlæknirinn okkar

ENN ÁHUGI Á BLÖÐUNUM Jón Sæmundur Sigurjónsson segir að enn í dag sé áhugi á myndasöguublöðunum sem Siglufjarðarprentsmiðja gaf út á sínum tíma.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



FJÖLBREYTT FLÓRA MYNDASÖGUBLAÐA



Siglufjarðarprentsmiðja gaf út fjölmörg myndasöguublöð á árablinu 1979 til 1992. Þær gengu mislengi, en vinsælastar voru sögurnar um Tarzan, konung apanna, og æringjana Tomma og Jenna. Íslenskar þýðingar á teiknimyndablöðum mörkuðu tímamót og urðu til þess að kynna íslensk ungmenni fyrir ofurhetjum og myndasöguþemningunni. Þó að nær 20 ár séu frá því að blöðin hættu að koma út er enn hægt að finna blöð á bókamörkuðum.

Margt smátt ...



Meira en matur í poka

Margir hafa spurt hvort aðstoð við illa stadda geti ekki falið í sér eitthvað meira en að afhenda mat í poka? Ný nálgun í mataraðstoð er svar okkar hjá Hjálparstarfi kirkjunnar. Með því að velja kortaleiðina sem við köllum svo, viljum við mæta kröfum samtímans um að fólk, sem býr við þröngan kost og þarf aðstoð, fái að velja sjálft hvað það kaupir í matinn og umfram allt, að það þurfi ekki að líða frekara skipbrot með því að bíða í röð eftir hjálpinni. Með breytingunum erum líka að læra af öðrum þjóðum hvernig best er að veita aðstoð. Aðeins í Osló er mat úthlutað eins og tíðkast hefur hér á landi, hvergi annarsstaðar í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við. Með breytingunum á mataraðstoðinni nú viljum við líka efla ráðgjöf og bjóða upp á nýjungar með fjármála- og fjölskylduráðgjöf. Það er auðveldara að koma með óopnuð reikninga- og innheimtuumslögin

til okkar en til bankanna. Sérfræðingur í fjölskylduráðgjöf mun geta farið dýpra í málin en félagsráðgjafar okkar geta gert í stuttum viðtölum. Af reynslu undanfarinna ára vitum við mjög vel hvar skórinn kreppir hjá fólki. Við teljum að með þessari nýju nálgun getum við hjálpað fólki skrefi lengra í lífinu. Ég vil hvetja alla til að taka þátt í söfnun Hjálparstarfsins sem nú stendur yfir og greiða valgreiðslu sem bíður í heimabankanum eða greiða greiðsluseðil sem eldri en 65 ára fengu. Allt sem kemur inn rennur til innanlandsaðstoðar. Góður stuðningur ykkar mun gera okkur kleift að gera enn betur.

Vilborg Oddsdóttir,
félagsráðgjafi Hjálparstarfs kirkjunnar



Mynd: Þorkell Þorkelsson

Ný nálgun við mataraðstoð

Hjálparstarf kirkjunnar ætlar að hverfa frá matargjöfum í poka og veita í staðinn barnafólki mataraðstoð með inneignarkortum í verslunum. Það er svar við kalli samfélagsins og þeirra sem þiggja mataraðstoð. Áfram fá allir viðtal við félagsráðgjafa til að leita heildstæðari og varanlegri lausna á einstaklingsbundnum vanda. Hjálparstarf kirkjunnar býður fjölbreyttan stuðning meðal annars til tómsunda og skólagöngu barna og unglunga, til lyfjakaupa og félagslega ráðgjöf.

Með því að styðja innanlandsaðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar hjálpar þú til sjálfshjálpar.



**Hjálparstarf
kirkjunnar**

www.help.is



Viljum ekki staðna

Í nýrri skýrslu Alþjóðabankans er fullyrt að hátt matvælavæðing ógni hag fátækra um allan heim.

Matvælavæðing hefur hækkað um 36% frá því fyrir ári og fólki fyrir neðan fátæktarmörk fjölgað um 44 milljónir. Nú er talið að um einn milljarður jarðarbúa þjáist af vannæringu. Það er ekki hægt að líkja ástandinu á Íslandi við stöðu þeirra allra verst settu í heiminum. Hins vegar hefur síhækkandi matvælavæðing, lágur bætur og atvinnuleysi í kjölfar efnahagshrunsins gert það að verkum að þúsundir fjölskyldna á Íslandi berjast nú í bökkum. Áhyggjur af framfærslu og velferð barnanna er mörgum þung byrði. Að leita til hjálparstofnana eftir brýnustu nauðsynjum eru þung spor fyrir flesta en hvað leggur fólk ekki á sig fyrir börnin sín.

Hlustum á fólk

Til að geta metið og mætt þörf hvers og eins sem til Hjálparstarfsins leitar, þurfum við að hlusta á fólk og bregðast við. Þess vegna er innanlandshjálparstarfs kirkjunnar undir faglegri stjórn félagsráðgjafa. Allir sem til okkar leita byrja á að fara í viðtal til þeirra. Auk mataraðstoðar hefur margvísleg aðstoð

verið veitt, eftir aðstæðum hvers og eins. Má nefna stuðning vegna skólagöngu og tómstunda barna, vegna náms framhaldsskólanema, vegna óvænts lyfja- og læknskostnaðar, vegna starfsþjálfunar og menntunar ungra mæðra. Einnig er fötum úthlutað einu sinni í viku. Þannig hefur aðstoðin verið einstaklingsmiðuð og veitt til að auka möguleika fólks á að hjálpa sér sjálf.

Bregðumst við; inneignarkort og meiri ráðgjöf

Síðasta haust varð nokkur umræða um tilhögun matarúthlutunar og biðraðir í því samhengi. Þær skoðanir urðu háværar að rétt væri að þeir sem þyrftu á mataraðstoð að halda ættu sjálfir að geta valið sinn mat. Þær falla að faglegum sjónarmiðum Hjálparstarfsins en bremsan hefur verið hversu miklu meiri kostnaður fylgdi þeim. Eftir nákvæmt mat á stöðunni, ákvað Hjálparstarf kirkjunnar að gera róttækar breytingar á starfsaðferðum sínum. Frá 1. maí verða tekin upp inneignarkort í stað matargjafa í poka. Hópurinn sem fær kortin verður þó takmarkaður við barnafjölskyldur enda sýna rannsóknir að fátækt kemur verst niður á þeim. Með þessari takmörkun reisum við okkur ekki heldur hurðarás um öxl áður en við sjáum hversu mikið nýja kerfið mun kosta og hvernig það samræmist tekjum stofnunarinnar. En enginn mun fara bónleiður til búðar. Þeim sem ekki hafa börn á framfæri verður um mataraðstoð vísað á önnur samtök sem úthluta mat. Þar sem engin slík eru mun Hjálparstarfið einnig veita

Jónas Þ. Þórisson,
framkvæmdastjóri



(mynd: Þorkell Þorkelsson)

barnlausu fólki mataraðstoð. Og ekki má gleyma að öll önnur aðstoð verður veitt sem hingað til.

Auk þess munum við bjóða upp á þá nýjung að veita fjárhagsráðgjöf og viðtöl við fjölskylduráðgjafa. Það mun svara brýnni þörf sem við höfum ekki getað sinnt sjálf. Fjármálaráðgjafi og fjölskylduráðgjafi munu hafa aðsetur í húsnæði okkar.

Viltu styðja innanlandssöfnunina okkar?

Sérstakri innanlandssöfnun hefur verið hleypt af stokkunum til að mæta auknum útgjöldum sem þessar breytingar kalla á. Getu landsmenn lagt henni lið með því að greiða valgreiðsluna frá okkur í heimbanka sínum. Það er von okkar að bæði fólk og fyrirtæki bregðist vel við. Með þinni hjálp munum við geta létt undir með mörgum.


Fyrir hönd Hjálparstarfs kirkjunnar vil ég svo þakka þeim fjölmörgu fyrirtækjum sem hafa lagt matarbúri okkar lið í gegnum tíðina.



**Hjálparstarf
kirkjunnar**

Framkvæmdastjóri: Jónas Þ. Þórisson
Margt smátt, 1. tbl. 23. árg. 2011
Ábyrgðarmaður: Bjarni Gíslason

Prentvinnsla:
Umbrot: Pipar/TBWA
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja





„Kostnaður vegna veikindanna er mikill“

Ein af þeim sem leitar til Hjálparstarfs kirkjunnar eftir aðstoð er Kolbrún Birgisdóttir. Hún á fjögur börn, þrjú eru uppkomin en fjórða býr hjá pabba sínum. Kolbrún er öryrki eftir slys 1991.

Hver er staðan hjá þér í dag?

Ég bjó áður fyrr á götunni með óreglu og öllu því sem því fylgir, það var ekki gott líf. Í dag er ég komin á betri braut, er edrú og líður þannig lagað vel. En fjárhagslega er staðan mjög slæm. Ég er að borga mikið á mánuði, leigu á íbúðinni, yfirdrátt og lán. Svo er ég að glíma við lungna- og hjartasjúkdóm. Kostnaður vegna veikindanna er mikill og Hjálparstarfið hefur veitt mér stuðning til að geta ráðið við þetta. Ég er á mörgum lyfjum og það kostar heilmikið á hverjum mánuði.

Geturðu lýst því hvernig það er að vera í þeirri stöðu að þurfa að leita sér aðstoðar?

Hvað er erfiðast?

Í morgun þegar ég vaknaði þurfti heilmikið til, til að koma sér á fætur og fara svo til að fá aðstoð, þetta er hálfpartinn eins og að betla. Þetta hefur verið svona hjá mér í u.þ.b. 10 ár. Stundum fer ég ekki og er frekar matarlaus. Það fylgir þessu skömm. Þetta á alls ekki að vera svona en það er eitthvað með hvernig maður





upplifir þetta. Maður nær bara ekki endum saman. Það er 20. apríl í dag og ég fer síðar í mánuðinum til læknis og á ekki fyrir því. Svona er þetta bara.

Hvaða stuðning hefur þú fengið hjá Hjálparstarfinu og hvernig hefur aðstoðin nýst þér?

Ég hef fengið stuðning vegna lyfja og mataraðstoð. Vilborg félagsráðgjafi hjá Hjálparstarfinu hefur hjálpað mér mest í gegnum þetta, ég tala við hana um allt.

Hvað finnst þér um stöðuna á Íslandi í dag? Hvaða breytingar vildir þú sjá í þjóðfélaginu?

Mér finnst hræðilegt að sjá að gamla fólk þarf líka að leita sér aðstoðar, það er eitthvað óeðlilegt við það. Ég vildi að Ísland væri eins og það var fyrir kreppu og að bætur og stuðningur væri meiri frá yfirvöldum. Öror kubætur eru allt of lágar, 159.000 krónur á mánuði. Það dugar engan veginn, það sjá það allir. Maður grætur oft af áhyggjum og þunglyndi fylgir í kjölfarið á því. Það er virkilega erfið að geta ekki leyft sér að styðja börnin sín og sjálfan sig, til dæmis að fara út í búð og geta keypt sér nærföt. Samt er ég þakklát fyrir aðstoðina sem ég fæ, þó að það sé erfið skref að taka.





Ný nálgun við mataraðstoð er framfaraskref



(mynd: Þorkell Þorkelsson)

Eldey Huld Jónsdóttir félagsráðgjafi kom til starfa hjá Hjálparstarfi kirkjunnar síðastliðið vor. Hún hafði áður starfað hjá Reykjavíkurborg sem teymisstjóri heima- og stuðningsþjónustu í Hátúni 10 og nágrenni. Eldey er annar tveggja félagsráðgjafa sem sinna innanlandsstarfi Hjálparstarfsins.

Segðu okkur svolítið frá sjálfri þér.

Ég er fædd og uppalin í Reykjavík og hef alla tíð búið hér ef frá er talið eitt ár, 2002. Þá dvaldi ég í Ástralíu meðan ég tók masterspróf í félagsráðgjöf. Félagssráðgjöf er þó ekki mín fyrsta starfsgrein því ég starfaði í 10 ár sem grunnskólakennari. Það að vinna með fólk, bæði börn og fullorðna, og láta eitthvað gott af mér leiða hefur alltaf höfðað til mín svo það lá vel við að velja félagsráðgjöf þegar ég ákvað að hætta kennslunni og hefja störf á öðrum vettvangi.

Við höfum frétt að þú sért með geitur, hvernig kom það til?

Alveg frá barnaldri hefur sveitin togað í mig en það var ekki fyrr en á fullorðinsárum að ég flutti með börnum mínum, Tómasi Huldar og Karítas, að Lykkju á Kjalarnesi. Þó svo Kjalarnes sé að mestu leyti sveit þá tilheyrir það Reykjavík svo við upplifum báða kostina hér.

Höfum náttúruna með fjallið og hafið allt um kring og borgina innan seilingar. Þar sem ég hef bæði beitarland og húsakost hef ég smátt og smátt verið að koma mér upp gæludýrabúskap. Við erum með hund, kött, hænur og nýjustu meðlimirnir eru tvær geitur. Ótrúlega skemmtileg dýr, fjörugar, forvitnar og útsjónarsamar. Ég vonast til að bæta við hafri næsta haust svo þær geti fjölgað sér að ári liðnu. Þá gefst tækifæri til að nýta mjólkina og búa til dýrindis osta og fleira. Dýrin, náttúran og fjaran sem er rétt við lóðarmörkin er það sem heillar börnin. Ég hef gaman af að fá þau í heimsókn og hef starfað sem stuðningsforeldri síðan ég flutti hingað.

Nú er Hjálparstarfið að taka upp nýja nálgun við mataraðstoð, hver er hún?

Hjálparstarf kirkjunnar er með aðstoð um allt land í gegnum net presta og djákna. Í mörg ár höfum við sent kort út á land en verið með mataraðstoð hér í Reykjavík þar sem þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu fá afgreiddan mat í poka eftir fjölskyldustærð. Nú höfum við ákveðið að frá 1. maí, hættum við að gefa mat í poka. Í staðinn ætlum við að veita barnafólki mataraðstoð með inneignarkortum. Þar sem kortaleiðin er dýrari verðum við að takmarka hópinn og

vísam barnlausum einstaklingum á að fara til annarra hjálparsamtaka sem hafa hefðbundna matarúthlutun. Á þeim stöðum sem öðrum hjálparsamtökum er ekki til að dreifa fá allir inneignarkort. Við munum svo meta reynsluna eftir sjö mánuði.

Hvað með aðra aðstoð en mataraðstoð?

Eftir sem áður geta allir, barnafólk og aðrir, notið faglegrar ráðgjafar og ýmissa annarra úrlausna stofnunarinnar en mataraðstoðar. Við hjálpum vegna skólagöngu og tómsunda barna, gefum föt, styrkjum fólk til að greiða lyf og annað. Þetta allt verður óbreytt og áfram ætlað öllum.

Hvað fær fólk mikið inn á kortin? Hvernig metið þið þetta?

Upphæðin miðast við fjölskyldustærð. Allir þurfa að koma í viðtal þar sem við förum yfir stöðu hvers og eins með tilliti til tekna og útgjalda. Við notum sömu viðmið og umboðsmaður skuldara. Ef staðan er metin þannig að viðkomandi þurfi aðstoð gerum við samning til nokkurra mánaða. Eftir það er þörfin endurmetin. Við trúum því að þessi nýja nálgun við mataraðstoð sé framfaraskref.

Um hugmyndir og siðfræði hjálparinnar

Í þessum stutta pistli er leitast við að reifa nokkur grunnatriði í störfum hjálparstétta og hjálparsamtaka. Höfundur er ljóst að viðfangsefnið er stórt og hefur í gegnum aldir verið viðfangsefni marga bóka á sviði siðfræði. Í greininni er meðal annars komið inn á hugmyndir um okkur sjálf, álit annarra, leiðina til að leita aðstoðar og grunnildi siðareglna hjálparstétta.

Hugmyndir okkar um okkur sjálf og aðra, eru mikilvægur grundvöllur ákvarðana og athafna. Áskorun hvers manns liggur í að átta sig á og skilja hvað ræður för, sérstaklega þeim forsendum sem eru ómeðvitaðar eða þarfnast frekari ígrundunar. Á lífsleiðinni lendir hver einstaklingur í ýmsum vanda eða áföllum. Um það er ekki sjálfval, heldur einungis hitt, hvernig brugðist er við.

Þegar einstaklingur af einhverjum ástæðum, fjárhagsvanda, heilsuþrengingum, atvinnuleysi eða öðrum ástæðum, leitar aðstoðar velferðarþjónustunnar eða hjálparstofnana, skiptir máli hvernig honum eða henni er mætt. Óhætt er að fullyrða að allir sem leita slíkrar aðstoðar hafi metið aðstæður sínar svo að hann eða hún þurfi eitthvert form aðstoðar til að takast á við mikilvæg viðfangsefni sín og sinna nánustu.

Ekki það sama að vera notandi, skjólstæðingur eða viðskiptavinur

Það er því grundvallaratriði í öllu starfi sem lýtur að aðstoð og hjálp við aðra að vera sér meðvitaður um forsendurnar sem eru lagðar fyrir samskiptum, framkomu og samvinnu við hinn leitandi einstakling. Eitt atriði sem nefna má sem dæmi um forsendur samskiptanna, er hvort sá sem leitar aðstoðar er kallaður „notandi, skjólstæðingur eða viðskiptavinur“. Ungt fólk og eldra fólk „notar“ eða nýtir sér félagsmiðstöðvar. Sá sem er í vanda eða krísu leitar aðstoðar og ráðgjafar vegna þess að hann hefur ekki getu (tímabundið eða varanlega) til að takast á við vanda sinn og úrlausnarefni. Dæmi um slíkt er skjólstæðingur félagsráðgjafans eða skjólstæðingur lögmans. Þegar talað er um viðskiptavin er annað samband milli aðila og í raun verið að lýsa því jafnræði og frelsi sem ætlað er þeirra á milli.

Önnur grunnforsenda fyrir samskiptunum milli þess sem leitar aðstoðar og þess sem veitir aðstoð, er að skilja að hve miklu leyti einstaklingurinn sem leitar aðstoðar, býr við „frelsi og vald yfir eigin lífi“ þegar hann tekur ákvörðun um að leita aðstoðar. Hér er stígmunur á eftir því hver aðstoðin eða þjónustan er sem leitað er eftir hverju sinni og einnig mismunur eftir því hver vandi einstaklingsins er. Nægir í því efni að nefna þann sem leitar ráðgjafar í kjölfar makamissis, eða þann sem finnur sig þvingaðan eða í þörf (með réttu eða röngu) á einhvern hátt að leita eftir

fjárhagslegri aðstoð, eða sá sem jafnvel er neyddur í meðferð eða vistun.

Trúin á getu hvers og eins

Grundvallaratriði um framkomu og samskipti við notendur og skjólstæðinga eru mörkuð í siðareglum starfsstétta eins og t.d. félagsráðgjafa. Tilgangi þeirra er þannig lýst;

Grundvöllur félagsráðgjafar er virðing fyrir manngildi og sérstöðu hvers einstaklings og trú á getu hans til að nýta hæfileika sína til fullnustu. Markmið félagsráðgjafar er að vinna að lausn félagslegra og persónulegra vandamála og sporna við félagslegu ranglæti. Félagsráðgjafi vinnur gegn mannréttindabrotum hvar svo sem þau eiga sér stað. (Siðareglur íslenskra félagsráðgjafa)(Feitletrun er breyting höfundar).

Nauðsyn að hvetja

Leiðin frá því að vera sjálfstæður og fullráða einstaklingur yfir eigin lífi, yfir í þá stöðu að vera skjólstæðingur, er undantekningalítið erfið fyrir þann sem á í hlut. Hvert sem tilefnið er mun einstaklingurinn upplifa skerðingu á sjálfstæði sínu og jafnvel lífs-gæðum, samhliða því að verða viðkvæmari fyrir álit annarra og fordæmingu, ráðsmennsku og yfirgangi. Sú staða að vera í vanda, er ný aðstaða og tímabundið ástand sem viðkomandi einstaklingur ætlar sér að koma sér úr eða binda enda á sem allra fyrst. Þann hvata er mikilvægt að virkja. Því er afar mikilvægt að mæta einstaklingnum með virðingu og búa svo um hnútana að hver sú aðstaða eða þjónusta sem veitt er, sé veitt út frá því leiðarljósi að einstaklingurinn sé hvattur til að nýta eigin styrkleika og getu til sjálfstjórnar í eigin lífi að því marki sem kostur er. Hjálparstarf í hvaða formi sem er, ber því að rækja á forsendum mannúðar og virðingar fyrir þeim sem móttekur en ekki þess sem veitir.

Halldór S. Guðmundsson, lektor við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands.



„Það er erfiðast að finnast allt mislukkað“

Hún er öryrki og einstæð móðir á fimmtugsaldri, við skulum kalla hana Öldu. Hún á tvo stráka, sá eldri sem er 23 ára er atvinnulaus og sá yngri er í framhaldsskóla.

Hver er staðan hjá þér í dag?

Þegar búið er að borga alla reikninga er lítið eftir. Ég reyni alltaf að fara mjög vel með peningana, vil standa í skilum, en það er erfið. Það hjálpar náttúrulega að koma hingað og fá aðstoð. Þegar líður á mánuðinn eru ekki margar krónur eftir, ég á núna 329 krónur inni á reikningi. Ég afþakka líka ýmislegt, til dæmis að fara í afmæli eða fermingarboð vegna þess að ég á ekki fyrir gjöfum.

Geturðu lýst því hvernig það er að vera í þeirri stöðu að þurfa að leita sér aðstoðar? Hvað er erfiðast?

Þetta var mjög erfið til að byrja með að leita sér aðstoðar, mjög þung spor. Það er erfiðast að finna að einhvern veginn er allt mislukkað, sjá ekki fram úr vandamálunum. Ég segi að það sé hluti af sjálfshjálpinni að leita sér aðstoðar. Það eru margir þarna úti sem geta þetta ekki, eru bara í þykjustuleik, en það gengur ekki til lengdar. Ég hef reynt að hjálpa öðrum sem eru einmitt að glíma við þetta – að koma í fyrsta sinn.

Hvaða stuðning hefur þú fengið og hvernig hefur aðstoðin nýst þér?

Ég hef fengið stuðning fyrir yngri strákinn í sambandi við skólagöngu í framhaldsskóla, sem er algjörlega ómetanlegt. Ég hefði ekki getað stutt hann með bækur og skólagjöld. Maður þarf að borga leigu, rafmagn og annan fastan kostnað og þá er ekkert eftir. Ég missti húsnæði sem ég hafði keypt en er samt að borga af lánum sem ég tók. Síðan er það mataraðstoðin sem hefur komið sér vel.

Nú á að hætta að úthluta mat í poka og nota inneignarkort fyrir barnafjölskyldur, hvernig list þér á það?

Í sjálfu sér er það gott, maður velur sjálfur matinn sem maður borðar eftir sínum smekk og þarf ekki að koma eins oft. Ég vona að þar sem þetta er dýrari leið að aðstoðin minnki samt ekki. Ég vil að lokum þakka Hjálparstarfinu innilega fyrir.



Skólinn og tómstundirnar ekki gefins



(mynd: Þorkell Þorkelsson)

Skólinn er að byrja. Hestanámskeið er að baki, hjólatúrar, leikjanámskeið og sumarþúðirnar. Nú eru það nýjar stílabækur, möppur, fallegir blýantar og pennaveski. Líka nýju skólafötin. Allt er slitið frá í fyrra eða orðið of lítið. Sumir fá að velja þetta úti í búð. Aðrir koma til Hjálparstarfs kirkjunnar.

Notað og nýtt alltaf hagsýn

Efnalitlir foreldrar skila til Hjálparstarfsins gögnum um tekjur sínar og gjöld. Ef afgangurinn er ekki meiri en viðmið umboðsmanns skuldara segir til um, þá hlaupum við undir bagga. Börn eiga ekki að gjalda þess að eiga efnalitla foreldra. Ekki varðandi skólagöngu og lágmarks, þroskandi tómstundir. Hjálparstarf kirkjunnar setur barnafólk

í forgang og hefur opnað fjölda leiða til að styðja það. Útgjöld vegna skólabyrjunar, samkvæmt innkaupalistum skólanna, greiðum við með inneignarkortum. Stundum eigum við gjafir frá fyrirtækjum svo sem stílabækur og skólatöskur og nýtum það. Stundum vantar börn gleraugu, lesgreiningu og fleira sem foreldrum getur reynst ógerningur að öngla saman fyrir. Það er skritið til þess að hugsa að barn sem þarf gleraugu, fái þau ekki. Hjálparstarfið hjálpar við þessar aðstæður. Það sem við ekki eigum á fatalager okkar fyrir börn í skóla, hjálpum við foreldrum að kaupa með inneignarkorti frá okkur. Á lagernum eru notuð föt sem almenningur og stundum verlanir, hafa gefið. 13–20 manns koma í viku hverri að fá föt á sig og fjölskyldur sínar.

Verndum börnin

Til þess að börn finni sem minnst fyrir kreppunni fórum við út í að styrkja tómstundir þeirra yfir veturinn. Við höfðum þá í nokkur ár kostað börn á námskeið og í sumarþúðir eða keypt hjól, bretti og annað sem tengist sumrinu. Börnin fá að velja. Það er mikilvægt. Það eru ekki allir „í boltanum“. Það er ekki alveg ókeypis að vera í barnaskóla á Íslandi og það sem þarf að greiða er bara of mikið fyrir suma.

Hjálparstarf kirkjunnar styður skólagöngu barna efnalitilla foreldra. Vetur og sumar greiðir Hjálparstarfið fyrir tómstundir, sumargjafir og sumarnámskeið.

Erum við ónæg?

Malaría, ormasýkingar, berklar, kvefpestir og jafnvel alnæmi. Nóg er af sjúkdómum í veröldinni en fáir vekja ugg í brjósti okkar Vesturlandabúa. Það eru til lyf við öllu – eða svo til. Ef ekki, þá dugar oft hvíld við gott atlæti í nokkra daga. Við erum löngu komin út úr raunveruleika fátækari þjóða sem þekkja það að komast ekki til læknis, eiga ekki fyrir lyfjum og geta ómögulega tekið sér hvíld frá verki, því þá verður enginn matur á borðum. EÐA HVAÐ?

„Taktu eitthvað við því“

Já, eða hvað? Getum við verið óttalaus gagnvart sjúkdómum? Ekki allir. Unnvörpum leitar fólk aðstoðar Hjálparstarfsins til að kaupa lyf. Fólk sem fær ekki þá læknisþjónustu sem það þarf, fær ekki lyfin sem lækna og lina þjáningar, fær ekki þau lífsgæði sem það ætti að njóta af því það á ekki fyrir þeim. Þessa stöðu hafa félagsráðgjafar okkar sannreynt með því að fara yfir

gögn um tekjur og útgjöld allra sem fá aðstoð hjá Hjálparstarfinu. Þau ólíkindi gerast að jafnvel er hringt til Hjálparstarfsins frá sjúkrahúsum og stofnunin beðin um að greiða lyf svo hægt sé að útskrifa sjúkling. Myndi „HALLÓ!!“ eiga við hér?

Neyðaraðstoð með lyf

Hjálparstarfið reynir að bæta úr mestu neyðinni. Á síðasta ári fengu 240 einstaklingar lyfjaaðstoð fyrir 830.000 kr. Fleiri hefðu þurft aðstoð en við verðum að takmarka útgjöldin. Við greiðum til dæmis ekki lyf sem hægt er að selja á götunni. Við getum ekki borgað lyf sem fólk notar að staðaldri, jafnvel hjartalaf eða önnur lífsnauðsynleg lyf. Hjálparstarf kirkjunnar getur, fjárhagsins vegna, aðeins greitt lyf sem fólk þarf óvænt á að halda vegna skyndilegrar uppákomu. Annað verðum við að telja til fyrirsjáanlegra útgjalda og við veitum neyðaraðstoð. Hvað segja þessar núturlegu reglur um kjör svo margra? Þær segja þann einfalda sannleika að á meðal okkar er fólk sem þarf verulega að óttast um heilsu sína af því það hefur ekki aðgang að læknisþjónustu.

Gætir þú sagt nei?

Þetta er harðneskjulegt, ekki síst þegar börn eiga í hlut. Stöku sinnum förum við út fyrir rammann. Stundum er bara ekki hægt að segja nei. En eiga hlutirnir að vera svona? Hvernig samfélag viljum við byggja? Þú getur hjálpað okkur, þar til kerfið breytist og samfélagið axlar þessa ábyrgð að fullu. Smelltu á valkröfuna frá okkur í heimabankanum þínum. Andvirðið rennur allt til innanlandsaðstoðar.



(mynd: Þorkell Þorkelsson)

heimili & hönnun

[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM HÍBÝLI]

apríl 2011

Samið í eik

Vífill Magnússon arkitekt sýnir hús-gögn úr eigin smíðju í anddyri Salarins í Kópavogi. Hann smíðar úr eik sem er rist niður í sprota og sveigð á náttúrulegan hátt.

SÍÐA 6



Allt samkvæmt bókinni

Sigríður Heimisdóttir fjallar um útskriftarsýningu Listaháskóla Íslands í Hafnarhúsi.

SÍÐA 2

OFURBÝLI Í MÍLANÓ

Hafsteinn Júlíusson setti upp innsetningu á hönnunarsýningu í Mílanó í tilefni af 50 ára afmæli hennar.

BLS. 4



CANDY AFSLÁTTARDAGAR

Þvottavélar, þurrkarar, ofnar, helluborð, kæliskápar, uppvottavélar og fleira ...

20%
afsláttur



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

CANDY



GÓÐ KAUP FYRIR... vegginn

Rauðir Umbra-rammar sem hægt er að dreifa úr á vegginn. Verð: 3.980 krónur. Tekk-Company, Holtagörðum.



Bryndís Bolladóttir á heiðurinn af þessum dásamlegu snögum sem Normann Copenhagen hefur tekið í framleiðslu. Verð: 4.900 krónur. Epal, Skeifunni 6.

Klukka, til að mynda á eldhúsvegginn, á sérstaklega góðu verði. Verð: 495 krónur. ILVA, Korputorgi.



Forsíðamynd: Aðsend mynd af innsetningu Hafsteins Júlíussonar á hönnunarsýningu í Milánó. **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000
Ritstjóri: Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is
Auglýsingar: Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir s. 512 5462
Útlitshönnuður: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is.

Eigum til á lager Slide Back rúm
tilbúin til afgreiðslu strax




Opið:
mán - fös 10:00 – 18:00
lau 11:00 – 16:00

www.lur.is



LÚR - BETRI HVÍLD
HLÍÐASMÁRI 1 • 201 KÓPAVOGUR
SÍMI 554 6969 • FAX 554 3100
WWW.LUR.IS • LUR@LUR.IS



Bubblumublur kallast þessir volgu kollar fyrir kaldar aðstæður.

Ákaflega slétt og fellt

● Í Hafnarhúsinu stendur nú yfir útskriftarsýning nema frá Listaháskóla Íslands úr myndlistardeild og hönnunar- og arkitektúrdeild.

Sigga Heimis
iðnhönnuður
skrifar í Heimili&hönnun
sigga@siggahemis.is



Hafnarhúsið er óneitanlega eitt skemmtilegasta safn höfuðborgarinnar og arkitektúr safnsins frábær. Í raun svo góður að hann næstum stelar athyglinni frá verkum sem til sýnis eru.

Útskriftarsýningar LHÍ hafa verið haldnar þarna undanfarin ár og sýningin í ár var einmitt nákvæmlega eins og ég hafði ímyndað mér að hún yrði, enda uppsetning mjög keimlúk fyrir sýningum.

Þá einblíndi ég aðallega á vöruhönnunarhluta sýningarinnar enda er það sá hluti sem ég fór sérstaklega að skoða.

Hlutirnir eru sléttir og felldir og verkefnið unnin samkvæmt bókinni en það sem vakti athygli mína var sérstaklega tvennt.

Annað var að hugmyndirnar voru ekki sérstaklega þróaðar, um hugmyndir eða „konsept“ var að ræða en lítið fór fyrir vörubrúun eða úrvinnslu hugmyndanna.

Slík verkefni passa frekar fyrsta eða annars árs nemum en ekki lokaverkefnum af þriðja ári vöruhönnunar.

Hitt sem vakti athygli mína var að ekki var unnið sérstaklega með íslensk áhrif eða einkenni. Undantekning var þó úti-



Sögulegt samband silfurs og matarvenja hefðarfólks er krufið í útskriftarverkefni Ingu Dóru Jóhannsdóttur.



Upphleypst munstur í ljósum Unnar Valdísar Kristjánsdóttur myndar nostalgíu og fallega stemningu.

kollar Helgu R. Jósepsdóttur, þar sem heita vatnið okkar er notað á skemmtilegan hátt. Ekki var heldur unnið sérstaklega með umhverfisáherslur eða önnur brýn efnistöð sem eru meðal helstu verkefna vöruhönnuða í dag.

En þessi niðurstaða kemur ekki sérstaklega á óvart og ekki er við nemendur að sakast. Einkenni Listaháskólans að mínu mati er að þar er einblínt mun meira á listrænt hugmyndaferli og tímanum síður eytt í vörubrúunarferlið.

Áhugi fyrir hönnun er gífurlega mikill í dag og fjöldinn allur

af ungu fólki með hönnunarmenntun útskrifast árlega. Í Evrópu er sá fjöldi 50.000 manns og í ljósi þess er mjög mikilvægt að íslenskir hönnuðir finni sér sína sérstöðu til að mynda sér vettvang. Íslenskir fatahönnuðir eru komnir vel á veg og er óskandi að vöruhönnuðir nái sömu sterku einkennum.

Til þess þarf heilbrigðan skammt af sjálfstrausti og eilítið meiri kröfur hvað varðar vörubrúun og frágang.

Það kemur vonandi með komandi kynslóðum vöruhönnuða Listaháskólans.

STURTUHAUSAR Í ÚRVALI



EMOTION sturtuhaus kringlóttur 10 cm verð kr. 3.990.-



SPRING sturtuhaus kringlóttur 20 cm verð kr. 9.450.-




ESPRITE CARRÉ ferkantaður 20 cm verð kr. 12.400.-



SKINNY handsturtuhaus verð kr. 1.990.-

Gæði, þjónusta og ábyrgð - það er TENGI


ego dekor



Glerskápur
Breidd 100cm
Verð: 118.000,-

HETTHI HVÍTT HÁGLANS
Skenkur Breidd: 180cm
Verð: 178.000,-

Stækkanlegt borð 160(248)X100
Verð: 178.000,-



COMO SVART VENGI
ERIC Skenkur Breidd: 170cm
Verð: 139.900,-

CARLO Borð
220X100

Verð: 108.000,-

COMO
ERIC TV Skenkur
Breidd: 210m
Verð: 129.900,-



FALLEG HÚSGÖGN Á GÓÐU VERÐI




LUCAS leður hornsófi
Stærð: 285X223
Verð: 339.000,-



ROMEIO leðurtungusófi
Stærð: 320X165
Verð: 328.000,-



PINK DREAM tungusófi
Stærð: 292X160
Verð: 194.650,-



NORGE tungusófi
Stærð: 302X215
Verð: 246.600,-



CLIO leðurstóll
Verð: 15.900,-

PRIMA stóll
Verð: 13.800,-

VEGAS leðurstóll
Verð: 16.900,-



NEW ENGLAND tungusófi
Stærð: 252X165
TILBOÐSVERÐ: 169.200,-

Opið mán-fös: 10:00 - 18.00
Opið um helgina: Lau 10.00-16.00 - sun: 13.00-16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 5444420 - www.egodekor.is

ÁRA

Í dag er síðasti dagur afmælishátíðar Kokku. Við höldum upp á 10 skemmtileg ár með 10% afslætti af öllum vörum og sértíloboði á vinsælustu vörunum frá upphafi.

» Við byrjuðum fyrir tíu árum í smákompu við Ingólfsstræti. Markmiðið var að bjóða Íslendingum það besta í eldhúsið og auðvitað ekki síður að fá að vinna við eigið áhugamál. Hvort tveggja tókst og við þökkum kærlega fyrir 10 frábær ár.

kokka
laugavegi 47

laugavegi 47 opið mán.-fös. 10-18, lau. 10-16 | www.kokka.is ✉ kokka@kokka.is



Portúgölsku hönnuðirnir Rui Pereira og Joana Pais settu upp Superfarm ásamt Hafsteini.



Hugmyndin var að færa bóndabýlið inn í borgina þar sem það myndi þjóna framtíðarsamfélaginu sem matvöruverslun.

MYND/HAFSTEINN JÚLÍUSSON



Hafsteinn Júlíusson var fenginn til að hanna afmælisinnsetningu í Mílanó.

Hannaði ofurbýli í Mílanó

● Íslenskur hönnuður, Hafsteinn Júlíusson, setti upp sérstaka innsetningu á einni stærstu hönnunarsýningu heims, Salone Del Mobile, í Mílanó, í apríl. Sýningin fagnaði 50 ára afmæli.

„Sýningarstjóri Salone Satellite, Marva Griffin, bað mig og tvo aðra hönnuði, Rui Pereira og Joana Pais, um að hanna sérstaka innsetningu í tilefni af afmælinu en við vorum öll mastersnemar við Scuola Politecnica di Design. Viðfangsefnið var hlutverk hönnunar eftir 50 ár og við fengum algerlega frjálssar hendur. Í stað þess að sýna húsgögn ákváðum við að einbeita okkur að félagslegri hegðun og hvernig hönnun getur haft áhrif á framtíðarsamfélag,“ segir Hafsteinn en innsetningin fékk heitið Superfarm, eða Ofurbýlið.

Hafsteinn segir innsetninguna hafa vakið athygli, sérstaklega fyrir nýstárlega nálgun á þessari rótgrónu húsgangasýningu en hugmyndin var að færa bænda-býlið inn í borgina þar sem það

myndi þjóna framtíðarsamfélaginu sem matvöruverslun. „Við lögðum mikla áherslu á að virkja viðskiptavinum til að leggja sitt af mörkum til „ofurbýlisins“, til dæmis veiða fiskinn, tína grænmetið, mylja kornið o.s.frv. Þetta var gert til að tengja manninn aftur nær uppruninum og koma honum í skilning um mikilvægi endurvinnslu, orkuskiptunar og staðbundinnar framleiðslu.“

Hátt í 400.000 gestir sækja sýninguna í Mílanó árlega, allstaðar að úr heiminum. Superfarm opnaði umræðu um hvert nútímasamfélag stefnir og hvað megi gera til þess að upplýsa framtíðarsamfélagið betur um mikilvægi umhverfisverndar, hollustu og heiðarleika. Þegar hefur verið fjallað um Superfarm í virtum hönnunartímaritum, svo sem Frame

magazine, Domus Magazine og á víðlesnu hönnunarbloggeri, mocoloco.com.

Hafsteinn, sem er búsettur í Mílanó, er að vonum ánægður með hvernig til tókst og hefur þegar fengið spennandi tilboð um verkefni í framhaldinu. Hann vill þó ekki gefa upp hver þau eru, enda hefur hann í nógu öðru að snúast.

„Núna er ég að vinna að nýrri vöru fyrir tiskuframleiðandann Giuliano Fujiwara og verður hún vonandi kynnt á tiskuvíkunni í Mílanó næsta haust. Ásamt því er ég að vinna að nokkrum nýjum hugmyndum eða vörum fyrir vörumerkið mitt HAF og þær ættu að vera klárar á næstunni.“

Nánar má forvitnast um hönnun Hafsteins á síðunni www.hafsteinnjulusson.com



GOTNESK NÝJUNG Belgíska hönnunarfyrirtækið Studio Job hannaði nýlega þennan stól fyrir hollenska merkið Moooi. Hugmyndin að stólnum er fengin út frá þungum gotneskum tréstólum í rómantískum stíl. Nýju stólarnir eru hins vegar úr plasti og í skærum litum. Studio Job hannaði stólinn upphaflega fyrir nýlega endurnýjað Groniger-safnið í Hollandi.



Sýning á verkum fyrsta árs nema í fatahönnun var opnuð í Útgerðinni Grandagarði 16 í gær og stendur opin um helgina frá 13-17. Unnið er út frá hugtakinu „díva“ og hefur hver nemandi útbúið sína útgáfu í innsetningarverki. Kennari námskeiðsins er Hildur Yeoman og er meðfylgjandi mynd eftir hana.

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

Sölufulltrúi: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473

NÁMSAÐSTOÐ

Vantar þig aðstoð í einhverri námsgrein?

Íslenska – stærðfræði – enska – danska – efnafræði - lestur
eðlisfræði – þýska – franska – spænska – stafsetning o.fl
Öll skólastig - Réttindakennarar

Nemendapjónustan sf • www.namsadstod.is • s. 557 9233

Gylfi Arnbjörnsson forseti ASÍ stundar útvist og veiðimennsku hvenær sem færi gefst um helgar:

Enginn yfirstéttar- hrokagikkur

FRAMHALD | 2



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ég held að mér hefði ekki verið treyst fyrir embættinu ef menn teldu mig einhvern yfirstéttarhrokagikk, enda hef ég djúpan skilning á aðstæðum verkafólks þar sem ég er sjálfur úr stórum hópi verka- og sjómanna langt aftur í ættir. Hins vegar hef ég ágætis kjör, þótt það séu engin ofurkjör, sem hafa engin áhrif á baráttuprek mitt fyrir þyngri pyngju launafólks,“ segir Gylfi, sem ólst upp við þátttöku í

kröfugöngum 1. maí og flytur ávarp á hátíðahöldum verkalyðsins í höfuðstað Norðurlands á morgun.

„Deilan sem nú er uppi við atvinnurekendur er rammari en nokkru sinni og hvet ég sem flesta til að sýna samhug og samstöðu í kröfugöngum dagsins,“ segir Gylfi, sem flýr á vit náttúrunnar þá sjaldan að frí gefst frá erilsömu starfi forseta Alþýðusambandsins.

„Ég er mikill útvistarmaður og virkur í jeppadeild Útivistar, þar

sem ég hef unun af samvistum við fólk með sömu áhugamál. Ég nota því helgarnar til að hlaða batteríin, skipta um gír og snattast á fjöll eða jökla, en er líka veiðimaður á allt sem syndir og flýgur og nú þegar farinn að hnýta flugur og gera klárt fyrir sumaríð,“ segir Gylfi. sem veidir gjarnan með tveimur sonum sínum. Hann á einnig tvær dætur og barnabarn sem einnig er nafni hans og varð ársgamall í kóngsins Kaupmannahöfn gær.

Yfirhafnir, bolir og peysur í miklu úrvali.



Stuttkápur
verð frá
19.900
37.900 kr.

Toppvörur
toppþjónusta.

Stutt kápa
með hettu
23.900 kr.

Opið
mán - fös 10-18,
laugardaga 10-16

TOPP HÚSIÐ
Mörkinni 6 - Sími 588 5518

Mjúka
fermingargjöfin
Frábær fermingartilboð

Lín Design Laugavegi 176 Sími 533 2220 www.lindesign.is

Lín
DESIGN



Landssamtök hjólréiðamanna standa fyrir hjólaferð frá Hlemmi í dag. Lagt verður af stað klukkan 10.15 og hjólað í einn til tvo klukkutíma um borgina. Þátttaka er ókeypis og eru allir velkomnir. Sjá nánar á www.lhm.is

HOLLUR BITAFISKUR
+80% prótín
 Fiskneysla er góð fyrir heilabúið

GULLFISKUR
 Fæst í Bónus og Inspired, Keflavíkurflugvelli

NÝ SENDING - Vattjakkar
 - flottir báðum megin einlitir/köflóttir 25.900,-

laxdal.is
BERNHARD LAXDAL
 Laugavegi 63 • s: 551 4422

Jaðarför á Ingólfstorgi

Útvarpsstöðin X-ið blæs til keppni á hjólabrettum og BMX-hjólum á Ingólfstorgi á morgun. Þar verður ýmislegt til skemmtunar auk keppinnar sjálfrar, meðal annars mun Johnny Hazard leika listir sínar.

„Þarna verður flottasta BMX-hjóla- og hjólabrettafólk landsins mætt til að keppa um bestu ferðina, besta trikkið og besta stökkid niður átta tröppur á Ingólfstorginu,“ segir Leon S. Kemp, umboðsaðili DC á Íslandi, einn þeirra sem sjá um framkvæmd keppinnar Jaðarför X-ins sem útvarpsstöðin X-977 stendur fyrir á morgun á Ingólfstorgi ásamt Talsímafjelagi Valda&Freys, Mountain Dew, og Lex Games Events.

Leon hefur ásamt fleirum unnið hörðum höndum að því að smíða rampa og box og segist fastlega gera ráð fyrir flottri keppni. „Þarna verða tíu til fimmtán keppendur á hjólabretti eldri en fimmtán ára og átta til tíu fimmtán ára og yngri,“ segir Leon. „Og tíu til fimmtán strákar á „freestyle“ BMX-hjólum. Þetta eru okkar langbestu hjólamenn og þeir hafa vakið mikla athygli erlendis, svo það verður spennandi að fylgjast með þeim. Auk þess mun Johnny Hazard sýna listir sínar á klifurhjóli og hljómsveitin Endless Dark

Keppt verður í tveimur flokkum á hjólabrettum; eldri en fimmtán ára og fimmtán ára og yngri.



Leon S. Kemp lofar góðri skemmtun á Ingólfstorgi í dag milli klukkan þrjú og sex á Jaðargör X-ins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

sér um tónlistina auk Intro-beat.“

Upphaflega stóð til að keppnin færi fram hinn 16. apríl og síðan 30. apríl en í bæði skiptin var henni frestað vegna veðurs. Hvað gerist ef veðrið verður vont á morgun? „Við erum að vona að við fáum gott veður á milli þrjú og sex á morgun,“ segir Leon. „En ef veðrið verður alveg ómögulegt

verðum við að fresta þessu aftur, býst ég við. Svona er þetta bara á Íslandi.“

Auk keppinnar og sýningarinnar verða á svæðinu sýningartjöld þar sem sýnt verður ýmislegt sem tengist þessum íþróttum. Byrjað verður að keppa klukkan þrjú og haldið áfram án hlés til klukkan sex. Leon segir þetta tilvalið tækifæri fyrir alla fjölskylduna að koma í miðbæjarferð og virða fyrir sér það besta sem er að gerast í jaðaríþróttum í dag. fridrikab@frettabladid.is

SUMARGLEÐI

Í GYLLTA KETTINUM

Skór frá 7.800 - 12.800
 Stærðir 36-41

GYLLTI KÖTTURINN

AUSTURSTRÆTI 8 - 10 • SÍMI 534 0005



„Þegar þessi útgáfa var að byrja var ég orðinn áskrifandi að blöðum frá Bandaríkjunum og fannst þýðingarnar á ofurhetjublöðunum alveg einstaklega slæmar og leit ekki við þeim. Ég keypti þó önnur blöð frá Siglufjarðarprenti, eins og Tarzan og fleira.“

Gísli segir þýddu blöðin alls ekki hafa fallið í kramið hjá hördustu myndasöguáhugamönnum og þýðingarnar hafi farið illa í menn, sérstaklega þegar verið var að snúa nöfnum á persónum.

„En seinna, þegar ég komst til vits og ára, áttaði ég mig á því að þetta var gríðarlega mikilvægt innlegg í myndasögumeninguna á Íslandi, því að fjölmargir sem voru yngri en ég lásu þessi blöð og þetta voru þeirra fyrstu kynni af ofurhetjumeningunni. Svo þegar við fórum að selja blöðin á

ensku í einhverju magni, upp úr 1992, voru margir búnir að lesa blöðin lengi á íslensku og voru því tilbúnir að taka næsta skref og lesa sögunar á frummálinu.“

Gísli segist ekki fá fyrirspurnir um Siglufjarðarblöðin í búiðinni, en þau komi oft til tals þegar rætt er um myndasögur og það sýni hversu margir hafi lesið þau á sínum tíma.

„Eftir á að hyggja var þetta stórmerkilegt framtak þó að það hafi ekki fallið í kramið hjá mér persónulega, og á allan heiður skilinn.“

En telur Gísli að markaður sé fyrir þýddar myndasögur á Íslandi í dag?

„Það er erfitt að segja. Í gamla daga var hægt að gefa út Lukku-Láka bók og vera viss um að helmingur allra stráka myndi kaupa hana, en ekki í dag. Það er miklu meiri afþreying í boði, til dæmis tölvur, sjónvarp, tónlist og þess háttar, en það er alltaf einhver möguleiki. Við í Nexus höfum ekki treyst okkur til þess, síst af öllu nú í kreppunni, en kannski getur einhver tekið þetta að sér í framtíðinni.“

Við fyrsta hanagal

- morgungöngur Ferðafélags Íslands 2011



**Skráðu þig inn
drífu þig út
Ferðafélag
Íslands**

Komdu með í frískandi fjallgöngu í morgunsárið og vaknaðu með fuglunum í eina viku. Einstök náttúruupplifun, gleði og göngustemming.

Ókeypiss þátttaka. Brottför á eigin bílum úr Mörkinni 6 kl. 06.00 eða mæting á upphafsstað göngu.

Nánari upplýsingar á www.fi.is

Fararstjórar: Páll Ásgeir Ásgeirsson og Rósa Sigrún Jónsdóttir

Fjöll vorsins:

- Mánudagur 2. maí. Helgafell við Hafnarfjörð.
- Þriðjudagur 3. maí. Mosfell í Mosfellsdal.
- Miðvikudagur 4. maí. Helgafell í Mosfellsveit.
- Fimmtudagur 5. maí. Víðilsfell.
- Föstudagur 6. maí. Úlfarsfell morgunmatur í boði FÍ.

HARPA Opnunarhátíðin verður haldin föstudagskvöldið 13. maí næstkomandi.



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Styttist óðum í opnun Hörpu

Opnunarhátíð **Hörpu**, nýja tónlistarhússins, verður haldin föstudaginn 13. maí næstkomandi og í kjölfarið fylgja opinn dagur og sérstakur barnadagur. *Fréttablaðið* forvitnaðist um dagskrána og innviði hússins sem margir hafa beðið lengi eftir.

Fyrstu viðburðirnir í nýja tónlistarhúsinu Hörpu fara fram í næstu viku, nánar tiltekið dagana 4., 5. og 6. maí þegar Sinfóníuhljómsveit Íslands heldur þrenna tónleika með fulltingi Víkings Heiðars Ólafssonar og Vladímírs Ashkenazy. Opnunarhátíð hússins verður þó ekki haldin fyrr en að kvöldi föstudagsins 13. maí og verður hún sýnd í beinni útsendingu á RÚV. Alls koma rúmlega fjögur hundruð tónlistarmenn fram á opnunarhátíðinni og

meðal þeirra eru téd Sinfóníuhljómsveit Íslands, Íslenska óperan, Gus Gus, Dikta, Páll Óskar og Víkingur Heiðar Ólafsson, sem vígir nýjan konsertflygil.

Daginn eftir, laugardaginn 14. maí, verður opið hús í Hörpu með tólf tíma samfelldri tónleikadagskrá frá hádegi til miðnættis. Um daginn koma fram listamenn á borð við Ólaf Arnalds, Caputhóppinn og Björn Thoroddsen. Um kvöldið geta gestir svo barið augum margar af þekktustu popp- og rokksveitum landsins eins og Agent Fresco, Hjaltalín, Jónas


Sigurðsson og Ritvélar framtíðarinnar, Apparat Organ Quartet, HAM og margar fleiri.

Sunnudaginn 15. maí verður svo haldinn sérstakur barnadagur í Hörpu, þar sem meðal annars verða á dagskrá sam-eiginlegir tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Maxímúsar Músíkúsar. Miðaverð á þá tónleika verður 100 krónur, til tákns um að aldarlöng bið eftir tónlistarhúsi sé nú á enda. Allir aðrir tónleikar sem haldnir verða 14. og 15. maí eru öllum opnir að kostnaðarlausu.

SVONA ER HARPA AÐ INNAN

FJÓRÐA HÆÐ


Fundarherbergi
Kolabrautin (veitingastaður)



ÖNNUR HÆÐ

Silfurberg (750 sæti)
Sýningasvæði
Norðurljós (450 sæti)


Eldborg (1.800 sæti)



FYRSTA HÆÐ

Fundarherbergi
Kaldalón (200 sæti)
Fundarsalur
Verslunin Epal
Munnharpan (veitingastaður)

Verslun 12 tóna
Fatahengi
Miðasala
Rúllustigi úr bílakjallara
Aðalinngangur



EINNIG BER AÐ NEFNA

- Á 6. hæð eru skrifstofur Ago (rekstrarfyrirtækis Hörpu)
- Á 5. hæð eru skrifstofur Óperunnar.
- Á 4. hæð eru skrifstofur, æfingarrými og búningaöstaða Sinfóníunnar og Óperunnar.
- Á 3. hæð eru æfingaherbergi fyrir stjórnendur og flytjendur.
- Á jarðhæð eru meðal annars skrifstofur tónlistarstjóra kynningamála og verkefnastjóra.
- Nú þegar hafa verið bókaðir 230 tónlistarviðburðir og 120 ráðstefnu- og viðburðadagar í Hörpu. Stefnan er að eitt-hvað verði að gerast á hverjum einasta degi í húsinu.
- Í Hörpu eru tvær verslanir, tveir veitingastaðir og veisluþjónustan Hörpudiskur.
- Á veitingastöðum í Hörpu eru sæti fyrir samtals um 300 gesti.
- Fjöldi starfsmanna hússins er um 200, ef öll fyrirtækin í Hörpu eru meðtalin.
- Húsið er hannað af Teiknistofu Henning Larsens í Kaupmannahöfn í samvinnu við Batterífið arkitekta í Hafnarfirði. Ólafur Elíasson hannaði glerhjúpinu sem umlykur húsið í samvinnu við arkitekta teiknistofunnar.
- Byggingarlóð Hörpu er alls 6 hektarar (60.000 fermetrar).
- Harpa er 43 metrar á hæð frá götu.
- Í sumar verður mögulegt að bóka sérstakar skoðunarferðir um húsið þar sem gestir eru leiddir í gegnum hina ýmsu sali og rými í Hörpu. Tónlistardagskrá fyrir ferðamenn og kvikmyndir verða í salnum Kaldalóni í allt sumar. Bókanir á vefnum harpa.is.

Vortilboð

FLOTT HÚSGÖGN FYRIR ÞIG OG ÞÍNA!

**FULL BÚÐ
AF FRÁBÆRUM
TILBOÐUM!**
Lítu við og láttu
fara vel um þig.



**30%
AFSLÁTTUR**

NOCTURNE 315
120 X 200 cm
m/25 mm svamp yfirdýnu
54.990
ÁÐUR: 79.980

NOCTURNE 320
120 X 200 cm
m/25 mm svamp yfirdýnu
69.990
ÁÐUR: 99.980

NOCTURNE 315
140 X 200 cm
m/25 mm svamp yfirdýnu
59.990
ÁÐUR: 89.980

NOCTURNE 320
140 X 200 cm
m/25 mm svamp yfirdýnu
74.990
ÁÐUR: 109.980

NOCTURNE 315 með þykkri yfirdýnu, 25 mm svampur, millistíf dýna. Frotte áklæði sem hægt er að þvo við 60 gráður. Tvöfalt gormakerfi. Efra kerfi inniheldur 114 Bonell gorma á m². Neðra kerfi inniheldur 150 Bonell gorma á m². Verð er án fóta.

NOCTURNE 320 með þykkri yfirdýnu, 25 mm svampur, millistíf dýna. Frotte áklæði sem hægt er að þvo við 60 gráður. Tvöfalt gormakerfi. Efra kerfi inniheldur 232 LFK gorma á m². Neðra kerfi inniheldur 150 Bonell gorma á m². Verð er án fóta.



**20%
AFSLÁTTUR**

279.990
FULLT VERÐ: 349.990

MIDLAND tungusófi. Brúnt áklæði. B:280 D:100/173 H:95 cm. Fæst með vinstri eða hægri tungu.

COBRA tungusófi. Vienna svart áklæði. B:250 D:83/145 H:80 cm. Fæst með vinstri tungu.



**30%
AFSLÁTTUR**

169.990
FULLT VERÐ: 249.990

TWISTER borðstofuborð, stækkanlegt, hnota. B:185/265 D:104 cm.



**25%
AFSLÁTTUR**

149.990
FULLT VERÐ: 199.990

3.990
ÁÐUR: 4.990

**20%
AFSLÁTTUR**

FLEUR bakkaborð, hvítt eða rautt.



**30%
AFSLÁTTUR**

109.990
FULLT VERÐ: 159.980

LA Z BOY
STANLEY La-z-boy, fæst með hvítu, svörtu, dökk-brúnu og vínrauðu leðri. B:80 D:85 H:105 cm.



**30%
AFSLÁTTUR**

79.990
FULLT VERÐ: 119.990

LA Z BOY
MORGAN La-z-boy, fæst með brúnu, grænu og vínrauðu áklæði. B:90 D:90 H:100 cm.



**50%
AFSLÁTTUR**

49.990
FULLT VERÐ: 99.990

MANDI stóll með snúningsfæti. Dökk- og ljósgrátt áklæði.

Líf mitt hefur líkst óvissuferð

Genf, París, London, Brussel, Ósló, Washington. Allt eru þetta borgir sem **Einar Benediktsson** fyrrverandi sendiherra hefur búið í. Hann rifjaði upp brot úr viðburðaríkri ævi fyrir **Gunnþóru Gunnarsdóttur**, í tilefni áttæðisafmælis síns.

Börninn ætla með föður sinn og frú í óvissuferð út á land. Ég veit ekkert hvert för er heitið. Mér finnst það líka eiga vel við. Ég réði því ekkert sjálfur hvert ég fór þegar var verið að skipta um stað fyrir mig sem sendiherra. Að því leyti má segja að líf mitt hafi verið ein óvissuferð. Þannig farast Einar Benediktssyni, fyrrverandi sendiherra, orð þegar hann er spurður hvort hann ætli að halda upp á áttæðisafmæli sitt sem er í dag.

Einar rifjar upp mild bernskuvor. „Við strákarnir vorum alltaf komnir í stuttbuxur á afmælinu mínu, það var svo hlýtt í veðri,“ segir hann. Einn dagur er honum minnisstæðari en aðrir, 10. maí 1940. „Ég vaknaði við gífurlegan dyn. Flugvél flaug yfir bæinn frá breskum tundurspelli sem lá í höfninni og þennan dag breyttist Reykjavík úr kyrrlátum bæ í allt annan heim því Bretarnir stígu á land með vopn sín og hafurtask.“

Æskuheimili Einars stóð á horni Hringbrautar og Hofsvallagötu. „Ég er sem sagt Vesturbæingur og við strákarnir vorum í skátunum og KFUM og reyndum að sýnast prúðir og þægir en hin hliðin var sú að við stóðum í stríði við Austurbæinga og lögregluna. Uppáhaldsiðja okkar var að hanga aftan í bílum þegar hálsa var og lögreglan var

að reyna að passa upp á að við færum okkur ekki að voða en við litum á hana sem okkar ægilegasta óvin. Ég átti samt gott heimili og er þakklátur fyrir það. Þar var allt í föstum skorðum.“

Þótt Einar heiti eftir þjóðskáldinu afa sínum kveðst hann engin kynni hafa haft af því. „En við amma mín Valgerður vorum miklir perluvínir,“ segir hann. Hann ber af sér skáldgáfu en gengst við mikilli bókheigð. „Það nýjasta sem heldur mér föngrum er rafrænar bækur sem ég panta í gegnum Amazon á nokkrum sekúndum,“ segir hann og toppar algerlega tækniþekkingu blaðamanns.

Eftir stúdentspróf frá MR og MA-gráðu í hagfræði frá Boston réðist Einar til OECD árið 1956. „Við Elsa [Pétursdóttir] giftum okkur þá og settumst að í París, þar sem fyrstu börnin fæddust,“ rifjar hann upp og kveðst hafa verið með hléum í París til 1970 er fjölskyldan flutti til Genfar. „Við komum ekkert heim næstu 27 árin heldur þjuggum í Genf, París, London, Brussel, Ósló og enduðum í Washington,“ rifjar hann upp og kveðst hafa haft mikla ánægju af ævistarfinu. Sú ánægja sé einnig fólgin í því að það hafi komið vel út fyrir aðra en hann. „Konan mín bjó fjölskyldunni yndislegt heimili,“ segir hann. „Börninn okkar fimm menntuðust erlendis og þetta var góður tími fyrir okkur öll.“



AFMÆLISBARNIÐ „Við strákarnir vorum alltaf komnir í stuttbuxur á afmælinu mínu, það var svo hlýtt í veðri,“ segir Einar Benediktsson er hann rifjar upp vorin fyrir stríð.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Í ÞÁ TÍÐ: Árið 1947

Víetnamstríði lýkur

Her Norður-Víetnams hertekur höfuðborg suðurhlutans og bindur enda á áralengt stríð sem kostaði meira en 3 milljónir manna lífið.

Þennan dag fyrir réttum 36 árum, 30. apríl árið 1975, hertóku hersveitir kommúnistastjórnarinnar í Norður-Víetnam höfuðborg suðurhlutans, Saigon. Með því féll síðasta vígi sunnanmanna sem höfðu notið stuðning Bandaríkjanna um árabil og Víetnamstríðinu lauk í raun og veru.

Ófriðurinn hófst árið 1955 þegar Ngo Dinh Diem, sem hafði nýlega sest í forsetastólinn eftir vafasamar kosningar, hóf átak gegn kommúnistum í landinu.

Bandaríkjamenn, sem vildu sporna við áhrifum Sovétríkjanna og Kína í Suðaustur-Asíu, studdu stjórnvöld í suðri og hófu beina þátttöku í hernaði árið 1964.

Ekki þarf að fjölyrða um gang stríðsins, en brótt Bandaríkjamanna féll sífellt í grýttari jarðveg heima fyrir allt fram til ársins 1973 þegar Bandaríkjamenn hættu formlegum hernaðarafskiptum en lofuðu að koma Suður-Víetnömum til hjálpar ef norðanmenn létu til skarar skríða.

Þeir stóðu ekki við stóru orðin þegar á reyndi og í mars 1975 hófst lokasóknin.

Hver borgin á fætur annarri féll í hendur norðursins og Gerald Ford Bandaríkjaforseti greip ekki til aðgerða.

Suður-Víetnamar máttu sín lítils upp á eigin spýtur og þegar ljóst var í hvað stefndi sagði Nguyen Van Thieu af sér forsetaembættinu og flúði Saigon. Borgin var umkringd 27. apríl og þremur dögum síðar létu hersveitir undir forystu Bui Tin ofursta til skarar skríða.

Þeir mættu lítilli andspyrnu og ruddust inn um hlið forsetahallarinnar á skriddrekum.

Víetnam var því komið undir stjórn kommúnista eftir um 20 ára stríð þar sem á fjórðu milljón víetnamskra hermanna og almennra borgara létu lífið og nær 60 þúsund bandarískir hermenn.

- Þj

Heimild: History.com og Wikipedia.

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands kynnr:

hjólað í vinnuna

UM ALLT LAND

4.-24. maí

Vinnustaðakeppni

Nú látum við hjólin snúast um allt land!

Kept er um:

- Flesta þátttökudaga
- Flesta kílómetra

Skráning og nánari upplýsingar á vefsíðunni: hjoladivinnuna.is

Vertu með!

Ísland á íði Hreyfa sig!

Samstarfsaðilar:

Ólympíufjölskyldan

Íslandsbanki

ICELANDAIR

SJÓVÁ

VALTOR VISA

SKÝRR

LÝDHEILSUSTÓÐ

ÖRNINN

RÁS 2

LHM

nettó

Kræsingar & kostakjör



GLEÐILEGT SUMAR!

GRÍSAHNAKKASNEIÐAR
FERSKAR – KRYDDAÐAR



GRÍSAKÓTELETTUR
FERSKAR – KRYDDAÐAR



VÍNARPYLSUR
10 STK 513 G



NAUTAHAMBORGARAR
FERSKIR 90 G, 4 STK



ALÍFUGLAHAKK
FROSIÐ 600 G



LAMBALÆRISSNEIÐAR
FERSKAR 1. FL



NAUTAGÚLLAS
FERSKT



VÖFFLUMIX
450 G



KAFFI
MALAÐ 400 G



HÖFUM OPNAÐ GLÆSILEGA VERSLUN Í BORGARNESI – VERIÐ VELKOMIN!

Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes

Tilboðin gilda 28. apríl - 1. maí
eða meðan birgðir endast

Opinn dagur á Ásbrú 30. apríl 12.00-16.00

Frábær skemmtun og áhugaverðir viðburðir fyrir alla



FYRIR NÁMSMENN

Námsskyningar í Keili

- Flugakademían
- Háskólabrúin
- Heilsuskólinn
- Orku- og tækniskólinn
- Tromp: Nýsköpun, verkefna- og viðburðastjórnun

NÝTT

BS-nám í tæknifræði ásamt íbúð frá 63.000 kr. á mánuði. Komdu og kynntu þér málið.



Fyrirtæki á Ásbrú kynna starfsemi sína.



FYRIR FJÖLSKYLDUNA

Kynning á fjölskylduíbúðum, leikskólum, grunnskólum og þjónustu Reykjanesbæjar.



NÓI SÍRÍUS



FYRIR FJÖRKÁLFA

- Vélmeni keppa
- Metangrillaðir sykurpúðar
- Keiliskastarinn
- Áskorendakeppnir
- Rísaróbótar teikna
- Andlitsmálun og blöðrur
- Slökkviliðs- og lögreglubílar til sýnis
- Bjarni töframaður
- Reipitog við sterkasta manninn á Íslandi
- Súkkulaðimolar og töggukast frá Nóa Sírius
- Hreystibraut fyrir börnin
- Innileikjagarðurinn opin
- Leiktæki frá Sprell
- Pylulflug
- Pollapönk




FYRIR FRÓÐLEIKSFÚSA

Fyrir heilsuna

Ókeypis einkabjálfun, mælingar og örfyrirlestrar um næringu, heilsu, æfingakerfi og heilbrigðan líkama.

Fyrir eldhuga

- Skoðunarferð um frumkvöðlasetrið
- Örfyrirlestrar í boði Trompsins um verkefnastjórnun, markaðssetningu, markmiðasetningu, sköpunargleði, tjáningu og samskipti.



OG

MARGT

MARGT

FLEIRA

Nánari dagskrá á asbru.is

Keilir


Keilir er alhliða menntafyrirtæki sem leggur áherslu á nýsköpun og hefur verið frumkvöðull nokkurra námsgreina á Íslandi. Má þar nefna Háskólalabú, Heilsuskólann og Orku- og tækniskólann. Auk þess hefur Flugakademían verið leiðandi í flugnámi á Íslandi.



Keilir
Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs

Kadeco

Próunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf. leiðir þróun og umbreytingu á fyrrum varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli til borgaralegra nota. Félagið annast rekstur, umsjón og umsýslu eigna íslenska ríkisins á svæðinu.





Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýðug vegna andláts og útfarar elsku þabba míns, sonar okkar og bróður

Boga Eymundssonar
Vallarási 2, Reykjavík,

sem lést miðvikudaginn 30. mars síðastliðinn.

Eymundur Þór Bogason
Eymundur Lúthersson
Sigurjón Kristinn Bergsson
Katrín Eymundsdóttir
Eymundur L. Eymundsson
Lára Eymundsdóttir
Eydis Elva Eymundsdóttir,
frændsystkini og aðrir ástvinir.

Margrét Á. Halldórsdóttir
Hannes Trausti Skírnisson
Hörður Theódórsson



Innilegustu þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýðug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Ruth Agnete Tryggvason
Aðalstræti 24, Ísafirði.

Sérstakar þakkir fær Ísafjarðarbær, starfsfólk Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði, vinir hennar og nágrennar fyrir hlýtt og gott viðmót og umönnun. Karlakórnum Erni og öðru frábæru tónlistarfólki eru færðar þakkir fyrir fallegan söng og tónlistarflutning við útförina.

Tryggvi, Árni, María og fjölskyldur.



Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur vináttu, stuðning og hlýðug við andlát og útför eiginmanns míns, föður, fösturföður, tengdaföður, afa og langafa,

Jónasar Guðbergs Ragnarssonar
hafnsögumans, Aratúni 16, Garðabæ.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólkinu á líknardeild Landspítalans í Kópavogi fyrir einstaka umönnun og hlýju.

Marsibil Katrín Guðmundsdóttir
Ragnar Jónasson
Ólafur Jónasson
Guðmundur Einisson
Óðinn Einisson
Björk Einisdóttir
barna- og barnabarnabörn.

Sólveig Einarsdóttir
Valgerður Gísladóttir
Laufey E. Gunnarsdóttir
Valtýr E. Valtýsson



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Björn Jónsson
til heimilis að Hólavegi 32,
Sauðárkróki,

lést á heilbrigðisstofnun Sauðárkróks þriðjudaginn 26. apríl. Útför mun fara fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Guðrún Andrésdóttir
Unnur Guðný Björnsdóttir
Jóhanna S. Björnsdóttir
Jón Björnsdóttir
Rúnar Páll Björnsdóttir
Birna Guðbjörg Björnsdóttir
afabörn og langafabörn

Stefán Valdimarsson
Finnur Þór Friðriksson
Svanhildur Ólafsdóttir
Eyrún Þorvaldsdóttir
Björgvin Hauksson



Innilegar þakkir til allra þeirra er sýndu okkur hlýðug og samúð við andlát og útför okkar ástkæru,

Guðrúnar K. Karlsdóttur
Unufelli 48,

sem lést sunnudaginn 3. apríl sl. Sérstakar þakkir til starfsfólks á 3. hæð norður á Hjúkrunarheimilinu Eir.

Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.



Benedikt Benediktsson
kennari,
Þórðarsveig 6, Reykjavík,

er látinn. Útförin fer fram frá Langholtskirkju þriðjudaginn 10. maí kl. 13.00.

Systkini hins látna.



Maðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Gunnar Hafsteinn Bjarnason
verkfræðingur,
Látraströnd 3, Seltjarnarnesi,

lést á Sólvangi í Hafnarfirði þriðjudaginn 19. apríl. Útför fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 3. maí kl. 13.00.

Magnea Rósa Tómasdóttir
Sigríður Erla Gunnarsdóttir
Darri Gunnarsson
Ívar Karl, Ægíur Sindri, Óðinn Dagur, Iða Brá, Harpa Lind, Birta Hrund, Gunnar Dagur, Rósa Líf, Hilda Sól og Gottskálf Darri.

Áslaug María Gunnarsdóttir
Inga Gottskálfsdóttir



Ástkær móðir okkar,

Vilborg Björnsdóttir
áður til heimilis að Hjallavegi 1c,
Njarðvík,

andaðist á Dvalarheimilinu Hulduhlíð á Eskifirði, laugardaginn 23. apríl. Jarðarförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, mánudaginn 2. maí kl. 11.00.

Ragnar Zophaniasson
Birna Zophaniasdóttir
Örn Kristínsson
Helgi Grétar Kristinsson
Unnar Kristinsson
Ragnhildur Kristinsdóttir
Steinunn Kristinsdóttir
Eygló Kristinsdóttir



Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma, langamma og langlangamma

Þóra Guðmundsdóttir
frá Bíldsfelli í Grafningi,

til heimilis að Bogahlíð 26, Reykjavík, andaðist á Droplaugarstöðum föstudaginn 8. apríl síðastliðinn. Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Alúðarþakkir færum við starfsfólki á Droplaugarstöðum fyrir góða umönnun.

Fyrir hönd aðstandenda,
Ottó Tómas Ólafsson og Arnheiður Björnsdóttir.

tímamót

timamot@frettabladid.is

Teikningar og innsetning

Tvær sýningar verða opnaðar í Listasafni Reykjavíkur – Ásmundarsafni í dag klukkan 16. Önnur varpar ljósi á lítt þekkt en ríkulegt safn teikninga eftir Ásmund Sveinsson en hin er innsetning í kúlunni þar sem hulunni er svipt af tilraunum Louis Pasteur um sjálfsvikun lifs.

Önnur sýningin nefnist Frá hugmynd að höggmynd – Teikningar Ásmundar Sveinssonar. Þar verður veitt innsýn í ríkulegt safn teikninga sem myndhöggvarinn Ásmundur Sveinsson lét eftir sig. Sýningarstjóri er Eiríkur Þorláksson listfræðingur.

Hin sýningin nefnist Magnús Árnason – Homage og er innsetning Magnúsar Árnasonar í kúlu Ásmundarsafns þar sem er að finna endurgerð af tilraun Pasteurs, en þróunin verður áhorfendum sýnileg yfir sýningartímann. Með verkinu reynir listamaðurinn að enduruppgötva „sannleika“ og fagurfræðileg gildi vísindanna, sem hafa jafnvel fallið í gleymsku.

Á morgun klukkan 14 munu Magnús Árnason og dr. Guðmundur Eggertsson líffræðingur ræða um innsetninguna í kúlu Ásmundarsafns.

Heimur í myndum

Nemar í ritlist og myndlist við Háskóla Íslands verða gestir í stofunni á Gljúfasteini á morgun, 1. maí. Þar kynna þeir samstarf sitt og lesa upp úr myndskreyttum sögum klukkan 16.

Birna Dís Eiðsdóttir, Freyja Eilíf Logadóttir og Sigmundur Breiðfjörð Þorgeirsson kynna verk um vélmennið M.C. Tungla sem flakkar um fortíðina. Esther Ýr Þorvaldsdóttir, Bergrún Íris Sævarsdóttir og Orri Snær Karlsson lesa og sýna verk um froskastrákinn Davíð sem leitar að fjársjóði ættföður síns. Hanna Aniela Frelek og Kristján Már Gunnarsson sýna myndskreytta bók



TJÁNING Mynd úr verki eftir Hlín Ólafsdóttur og Ívar Marrow.

með svarthvítum teikningum við stutt nútímaævintýri og Hlín Ólafsdóttir og Ívar Marrow leika sér með samspil texta og mynda.



Sonur minn og bróðir okkar

Hallgrímur Halldórsson
frá Melum í Svarfaðardal,

er látinn. Útför hans fer fram frá Glerárkirkju mánudaginn 2. maí kl. 13.30.

Birna Friðriksdóttir og systkini hins látna.



Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýðug við andlát og útför eiginmanns, föður, tengdaföður og afa

Péturs Guðmundssonar
Suðurlandsbraut 58,

sem lést 5. apríl. Þökkum einnig öllum þeim sem önnuðust hann í veikindum hans.

Steinunn H. Ólafsdóttir
Margrét Pétursdóttir
Sverrir Pétursson
Guðmundur Þór Pétursson
Ómar Þór Árnason
Friðgerður Baldvinsdóttir
Harpa Guðmundsdóttir
og barnabörn

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglýsingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.

GL GRANÍT OG LEGSTEINAR

Frí áletrun
Fallegir legsteinar
á einstöku verði



Gjótuhrauni 8, 220 Hafnarfirði Sími 571 0400 granit@granit.is

Nördar stjórna heiminum

Fjögur spennandi störf hjá stærsta (og langskemmtilegasta) UT-fyrirtæki landsins

Sérfræðingur í Microsoft rekstri

Skýrr leitar að Microsoft-sérfræðingi til að hafa umsjón með rekstri netþjóna í hýsingarumhverfi EJS, sem er hluti af Skýrr. Viðkomandi þarf að geta unnið jafnt sjálfstætt sem í liðsheild. Í starfinu felast mikil samskipti og samvinna við aðrar deildir Skýrr, sem og við viðskiptavini.

Hæfniskröfur

- Mjög góð þekking á Microsoft-stýrikerfum
- 3-5 ára reynsla af rekstri, hönnun og uppsetningu tölvukerfa
- Microsoft-vottanir, t.d. MCSE eða MCITP Server Administrator, MCITP Enterprise Administrator
- Þekking á MS Exchange, Windows 2008 R2, Terminal Server, MS Lync, MS SharePoint 2010, Powershell, MS SQL, IIS og Citrix Xenapp er kostur

Sérfræðingur í Microsoft Dynamics NAV

Skýrr leitar að reyndum hugbúnaðarsérfræðingi með þekkingu á viðskiptalausráðgjafi Microsoft Dynamics NAV. Viðkomandi mun starfa við forritun, innleiðingar, uppfærslur, ráðgjöf og þjónustu við viðskiptavini. Einnig mun viðkomandi taka virkan þátt í þróun sérlausna.

Hæfniskröfur

- Reynsla í Microsoft Dynamics NAV (tengdar prófgráður kostur)
- Háskólagráða í tölvunar- eða verkfræði nauðsynleg
- Mikill áhugi á upplýsingatækni og viðskiptalausráðgjafi
- Fagmennska og frumkvæði í vinnubrögðum
- Mikil þjónustulund og samskiptafærni

Sölusérfræðingur: Miðlægur lausnir

Skýrr leitar að öflugum sölusérfræðingi til að sinna sölu á miðlægum lausnum frá heimsþekktum framleiðendum eins og EMC, DELL, APC og Cisco. Starfið felst í söluráðgjöf, samningagerð og samskiptum við viðskiptavini og birgja. Viðkomandi er hluti af teymi sem hefur það hlutverk að nálgast nýja viðskiptavini og styðja við aðra sölustarfsemi í félaginu. Yfirgripsmikillar þekkingar og reynsla er krafist, ásamt brennandi áhuga á upplýsingatækni.

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun og/eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af sölu og/eða þjónustu á miðlægum lausnum
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Skipulagshæfni, frumkvæði og mikil þjónustulund

Söluráðgjafi: Viðskiptaumsjón

Skýrr leitar að öflugum söluráðgjafa með haldgóða tæknipekkingu, góða framkomu, mikla samskiptahæfileika og metnað fyrir hönd fyrirtækisins. Söluráðgjafinn ber ábyrgð á að selja lausnir félagsins til ákveðinna viðskiptavina ásamt öflun nýrra viðskiptatækifæra. Hann þarf að hafa menntun sem nýtist í starfi og reynslu af beinni sölu á sviði upplýsingatækni eða tengdri starfsemi.

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun og/eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af sölustörfum
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Skipulagshæfni, frumkvæði og mikil þjónustulund

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar um þessi fjögur störf veitir María Ammendrup í 569 5100 eða maria.ammendrup@skýrr.is. Umsóknarfrestur er til og með 9. maí næstkomandi. Sendið umsóknir gegnum skýrr.is. Fullum trúnaði heitið. Öllum umsóknum er svarað.



Skýrr: Stórt og næs

Skýrr er stærsta og skemmtilegasta fyrirtæki landsins í upplýsingatækni. Skýrr er jafnframt níunda stærsta UT-fyrirtæki Norðurlanda með tæplega 1.100 starfsmenn, þar af 600 á Íslandi.

Viðskiptavinir skipta tugbúsundum. Skýrr er vottað samkvæmt alþjóðlegu gæða- og öryggisstöðlunum ISO 9001 og 27001.

Fyrirtækið býður atvinnulífni og einstaklingum heildarlausnir á sviði hugbúnaðar, vélbúnaðar og rekstrarþjónustu.

Skýrr er jafnréttissinnað, fjölskylduvænt og hlúir vel að starfsfólki. Sveigjanlegur vinnutími, góð laun og frábær vinnuaðstaða í boði. Kaffið er magnað og maturinn fyrsta flokks. Félagslífið er kraftmikið og uppákomur tíðar. Gildi Skýrr eru ástríða, snerpa og hæfni. Það er töff að vera nörd.

569 5100
skýrr@skýrr.is

SKÝRR
Velkomin



WWW.PBSKIDS.ORG Á heimasíðunni er fjöldi skemmtilegra tölvuleikja og þar er líka hægt að lita myndir eða teikna sínar eigin myndir og lita með vatnslitum, úðbrúsum, penslum eða tússlitum.

KONRÁÐ OG LISALOPPA fara í ferðalag

eftir Braga Halldórasón **17**

Prátt fyrir að Lisaloppa og Konráð væru nú komin með nýtt kort af heimkynnum Róberts var samt ekki auðvelt að rata.

„Þessi fjöll líta öll eins út“ kvartaði Konráð. „Sjáðu bara Lisaloppa, getur þú séð muninn á þessum stað og hinum staðnum?“

Getið þið fundið fimm atriði sem eru ekki eins á þessum tveimur myndum?

BRANDARAKISTAN

Jói og Sigga voru að rífast við matarborðið. „Þú ert svo vitlaus,“ sagði Sigga við Jóa. „Nú er nóg komið,“ sagði pabbi þeirra við Siggu. „Segðu Jóa að þér þyki þetta leitt.“ „Mér þykir leitt hvað þú ert vitlaus,“ sagði Sigga.

Hver er munurinn á því að borða hnetusmjör og fíll? Fíll festist ekki við góminn.

Nemandi: Kennari, myndirðu skamma einhvern fyrir eitt-hvað sem hann hefur ekki gert? Kennarinn: Nei auðvitað ekki. Nemandinn: Úff, eins gott, því ég gerði ekki heimaverkefnið mitt.

Af hverju lakkaði fillinn táneglurnar á sér rauðar? Til að geta falið sig í jarðarberjarunna.

Þú getur sent brandara til krakkar@frettabladid.is

ERUM SAMRÝNDIR OG MIKLIR PRAKKARAR

Hreimur Örn Heimisson flýgur ásamt félögum í Vinum Sjonna til Þýskalands á morgun, en forkeppnin í Eurovision fer fram 10. maí. Hreimur segir þá félagar þurfa að borða mikið í morgunmat fyrir æfingar á Eurovision-lagi Íslendinga í ár, Aftur heim, eftir Sigurjón Brink heitinn.

Hlakkarðu til að fara út? Ætlið þið að sitja saman í flugvélinni? „Já, ég hlakka mikið til að fara út. Þetta verður heljarinnar ævintýri fyrir okkur. Og það er algert skilyrði að við sitjum saman í flugvélinni. Við erum svo samrýndir og miklir prakkarar að við verðum að geta setið saman og hlegið saman.“

Hvernig ætlið þið að fara að því að vera hressir alla ferðina? „Til að halda orku allan tímann verðum við til dæmis að passa upp á mataræðið. Við þurfum að borða vel á morgnana, borða hollan morgunmat og nóg af honum því líklegt er að við munum ekki geta borðað reglulega út af æfingum yfir daginn. Svo þurfum við að passa okkur á að borða ekki þunga máltíð á kvöldin svo við séum ferskir. Einnig er mikilvægt að sofa vel þannig að ef við finnum tíma yfir daginn reynum við að leggja okkur.“

Hver er fyndnastur í Vinum Sjonna? „Það er rosalega erfitt að gera upp á milli Pálma (Sigurhjártarsonar) og Matta (Matthíasar Matthíassonar). Þeir eru svo ruglaðir að það er hægt að hlæja endalaust.“

Hver á flottustu fötin í Vinum Sjonna? „Benni (Benedikt Brynleifsson) er módelið. Við hinir getum ekki keppt við hann.“

„Það er rosalega erfitt að gera upp á milli Pálma og Matta. Þeir eru svo ruglaðir að það er hægt að hlæja endalaust.“

Með hverjum verðurðu í herbergi á hótelinu? „Ef ég verð ekki einn í herbergi verð ég líklegast með Vigni. Við höfum þekkt mjög lengi og erum miklir félagar.“

Áttu eftirlætis Eurovision-lag? „Já, eitt lag kveikir alltaf í mér. Wild Dances með Ruslónu.“

Hvað heldurðu að sé vinsælasta lagið sem þú hefur sungið? „Lífið er yndislegt.“

Hvenær byrjaðirðu að spila á gítar og syngja? „Sumarið 1994, þegar ég var sextán ára.“

Þú ert golfari – ætlarðu að spila golf í Þýskalandi?

„Já, við fáum frídag á þriðjudaginn og það er golfvöllur í Düsseldorf sem verður opinn sérstaklega fyrir okkur snemma um morguninn.“

Hvert er besta Eurovision-snakk í heimi? „Popp og kók. Og maður verður að leyfa sér smá á þessu kvöldi. Jafnvel setja nýja poppsaltið yfir það.“



SPURNINGALEIKUR

1. Það eru sjö leikmenn í liði í Quidditch.
2. Foreldrar Harrys hétu Lily og James Potter.
3. Húsin í Hogwarts heita Slytherin, Hufflepuff, Ravenclaw og Gryffindor.
4. Sirius Black er guðfaðir Harrys.
5. Hann var ellettu ára.
6. Professor McGonagall getur breytt sér í kött.
7. Rottan hans Rons, Scabbers, er í rauninni Peter Pettigrew í dulargerli.
8. Azkaban er fangelsi fyrir galdramenn.
9. Uglan hans Harrys heitir Hedwig.
10. Húsdraugurinn í Ravenclaw er Crúin.

GERÐUBERG Menningarmiðstöð **2011**

IS (not) | (EI) land
Laugardaginn 30. apríl kl. 14
Sindri Freysson og Hermann Stefánsson bjóða gestum til sýningarspjalls.

Klassík í hádeginu Ókeypis aðgangur!
Vorur Mozart og Beethoven vinir?
Sunnudaginn 1. maí kl. 13.15
Þóra Einarsdóttir og Nína Margrét Grímsdóttir flytja verk meistaranna.

1. maí Tónleikar

Þorablót – Aðalheiður S. Eysteinsdóttir sýnir skúlptúra og lágmyndir.

Menningarmiðstöðin Gerðuberg | Gerðubergi 3-5 | 111 Reykjavík
Sími 575 7700 | gerduberg@reykjavik.is | www.gerduberg.is

HÁGÆÐA HJÓL Á FRÁBÆRU VERÐI

**VAXTALAUST
LÁN Í 4
MÁNUÐI!**

www.crosscycle.com
CROSS
GÆÐA MERKI Í HJÓLUM!

CROSS hjólin eru nútímaleg hönnun og framleidd í Evrópu undir ströngu gæðaeftirliti

- Tvöfaldar álgjarðir
- Kenda gæðadekk
- Bremsur með vatnsraufum
- Álstell með innbrenndum lit



CROSS 20" ROCKY

// Gírar: 6 gíra Shimano // Bremsur: Promax V-TX115C //
// Aukahlutir: Innbrenndur litur, giltaugu að framan og aftan, Kenda dekk //

29.999kr



CROSS 26" T-REX

// Gírar: 21 gíra Shimano // Bremsur: PROMAX diskabremsur að aftan og framan // Stell: 6061 álstell með dempara // Gaffall: Downhill gaffall með dempara // Aukahlutir: 36 teina twinwall léttmálmsfelgur, Kenda dekk //

79.999kr



CROSS 26" TONUS

// Gírar: 18 gíra Shimano // Bremsur: Promax V-TX115C // Gaffall: Stál // Aukahlutir: Stál stell, giltaugu að framan og aftan og í gjörðum, standari //

39.999kr



CROSS 24" ROCKY/ALISSA

// Gírar: 18 gíra Shimano // Bremsur: Promax V-TX115C // Aukahlutir: Innbrenndur litur, giltaugu að framan og aftan, Kenda dekk //

34.999kr

**VAXTALAUST
LÁN Í 4
MÁNUÐI!**



CROSS 28" ARROW

// Gírar: 21 gíra Shimano TX31 Gripshift // Bremsur: Promax Alloy V-TX115C // Gaffall: HL CL-T130 með dempara // Aukahlutir: Ál stell, böglaberi, bretti að aftan og framan, keðjuhlíf, rafdrifin lukt að aftan og framan, standari, dempari í sætisstöng, stillanlegt stýri, bjalla //

59.999kr



CROSS 28" ARRINA

// Gírar: 21 gíra Shimano TX31 Gripshift // Bremsur: Promax Alloy V-TX115C // Gaffall: HL CL-T130 með dempara // Aukahlutir: Ál stell, böglaberi, bretti að aftan og framan, keðjuhlíf, rafdrifin lukt að aftan og framan, standari, dempari í sætisstöng, stillanlegt stýri, bjalla //

59.999kr

RALEIGH
250.000.000 REIÐHJÓL SELD!

RALEIGH hjólin hafa verið framleidd frá 1887 og í dag er Raleigh stærsta reiðhjólafyrirtæki í heimi.

- Tvöfaldar álgjarðir
- Kenda gæðadekk
- Bremsur með vatnsraufum



RALEIGH 26" SAHARA

// Gírar: 21 gíra Shimano gripshift // Bremsur: Promax V-Brake TX115C // Gaffall: HL-CH 327 gaffall með dempara // Aukahlutir: Stell með dempara, gular X-POSE gjarðir, svartir teinar, Kenda dekk, giltaugu að framan, aftan, í pedölum og gjörðum, standari //

44.999kr



RALEIGH 26" PARADOX

// Gírar: 21 gíra Shimano TX51/RS35-7 // Bremsur: Promax diskabremsur að framan, V-brake að aftan // Gaffall: HL CH580AMS gaffall með 60mm dempara // Aukahlutir: Álstell, Twinwall léttmálmsfelgur, standari, svartir teinar með brass festingum //

59.999kr

**VAXTALAUST
LÁN Í 4
MÁNUÐI!**



RALEIGH 26" AVENUE

// Gírar: 7 gíra Shimano TX30/RS31-7 // Bremsur: Promax Alloy V-TX115C // Aukahlutir: Stál stell, keðjuhlíf, böglaberi, bretti að aftan og að framan, rafdrifið ljós að framan, 36 teina X-PERT double wall gjarðir, Kenda dekk, bjalla //

49.999kr

Frábær viðgerða- og varahlutaþjónusta hjá viðurkenndum fagaðila, VDO verkstæði Borgartúni 36. Einnig fylgir frí yfirferð og ástandsskoðun á reiðhjólum einu sinni innan árs frá kaupum.

24 HAGKAUP
HAGKAUP
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

krossgáta

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. strit, 6. tveir eins, 8. ílát, 9. starfsgrein, 11. fingerð líkamshár, 12. frárennsli, 14. fyrirmynd, 16. skóli, 17. eyrir, 18. hættu, 20. eldsneyti, 21. faðmlag.

LÓÐRÉTT

1. hljóta arf, 3. frá, 4. málmur, 5. arinn, 7. rafstraumur, 10. æxlunarkorn, 13. svif, 15. fullnægja, 16. dá, 19. nudd.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. bak, 6. r, 8. fat, 9. fag, 11. í, 12. aftur, 14. mott, 16. ma, 17. aur, 18. ógn, 20. mó, 21. knús.
LÓÐRÉTT: 1. erfa, 3. af, 4. kalsíum, 5. stó, 7. rafmagn, 10. gró, 13. áta, 15. fróa, 16. mók, 19. nú.

Viltu skjól á veröndina?

Eigum við ekki að hætta þessari þrjósku.



www.markisur.com • www.markisur.is
Veðrið verður ekkert vandamál



Hrein Fjárfesting ehf

REX Dalbraut 3, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar

ÞING UM MÁLEFNI LÍFEYRISJÓÐA

Á Grand Hótel
laugardaginn 7. maí 2011

Framtíð lífeyrissjóða - Standast loforðin?

Flutt verða fjögur erindi frá kl. 10:00 til 12:00: um kosti og galla kerfisins og hvort blikur séu á lofti um að kerfið muni ekki ganga upp.

Eftir erindin verður boðið upp á léttan hádegisverð.

Pallborðsumræður hefjast eftir hádegisverð og standa í einn til tvo tíma.

Fundarstjóri:

Sigurjón M. Egilsson

Fyrirlesarar:

1. Einar Beinteinn Árnason
 - Sjálfbærni lífeyriskerfisins og uppgjörsaðferðir.
2. Ólafur Ísleifsson
 - Fjallar um stöðu sjóðanna í gegnum áföll og uppsveiflur.
3. Lilja Mósesdóttir
 - Fjallar um sína sýn á velferðar og lífeyriskerfi.
4. Marinó Örn Tryggvason
 - Þarf að breyta réttindakerfi lífeyrissjóðanna?

Milli 17:00 og 19:00 verður boðið upp á léttar veitingar í húsakynnum VM að Stórhöfða 25. (4. hæð.)

Skráning á vm@vm.is og í síma 575 9800

FÉLAG VÉLSTJÓRA OG MÁLMTÆKNIMANNA
Stórhöfða 25 - 110 Reykjavík - 575 9800 - www.vm.is

- okkur er annst um þinn hag

Hið misskilda miskunnarverk

BAKÞANKAR Davíðs Þórs Jónssonar

Ein hver misskildasta frásögn Gamla Testamentisins er sagan af því þegar Guð platar Abraham til að halda að hann eigi að fórna Ísak syni sínum. Enda engin furða. Við fyrstu sýn virðist sagan draga upp mynd af andstyggilegum Guði sem þínir fólk og lætur það halda að hann geri ómanneskjulegar kröfur til þess. En slíkur skilningur byggir á algerrri vanþekkingu á sögulegum bakgrunni frásagnarinnar og því samfélagi sem hún gerist í.

TRÚ Abrahams var ekki eingyðistrú í nútímamerkingu heldur sk. „mónólatría“. Þá er átt við að tilvist annarra guða var ekki hafnað sem slíkri, heldur beindist átrúnaðurinn og tilbeiðslan alfaríð að einum tilteknum guði. Í tilfalli Abrahams var það sennilega kanverski háguðinn El. Hann var meðal annars tilbeiddinn með frumburðaförnum. Þær voru alsíða í trúarbrögðum frjósama hálfmáans á öðru árbúsundinu fyrir okkar tímatal og héldust víða við lýði langt fram á það fyrsta. Í Spádómsbók Jeremía 7.30-31 gagnrýnir spámaðurinn villtrú konungsins og segir hann hafa reist Tófet-fórnhæðir í Hinnómssonadal, sem í Nýja testamentinu er kallaður Gehenna. Tófet var fórnarstaður þar sem börnum var fórnað í

eldi eins meðal annars tíðkaðist í Föníkíu. Kröfu Guðs um að Abraham fórnaði Ísak er því óþarfi að skilja öðruvísi en sem frásagnarhátt fornaldar af því að viðtekin trúaríðkun Abrahams hafi krafist frumburðafórnar af honum.

EN það er þá sem undrið gerist. Guð ættfeðranna afþakkar fórnina. Fram kemur guðsmynd sem hafnar mannförnum. Sagan er allegoría af þeim merku tímamótum í þróun trúarbragða gyðinga þegar frumburðafórnhæðir voru aflagðar, sennilega um 1800 f.Kr. eða um 500 árum fyrir brottförina úr Egyptalandi og um 800 árum fyrir stofnun konungdæmisins í Jerúsalem. Þetta skref stígu flestar grannþjóðir Ísraelsmanna ekki fyrr en mörgum öldum síðar, sumar ekki fyrr en árbúsundum síðar.

FRÁSÖGNIN er því í raun skáldleg útfærsla á afar blessunarríkum atburði í mannkynssögunni. Hún er á ákveðinn hátt fæðingarfrásögn hins miskunnssama Guðs. Hún segir söguna af því, skv. bókmenntalegum frásagnarreglum ritunartíma síns, þegar menn vakna til skilnings á Guði sem hefur þóknun á miskunnsemi en ekki sláturförnum og á guðsþekkingu fremur en brenniförnum (sbr. Hós 6.6), Guði sem setur síðferðið ofar ritúalínu, hve erfitt sem menn hafa síðan átt með að skilja það sl. 4.000 ár.




myndasögur

Pondus

PONDUS KYNNIR:

Húðflúr úr 2. deildinni í Englandi

... sem menn kannski sjá eftir í dag!




NÆST:

Tannlausir leikmenn í utandeildinni rekja ættir sínar!

Eftir Frode Øverli

Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið



Eftir Tony Lopes

Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

LEITUM AÐ EINBÝLISHÚSI, PARHÚSI EÐA RAÐHÚSI

Erum með ákveðinn kaupanda að einbýlishúsi, parhúsi eða raðhúsi í póstnúmerum 201, 203 eða 210. Æskileg stærð 180-220 fm. Góðar greiðslur í boði.

Upplýsingar veita
Magnús Einarsson lgf.
gsm: 897-8266 /
magnus@landmark.is og
Sveinn Eyland sölufulltrúi
gsm: 6900-820



LANDMARK

FASTEIGNASALA

www.landmark.is - sími: 512 4900 - Bolholti 4

Fasteignasali

Óskast í samstarf við rótgróna
fasteignasölu.
Uppl. í síma 691-9351



Gamli glugginn úr,
nýi glugginn í
...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum,
ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Súðarvogur 5 • Sími 566-6630 • gluggagerdin@gluggagerdin.is



KRAFTLIND ehf
sími 866 3533

Vörubílar og vinnuvélar, öll almenn jarðvinna,
trailerakstur og gröfuvinna

Óskum eftir
hjólum á skrá
og á staðinn!
hjól.is
bestir í hjólum...
577 4565



FASTEIGNIR • FYRIRTÆKI • SJÁVARÓTVEGUR

Hesthús fyrir vandláta



Til sölu er stórglæsilegt 20 hesta hús í Fjárborg við Almannaadal. Allt nýtt, hátt til lofts og vítt til veggja. Við breiðan fóðurgang eru 8 einhesta stíur þar af 4 fyrir graðhesta og 6 tveggjahesta stíur. Allar innréttingar sérlega vandaðar. Við húsið eru 3 stór sérgerði, upphitaðar stéttar, einkaheimreið og 20ft geymslugámur. Fyrir utan pláss fyrir hesta á jarðhæð er rúmgóð hnakkageymsla, andyri, hlaða, wc og fataskiptaherbergi. Á efri hæð er 45 fm kaffi og setustofa ásamt hreinlætisaðstöðu. Aðeins eru um 200 m í nýjan löglegan keppnisvöll á sama stað og reiðhöll er á samþykktu skipulagi. Á sama svæði eru 2 40x20 metra tamningagerði ásamt hringgerðum. Reiðleiðir eru frábærar til allra átta mitt í ósnortinni náttúru. **Sjón er sögu ríkari. Verð 39 millj.** Upplýsingar veitir Jóhann í 863-6323 eða johann@vidskiptahusid.is

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í
Skaftahlíð 24 alla virka daga
frá kl. 9-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið



**FASTEIGNA-
MARKAÐURINN**

ÓÐINSGÖTU 4

SÍMI 570 4500, OPÍÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali.
Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Gulaping - Kópavogi

Einbýlishús með glæsilegu útsýni yfir Elliðavatn

Nýtt og glæsilegt 357 fm einbýlishús á tveimur hæðum, hannað af Baldri Ó. Svavarssyni arkitekt. Eignin er innréttuð á vandaðan og smekklegan hátt og skiptist m.a. í stórt eldhús, stofu með arinstæði, borðstofu, 48 fm. hjónaherbergissvítu með fataherbergi og baði, tvö svefnherbergi, skrifstofu, sjónvarpsherbergi og tvö baðherbergi. Sérsmíðaðar innréttingar og sérhönnuð lýsing. Vandaðar flisar og parket á gólfum. Gólfhitakerfi er á öllu húsinu. Tvennar svalir, útsýnissvalir í austur yfir Elliðavatn og stórar suðvestursvalir frá eldhúsi, stofu og baðherbergi. Húsið verður afhent í núverandi ástandi, fullbúið að innan, en ófrágangið að utan. Möguleiki er þó að fá eignina afhenta fullbúna að innan sem utan.



GARÐATORGI 7
210 GARÐABÆ
Sími : 545-0800
gardatorg@gardatorg.is
www.gardatorg.is

Þóroddur S. Skaptason löggiltur fasteignasali

Sunnubraut 6 Kópavogi

**Opið hús sunnudaginn 1. maí
milli kl. 16.00-18.00**



OPÍÐ HÚS



Til sölu eitt af vinsælustu húsunum við sjávarsíðuna í Kópavogi. Húsið er arkitektahannað, með stórum gluggaflötum með sjávar útsýni til suðurs. Húsið er einfalt og nýtiskulegt og hannað þannig að öll íverurými fljóta saman (opið plan). Húsið er samtals 219 m², þar af 25,6 m² bílskúr.

Upplýsingar veitir Sigurður sími 8983708

HUGUR / AX

HugurAx óskar eftir að ráða forritara til starfa

Starfssvið

Forritun í sérsmíðuðum lausnum fyrir metnaðarfulla viðskiptavini.
Vinna með öflugri heild forritara og verkefnastjóra.

Menntunar- og hæfniskröfur

Brennandi áhugi á að kynna sér nýjungar og takast á við krefjandi verkefni.
Háskólamenntun í tölvunarfræði, verkfræði eða sambærileg menntun.
Reynsla af JAVA eða .NET forritun æskileg. Þekking af gagnagrunnsforritun æskileg.

Hvað þarf til að ná árangri í starfinu?

Fagleg vinnubrögð, frumkvæði og samvirkusemi.
Dugnað og hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í hópi. Lipurð í mannlegum samskiptum.

Umsóknarfrestur er til og með 15. apríl nk..

Umsóknir skal senda á atvinna@hugurax.is og merkja SL-svið.
Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

HugurAx | Guðriðarstíg 2-4 | 113 Reykjavík | Sími 545 1000 | www.hugurax.is



HIN ÍSLENSKU ÞÝÐINGAVERÐLAUN verða veitt á Gljúfrasteini í dag klukkan 14. Tilnefnd eru þau Atli Magnússon fyrir Silas Marner eftir George Eliot, Erlingur E. Halldórsson fyrir Gleðileikinn guðdómlega eftir Dante Alighieri, Njörður P. Njarðvík fyrir Vetrarbraut eftir Kjell Espmark, Óskar Árni Óskarsson fyrir Kaffihús tregans eftir Carson McCullers og Þórarinn Eldljárn fyrir Lé konung eftir William Shakespeare.

Innsetning úr gjörningi

Verkið General Factors, eftir Darra Lorenzen opnar í Listasafni Íslands í dag klukkan 15. Það er unnið sérstaklega fyrir sýninguna Hljóðheima sem nú stendur yfir í safninu. Innsetningin varð til með gjörningi sem haldinn var í gær þar sem fimleikastjórnur, ljósmyndarar og gestir sköpuðu andrúmsloft sem listamaðurinn fangaði.

TJARNARBIÓ

30

Janis Joplin

STUND MEÐ BRYNÐSI ÁSMUNDS

FRAMUNDAN Í MAÍ:

05 **Bjartmar og Berg-risarnir**

07 **Óperudraugurinn**

14 **Vocal Project** KÓR TONLEIKAR

28 **Rebbasaga** FRÖNSK BARNASÝNING

NÁNAR Á WWW.TJARNARBIO.IS

Miðsalan er opin virka daga frá kl. 13-15
Sími: 527 2100
www.tjarnarbio.is

TJARNARBIÓ
Tjarnargötu 12 - 101 Reykjavík

Listin og heita vatnið

Myndlist ★★★★★

Koddu, samsýning

Nýlistasafnið, Hugmyndahús háskólanna

Stendur til 15. maí. Nýlistasafnið er opið þri.- sun. frá kl. 12-17.

Koddu er sýning á verkum rúmlega fjörutíu listamanna. Sýningarstjórnar eru þau Ásmundur Ásmundsson myndlistarmaður, Hannes Lárusson myndlistarmaður og Tinna Grétarsdóttir mannfræðingur. Ágæt bók með upplýsandi og skemmtilegum texta fylgir sýningunni og treystir bakland hennar.

Markmiðið er að skoða og rannsaka hvaða áhrif nýfrjálslyggja og hugsunarháttur góðæris höfðu á viðhorf til íslenskrar menningar og birtist þessi rannsókn á margvíslegan hátt í verkunum sem hér má sjá. Listamenn velja fyrir sér þjóðernisímyndinni og sérstöðu hennar, hvaða orð eru notuð til þess að lýsa einhverju séríslensku, hvernig myndmálið birtist o.fl. Sérstaklega er gagnrýnd sú afstaða að kynna íslenska listamenn sem náttúrubörn og sköpun þeirra sem hreinan frumkraft líkt og um heitt vatn úr iðrum jarðar sé að ræða eins og oft er gert. Slíkt viðhorf veitir listamönnum lítið rými til listiðkunar sem felur í sér aðra möguleika.

Eftir allt argaþrasið sem eitt verkanna á sýningunni hefur

